


# Ævisaga William Marrion Branham



1. Hefti

Uppvöxtur í örbirgð  
1909 – 1932

Höfundur: Owen Jorgensen

Þýðandi: Birna Einarsdóttir

## Formáli höfundar

Þegar ég hóf að skrifa þetta verk, þá varð fyrst fyrir mér sú spurning: Hvernig ætti ég að nálgast efnið sem er einstakt í sinni röð og á sér fáar fyrirmyndir? Það er svo margt í ævisögu William Branham sem er fyrir ofan mannlegan skilning, að erfitt er að gera því skil í bók. Sú leið sem ég valdi hefur bæði kosti og galla og mig langar að deila þessu með ykkur í upphafi.

Hver ævisöguritari verður að taka vissar ákvarðanir áður en hann byrjar að skrifa. Hvort á hann að raða bókinni upp samkvæmt efnissviðum eða tímaröð? Hvaða lesendahóps á hann að höfða til? Hve þungt ætti málið að vera? Hvaða atburði á að rekja og hvaða smáatriði ætti að tína til? Hve viðamikil á bókina að vera? Hvenær á að útskýra og útlista og hvenær að greina frá án athugasemda? Og það er fleira að athuga en ég hef hér talið upp.

Ég ákvað að rekja atburðina í tímaröð, skref fyrir skref, þar sem mér fannst það veita besta innsýn í líf William Branham. Margir ævisöguritarar eru sífellt að koma með innskot inn í textann til að greina og útskýra þýðingu sérhvers atburðar fyrir framtíð söguhetjunnar. Ég ákvað að gera þetta ekki og læt merkingu hvers atviks vera leyndan dóm, þar til þýðing þess lýkst upp fyrir William Branham sjálfum. Þetta gefur lesandanum tækifæri til að fylgjast með lífi hans, eins og hann upplifði það, að skilja persónuleikapróun hans og skynja baráttu hans við að túlka sitt einstaka líf.

Nokkur stutt æviágrip hafa þegar verið rituð um William Branham. Þess vegna vildi ég að þessi ævisaga yrði lengri og nákvæmari. Hún mátti ekki verða þunglamaleg, þannig að ég einbeitti mér að hinu leikræna í frásögunni, sem einnig er full af yfirnáttúrulegum undrunarefnum og ég hafði eins fáar útlistanir og mögulegt var. Útkoman er saga, sem er mjög skemmtileg aflestrar. Hvort sem þú ert háskólaprófessor eða sjöundabekkingur, þá trúi ég því að þú flettir blaðsíðunum af löngun eftir að lesa lengra.

En styrkur sögunnar hefur sína vankanta. Hún flæðir áfram eins og spennusaga og það gæti hugsanlega valdið því að sumir lesendanna freistuðust til að varpa henni frá sér eins og um uppspuna væri að ræða. En það væru mistök. Hver einasti atburður sem lýst er, átti sér raunverulega stað. Fjöldi frásagna eru skráðar niður af mörgum heimildamönnum og studdar fjölda sjónarvotta. Í heimildaleit minni greip ég til dagblaða og tímaritsgreina, bóka, mynda, kvikmynda og frásagna fólks sem þekkti William Branham persónulega og voru sjónarvottar að sumum af þeim yfirnáttúrulegu atburðum sem lýst er í þessari ævisögu.

Samt sem áður fékk ég langflestar af upplýsingum mínum frá William Branham sjálfum. Í þau níttján ár sem þjónusta hans stóð yfir, voru fleiri en 1100 af ræðum hans teknar upp á hljóðsnældur. Í flestum þessara prédikana greinir hann frá undursamlegum upplifunum sínum. Oft talar hann um hluti sem höfðu gerst skömmu áður. Hann lýsir þeim í smáatriðum, þar með talin samtöl hans við aðra. Oft segir William Branham meira að segja frá því hvað hann var að hugsa, meðan á þessum upplifunum stóð. Þegar svo mikið er til af slíku efni, sem bæði er nákvæmt og mjög persónulegt, hlýtur það að uppfylla sérhverja draumakröfu ævisöguritarans, enda gerði það mér kleift að skrifa þessa bók í þeim stíl sem hún er rituð. Mér fannst það fremur vera styrkur frásögunnar að hún er ekki rituð á mjög fræðilegu máli. Takmark mitt er að ná til þín þannig að þú haldir áfram lestrinum þar til þú hefur kynnst einum þekktasta manni okkar tíma og einum af merkustu mönnum þessarar aldar.

Owen Jorgensen, 1994

### Formáli þýðanda

Í febrúar síðastliðnum varð ég þeirrar blessunar aðnjótandi að hitta persónulega höfund þessarar bókar og eignast hana til aflestrar. Í stuttu máli sagt þá heillaðist ég bæði af bók og höfundi, sem og lífi William Branham. Ég trúi því að fáir, ef engir trúboðar og prédikarar hafi verið eins blessaðir af Guði og William Branham. Í stuttu máli er ég sannfærð um að hann var spámaður Guðs, sendur af Drottni á þessum síðustu tímum til að opinbera þá hluti sem koma eiga og flytja orð Guðs skýrt og skörinort.

Því var það að ég ákvað að þýða þessa bók, til þess að þeir sem ekki lesa ensku gætu einnig fengið að njóta hennar. Mín bæn er sú að hún megi verða blessun fyrir þig og kynna þig fyrir einum merkasta prédikara þessarar aldar og mín bæn er einnig sú að hún megi kynna þig, sem ekki þekkir hann, fyrir Drottni vorum og frelsara Jesú Kristi og hinum Heilaga Anda sem hann sendi til að vera með okkur og í okkur allt til enda veraldarinnar.

Mín reynsla og reynsla fjölda annara af þessar yndislegu bók er sú að ekki er hægt að leggja hana frá sér fyrr en að loknum lestri. Megi það einnig verða þín reynsla.

Birna Einarsdóttir, maí 1999

## **Tileinkun höfundar**

Einhversstaðar í veröldinni er einlægur unglingur  
að leita eftir svörum við spurningum eins og:  
Er Guð raunverulega til?  
Ef svo er, hver er hann þá, hvar er hann  
og hefur Guð áhuga á mínu lífi?

Þessi bók er tileinkuð þér ungi leitandi,  
því þannig var ég eitt sinn sjálfur.

# Kafli 1

## Yfirnáttúrulegt fæðingartákn 1909-1912

“Að vera aðeins 15 ára er ekki of snemmt til að eignast barn,” muldraði Ella Branham við sjálfa sig og reyndi að vera hugrökk. “Hvað, ég er alveg jafn reiðubúin og ...”

Aftur kom verkurinn, meiri og ákveðnari en áður. Ella fann örvæntinguna aukast með aukinni vanlíðan. Hún hélt um þrúttinn magann og stundi: “Ekki strax. Gerðu það, ekki strax. Ekki fyrr en Charles kemur heim.”

Svitinn perlaði á enni hennar. Hún staulaðist yfir moldargólfið að eina glugganum sem var á bjálkakofanum, á miðri grófri timburhurð. Það var ekkert gler í glugganum, aðeins hleri sem Ella hafði opinn á daginn og lokaðan á nóttunni. Nú var hann opinn.

“Charles!” hrópaði hún. Rödd hennar virtist gufa upp í skógum Kentuckyfylkis, með sínum víðáttumiklu hæðum og dölum sem breiddust í allar áttir. Sú vitneskja að næsti nágrenni bjó marga kílómetra í burtu, fyllti Ellu örvæntingarfullri einmanakennd. Hríðirnar hörðnuðu og hún varð gripin skelfingu. “Charles!” hrópaði hún aftur. “Charles, hvar ertu?” Svo varð rödd hennar að veiku kjökri. “Gerðu það komdu heim, ég þarfnast þín.”

Charles Branham hafði fengið útborgað þennan morgun fyrir skógarhöggsvinnu sína og gengið niður í þorpið Bucksville í Kentuckyfylki, til að kaupa nýjan samfesting. “Til heiðurs fyrsta barni mínu,” hafði hann sagt.

En hvað hafði tafið hann svona lengi? Hafði ölstofa setið fyrir honum? Ef svo væri, þá var það ekki í fyrsta skipti sem það gerðist á þessu fyrsta hjónabandsári þeirra. En vissulega myndi Charles ekki gera svona nokkuð í dag? Hann vissi að von var á fyrsta barni þeirra hvenær sem var.

Þegar hríðirnar liðu hjá var hún alveg búin. Ella staulaðist að hurðinni og horfði á sólina setjast bak við hlynina og eikurnar sem voru nýfarnar að bruma. Það var apríl árið 1909. Ella skalf þegar hún lokaði hleranum.

Eina ljósið í kofanum kom nú frá sólsetrinu sem síaðist inn milli óþéttra bjálkanna. Örpunnir geislar hreyfðust hægt yfir borðið sem var heimatilbúið, gert úr afsöguðum trjádrumbi með trjáboli fyrir fætur og bekk til að sitja á. Fyrir utan borðið, var eina húsgagnið, frumstætt rúm sem neglt var á einn vegginn í litla einsherbergis kofanum. Ella staulaðist að rúminu og lét sig falla á hálmþýnuna og togaði ábreiðuna upp fyrir höfuð. Koddinn, sem fylltur var með kornslíðrum, skjáfáði í hvert skipti sem hún hreyfði sig. Á meðan dimmdi í herberginu þar til almyrkt var orðið, þá hugsaði Ella um sitt fyrra heimili í Paris í Texas, sem hún hafði þráð að yfirgefa þar til nýlega. Í fyrra hafði það virst óbærilegt. En núna virtist það ekki svo slæmt í ljósi þeirra aðstæðna sem hún var í.

Hún ólst upp í Texas undir nafninu Ella Harvey. Faðir hennar var veiðimaður. Hann lagði veiðigildir og var skólakennari. Móðir hennar var hreinræktaður Cherokee-indíáni. Ella, var elst af fjórum börnum. Hún hafði átt undursamlega og áhyggjulausa barnæsku, þangað til fyrir þremur árum að móðir hennar dó úr skarlatssótt. Þegar það gerðist var Ella tæplega 12 ára gömul og yngsti bróðir hennar var aðeins fjögurra ára. Hlutverk móðurinnar féll henni þungt í skaut.

Fyrir rúmlega ári síðan hafði hún hitt Charles Branham á reiðlistasýningu. Charles var lágvaxinn og laglegur, með krullað svart hár og kunningi nóg í hestaþróttinni til að sigra næstum því hvaða mótstöðumann sem var. Charles var átján ára og hún var fjórtán ára, en henni fannst hún miklu eldri. Á þeim tíma, hafði hjónaband virst vera góð leið til að losna undan þrældómnum við að hugsa um litlu systkinin. Núna velti hún því fyrir sér hvort hún hefði farið úr öskunni í eldinn. Hér var hún, 15 ára gömul aðkomustúlka í fjöllum

Kentucky, að eignast barn, marga kílómetra frá næsta lækni og átti ekki einn einasta vin til að kalla á sér til hjálpar. Ella huldi andlit sitt í koddanum og grét.

**Charles Branham** sneri aftur til kofans klukku tíma eftir að myrkt var orðið. Hann hafði auðvitað verið að drekka, en ekki nóg til að slæva hugsun hans. Hann opnaði dyrnar hægt til að trufla ekki hina ungu konu sína ef hún væri sofandi. Svo heyrði hann hana stynja. Charles kveikti í skyndingu á furukvoðukveik og lét hann ofan á krukku lok. Kveikurinn brann með dimmu flöktandi ljósi sem gaf frá sér reykjarmökk. Vegna þess að náttúruleg loftræsting var í kofanum, sveif reykurinn upp fram hjá þaksperrunum, út um rifurnar milli þakborðanna.

“Charles,” hvíslaði Ella veikt, “það verður í kvöld. Farðu og náðu í mömmu þína.”

Charles kveikti eld og flýtti sér svo til kofa móður sinnar. Nóttin var heiðskír og köld og stjörnuskinnið auðveldaði honum að halda sig á veginum. Klukku tíma síðar var hann kominn til baka með móður sína og tvær nágrannakonur.

Amma Branham var skorpín gömul kona, hörð eins og skel. En þegar hún sá þessa litlu 15 ára stúlku í barnsnað, þá opnaðist skelin og hjarta hennar myktist eins og heit olía mykir skóleður. (Það var ekki svo að amma notaði skó, hún hafði aldrei eignast skó á ævi sinni). Nú tók hún við stjórninni. Þar sem hún hafði eignast 17 börn sjálf, þá var hún vel undir það búin að gerast ljósmóðir fyrir hina nýju tengdadóttur sína. Hún krafðist þess að Charles biði úti. Hann andmælti ekki. Hann tók teppi og skreið undir hálfþakið sem var fest við annan enda kofans og lagðist ofan á stafla af viði og viðarberki. Charles dró viskípela úr vasa sínum og tæmdi hann til að róa taugarnar. Fyrr en varði var hann steinsofnaður.

Þegar dagaði jókst umstangið í kofanum. Charles rumskaði. Austurhimininn var að lýsast upp af hinni komandi dögum, en sólin var ekki enn komin á loft. Hann formælti sjálfum sér fyrir að hafa blundað og fylltist svo áhyggjum yfir því að barnið hans var ekki ennþá fætt. Var eitthvað að? Kannski ætti hann að fara inn og athuga málið? Áður en hann gat ákveðið sig, heyrði hann skerandi grát í nýfæddu barni. Kofahurðinni var hrundið upp og ein af nágrannakonunum kallaði: “Charles Branham, það er drengur.”

Charles drattaðist skömmustulega inn. Herbergið lyktaði af tólgarkerti á borðinu. Amma Branham kláraði að baða drenginn, vigtaði hann, hann var tíu merkur og lagði hann svo varlega í fang móður sinnar. Charles stóð hjá rúminu með hendurnar í vösunum á nýja samfestingnum sínum og horfði taugaspenntur á þessa litlu veru sem rumdí, baðaði út öllum öngum og var sonur hans.

Ella sagði: “Charles, hann hefur bláu augun þín.”

Charles rannsakaði litlu augun en gat ekki séð litinn í myrkrinu. “Við köllum hann William að fornafni og Marrion að millinafni,” sagði hann.

Ella prófaði nafnið með tungunni, “William...Marrion...Branham. Það hljómar nógu virðulega. Og við getum kallað hann Bill. Charles ég held að Bill muni líka fá krullaða hárið þitt. Opnaðu hlerann svo ég geti séð hann betur.”

Klukkan var rétt rúmlega fimm, þriðjudagsmorguninn 6. apríl árið 1909. Dagsljósið flæddi inn í gegnum rifurnar á kofanum, jafnvel þótt sólin væri ekki komin á loft. Charles opnaði hlerann, en hörfaði svo frá. Honum var brugðið. Eitthvað hafði komið inn um opinn gluggann. Þetta var ljós sem líktist stjörnu, um það bil 30 sentimetrar í þvermál.

Ella æpti og hélt syni sínum fast í fangi sér. Hinum hafði brugðið. Þau hörfuðu upp að veggnum. Ljósið undarlega, hringsólaði um herbergið nokkrum sinnum, stoppaði svo yfir rúminu, sveif yfir hinni nýbökudu móður og barni, glitrandi gulgrænt, tifandi af lífi. Í tæpa mínútu hélt það þessari stöðu. Það var ekki lengi, en nógu lengi til þess að allir í herberginu voru vissir um að hafa séð það. Svo hvarf eldhnötturinn, út á milli rifanna á þakinu, eins skjótt og hann hafði komið inn. Charles starði upp í þakið, með galopnum augum. Allt í einu dró vængjatak athygli hans að hurðinni, þar sem dúfa hafði sest á

hlerasylluna. Dúfan horfði forvitin um herbergið, næstum því eins og hún væri að leita að einhverju. Þegar hún kom auga á nýfædda barnið, beygði hún höfuð sitt og kurraði áður en hún flaug í burtu. Charles horfði á eftir fuglinum eitt andartak, en beindi svo sjónum sínum aftur að þakinu.

Önnur nágrannakonnan muldraði: “Ja, ég er svo ... ”

Hin velti fyrir sér: “Hvernig barn ætli þessi drengur verði?”

William Branham var aðeins 15 mínútna gamall.

**Fréttirnar** bárust fljótt út meðal fjallabúanna um: “Drenginn sem fæddist undir hæðinni þarna með ljósið yfir sér.” Sumir gerðu lítið úr því, sögðu að þetta hefði bara verið endurkast sólargeisla í spegli. Charles og Ella vissu betur, þar sem það var alls enginn spegill í kofanum þeirra. Þar að auki var sólin ekki enn komin á loft. Þau furðuðu sig á þessu. Var einhver andleg merking í þessu ljósi? Charles vildi gleyma þessu, en Ella leyfði honum það ekki. Hún krafðist þess, “að eitthvað yrði gert í þessu” og ákvað að lokum að



Bjálkakofinn – fyrsta heimili Branhamfjölskyldunnar

fara ætti með barnið til kirkju og helga hann Guði. Fyrst stóð Charles gegn þessari hugmynd, en gaf að lokum samþykki sitt, jafnvel þótt það væri gegn hans innstu sannfæringu. Nú var spurningin, hvert áttu þau að fara með hann?

Forfeður Charles Branham voru strangtrúaðir írskir kaþólikkar. Ellu megin var Harvey fólkið einnig írskir kaþólikkar, nema

móðir Ellu sem tilheyrði Cherokee fólkinu. Samt sem áður höfðu bæði Ella og Charles fjarlægst algjörlega sinn kaþólska bakgrunn og hvorugt átti neina trúarlega sannfæringu. Þau urðu sammála um að næsta kirkja þjónaði tilgangi þeirra best.

Þegar Bill Branham var tveggja vikna gamall, dúðuðu Ella og Charles hann og fóru með hann í kirkju sem hét Opossum Kingdom baptistakirkjan. Þar hittist lítill söfnuður hvern sunnudag í grófu bjálkahúsi með moldargólfi og kirkjubekkjum sem voru búnir til úr fjöllum sem lagðar voru yfir trjáboli.

Opossum Kingdom baptistakirkjan hafði engan fastan forstöðumann. Flesta sunnudaga söng söfnuðurinn sálma og las úr Biblíunni. Á tveggja mánaða fresti kom farandprédikari og hélt ræðu. Gamli prédikarinn var þarna þennan dag. Hann bað fyrir litla William Marrion Branham og bað Guð um að taka hann einhvern tíma í þjónustu sína. Þetta var eina skiptið sem Bill Branham kom í kirkju næstu 23 árin.

**Skógarhöggsvinnan** neyddi Charles til að vera í burtu frá konu sinni og syni alla vikuna. Í októbermánuði árið 1909, varð hann veðurtepptur í skógarhöggsbúðum langt að heiman. Ella, sem var komin fjóra mánuði á leið af öðru barni þeirra, fylltist áhyggjum eftir því sem meira gekk á birgðir hennar af nauðsynjum.

Þegar eldiviðurinn var búinn, vafði hún fætur sína í strigapoka og barðist gegnum mittisháa skaflana í nístandi vindi inn í skóginn til að höggva greinar og ung tré. Hún dró þetta svo heim að kofanum í örvæntingarfullri tilraun til að halda eldinum við. En þegar allur matur var búinn örvænti hún. Eldurinn dó út og varð að ösku. Ella var of máttfarin til að fara eina ferð enn inn í skóginn. Hún tók allan fatnað sem til var í kofanum, vafði sig og son sinn í hann, lagðist upp í rúm og dró teppið yfir þau. Fyrir utan ýlfræði vindurinn án afláts. Það kólnaði í kofanum, þar til vatnið í fötunni fraus. Ella starði upp í rjáfrið og velti enn einu sinni fyrir sér þessu undarlega ljósi við fæðingu sonar síns. Hún hafði oft hugsað

um það síðustu sex mánuðina. Stundum trúði hún því að þetta táknaði það, að Bill væri ætlað stórt hlutverk.

Nú virtist þetta meiningarlaust, þar sem dauðinn gat ekki verið langt undan hjá þeim báðum.

Næsti nágranni hennar var gamall maður sem bjó hinum megin í dalnum. Þegar storminn lægði fór nágranninn út til verka sinna. Hann gat rétt séð ofan á kofa Branham fólksins og hann tók eftir því að enginn reykur steig upp frá skorsteininum. Hann hugsaði ekki mikið um það þá, en eftir nokkra daga fór hann að verða áhyggjufullur. Hann vissi að það hafði komið reykur frá kofanum fyrir storminn og að enginn hefði getað yfirgefið kofann meðan á honum stóð. Þegar hann nálgadist kofann, sá hann að engin fótspor voru í nýföllnum snjónum. Þetta staðfesti ótta hans um að enginn hefði farið úr kofanum eftir að storminn lægði. Hann bankaði, en fékk ekkert svar. Þegar hann reyndi að opna hurðina, reyndist hún læst að innanverðu. Nú vissi hann að það var einhver þarna inni, einhver sem var í alvarlegum vandræðum, ella hefði honum verið svarað.

Með erfiðismunum, tókst honum að þvinga hurðina upp og opna. Það sem hann sá sendi hroll í gegnum hann allan.

Ella og barnið hennar voru í hnipri í rúminu, nær dauða en lífi af hungri og kulda. Í flýti greip nágranninn öxi, hélt inn í skóginn og sneri til baka með nóg af eldsneyti til að hita kofann. Hann fann engan mat í kofanum svo hann þrammaði heim og kom til baka með eins mikið af matvöru og hann gat borið. Það var engin leið að ná í lækni, þannig að gamli maðurinn annaðist sjálfur ungu móðurina og barnið. Þegar Charles tókst loks að brjótast í gegnum skaflana heim að kofanum, voru kona hans og sonur að byrja að ná kröftum.

Það sem eftir var vetrar, hélt Charles sig í námunda við heimili sitt, stundaði skotveiði og lagði gildirur til að fylla matarbúr þeirra. Um vorið snéri hann aftur til skógarhöggsins. Þegar ísinn var þiðnaður, beitti hann uxa fyrir trjábolina og dró þá niður að Cumberlandánni, þar sem aðrir skógarhöggsmenn bundu þá saman í fleka og fleyttu þeim niður Ohioána og síðan áfram til Missisippiárinna.

**Í mars** árið 1910 eignuðust Charles og Ella annað barn sitt, Edward. Nokkrum mánuðum seinna fann Ella, sem nú var 16 ára gömul, aftur fyrir nýkviknuðu lífi í sér. Hún fæddi þriðja barnið snemma árs 1911. Það var enn einn drengur. Hún nefndi hann Henry. Charles var í skógarhöggsvinnunni allt vorið og sumarið og fram á haust 1911. Þá vitjaði ógæfan þeirra aftur. Voðaatburður reif Charles frá sinni ungu fjölskyldu og gerði næstum út af við hann. Þar sem hann var yngstur af 17 börnum, hafði Charles alist upp með mörgum óvægnum kennurum. Hann fór að drekka viskí þegar hann var aðeins drengur og hann lærði að gera út um deilur með hnefunum. Haustið 1911 var Charles í samkvæmi þegar deilur brutust út. Heimabrygg og óvægirnir menn voru slæm blanda og bráðlega varð þetta að hörkuáflogum sem allir í herberginu blönduðust í. Einn kraftajötuninn sem hét Willy Yarbrough sló vin Charles til jarðar, hoppaði á honum, dró fram hníf sinn og var um það bil að stinga hann í hjartastað, þegar Charles tók stól og lamdi hann í höfuðið. Charles hörfaði og dró fram sinn eigin hníf. Willy gleymdi manningum á gólfinu og fór á eftir Charles. Willy hefði skorið Charles á háls ef hann hefði fengið tækifæri til þess. Hann var miskunnarlaus maður sem hafði drepið sinn eigin son með girðingarstaur. En hnífur Charles rataði áður í mark og Willy lá eftir í blóði sínu, meðvitundarlaus en þó enn á lífi.

Þegar fréttir um slagsmálin bárust til Burkesville í Kentucky, var Charles ásakaður um að vera forsprakkinn og ákærður fyrir morðtilraun. Lögreglustjóri kom ríðandi uppeftir til að handtaka hann. Áður en lögreglustjóranum tókst að hafa uppi á honum, skynjaði Charles þá hættu sem hann var í. Hann varð að flýja í skyndingu án þess að vita hvert hann færi eða hvenær hann kæmi aftur. Áður en hann fór lofaði hann Ellu að hann myndi senda eftir henni, um leið og hann hefði vinnu og stað fyrir þau að búa á. Hann myndi nota falskt nafn, svo ekki væri hægt að rekja skilaboðin til hans.

Charles Branham hvarf á braut þennan eftirmiðdag og skildi konu sína eftir eina að sjá um sjálfa sig og þrjú ung börn þeirra. Bill var tveggja og hálfis árs, Edward var eins og hálfis árs og Henry var tæplega sex mánaða.

Ella var næstum því barn sjálf, aðeins sautján ára. Það liðu ekki margar vikur áður en hún gerði sér grein fyrir því, að Charles hefði skilið eftir hluta af sjálfum sér. Hún var aftur orðin ófrísk.

Um haustið og veturinn þurfti Ella að taka á öllu sínu. Það var eins og hún væri stödd í miðri martröð.

Hún reyndi að sjá um þrjú lítil börn í frumstæðum, afskekktum kofa og henni var óglatt mest allan tímann. Hún hafði enga peninga, engar vistir og ekkert eldsneyti. Ef bláfátækir ættingjar Charles hefðu ekki hjálpað henni, vissi hún að hún hefði ekki lifað af.

En loks breyttist tíðin, jörðin þiðnaði og ógleðin hætti. Henry varð eins árs, Edward tveggja ára og Bill þriggja ára. Barnið sem sparkaði og iðaði í kviði Ellu var komið nálægt fæðingu. Eitt sinn þetta vor árið 1912, kom lögreglustjórinn við hjá kofanum og spurði hvort Ella hefði heyrt frá eiginmanni sínum. Hún gat sagt sannleikann. Hún hafði hvorki heyrt frá honum né hafði hún hugmynd um hvar hann var.

Nokkrum dögum eftir heimsókn lögreglustjórans, voru Bill og Edward að leik bak við kofann þar sem lítil lind breytti jörðinni í leðju. Bill vildi sýna yngri bróður sínum hvað hann væri sterkur og tók upp stærsta steininn sem hann fann, lyfti honum upp fyrir höfuð sér og kastaði í áttina að lindinni. Steinninn hvarf í dikið og skvetti aur yfir Edward sem fór strax að gráta og öslaði heim að kofanum. Glóbrystingur fór að tísta hárra raustu. Bill leitaði á milli greinanna þangað til hann kom auga á fuglinn í nálægu tré. Hann steig eitt skref í áttina að því og glóbrystingurinn flaug á braut. Á þeirri stundu gerðist eitthvað svo óvenjulegt að það átti eftir að brenna sig inn í hjarta hans, sem ein af fyrstu bernskuminningum hans. Þaðan sem glóbrystingurinn hafði setið kom hljóð, sem hljómaði eins og vindur sem skrífar í blöðum trjána: “*Hvisssh.*” Svo heyrði hann rödd tala frá trénu, það var greinileg mannsrödd sem sagði: “*Þú átt eftir að búa nálægt borg sem heitir New Albany.*”

Bill hrópaði upp fyrir sig af hræðslu, hljóp heim að kofanum eins hratt og stuttir fæturnir gátu borið hann, kallandi: “Mamma, maamma!”

Ella var að þurrka mold af maga Edwards. “Bill, hvað gerðist?” spurði hún og faðmaði elsta son sinn að sér.

“Fugl talaði við mig, mamma. Ég heyrði hann syngja uppi í tré og svo talaði hann við mig.”

Ella hló. “Þig var að dreyma, barn.”

En Bill stóð á sínu: “Ég heyrði í honum mamma. Ég heyrði hann tala.”

“Og hvað sagði þessi fugl?” Ella stríddi honum og hélt ennþá að Bill væri bara að ímynda sér þetta.

“Hann sagði að við myndum eiga heima nálægt borg sem heitir New Albany.”

Henni brá við þetta svar. Þetta hljómaði ekki eins og eitthvað sem lítil drengur myndi upp á í leik sínum. Hún gekk hringinn í kringum kofann og kallaði inn í skóginn. Halló er einhver þarna?” Þegar hún kom aftur inn, spurði Bill: “Mamma, hvar er New Albany?”

“Það er borg í Indíana, hinum megin við ána á mótis við Louisville í Kentucky... Bill, hvar heyrðir þú talað um New Albany?”

“Ég hafði aldrei heyrt talað um New Albany mamma, þangað til fuglinn talaði við mig. Mamma, hvenær eigum við að eiga heima þar? Verður pabbi líka hjá okkur?”

Ella hristi höfuðið.

Nokkrum vikum seinna kom hið langþráða bréf frá Charles. Ella sat við borðið og starði á umslagið sem hún hélt á skjálfandi hendi. Bill stóð á tánum og kíkti yfir borðbrúnina. “Opnaðu það mamma.”



Ella flissaði taugaspennt. “Auðvitað, við höfum beðið lengi eftir þessu, af hverju bíða lengur?”

Hún opnaði umslagið varlega, tók bréfið úr umslaginu og byrjaði að lesa. Þar sem faðir hennar hafði verið kennari hafði hún hlotið góða menntun. En Charles var ómenntaður og gat hvorki lesið né skrifað, ekki einu sinni nafnið sitt. Einn af bræðrum hans sem bjó í Louisville hafði skrifað bréfið fyrir hann.

“Hvað stendur í bréfinu mamma?” spurði Bill.

Hún las upphátt: “Það stendur að pabbi þinn sé kominn í örugga vinnu og búinn að finna stað fyrir okkur að búa á og hann vill að við komum undireins. Það er í litlum bæ sem heitir Utica, um það bil 16 kílómetra norðaustur af ...” Hún stoppaði skyndilega lesturinn og leit undrandi á þriggja ára son sinn. Hvernig gat þetta átt sér stað? “Hvar, mamma? Hvar er Utica?” vildi Bill vita.

Ella sagði hægt: “Bill við munum eiga heima 16 kílómetra norðaustur af New Albany í Indíana.”

## Kafli 2

### Fyrsta sýn hans 1912-1916

**Charles Branham** hafði látið nægilega peninga fylgja með bréfinu, til að Ella gæti leigt vagn til flutninganna. Hún átti ekki miklar eigur til að ferma vagninn með, fyrir utan þrjá ólma drengi. New Albany var staðsett meira en 160 kílómetra norðan við Burkesville. Ella kveið ferðinni, þar sem hún átti að fæða innan skamms. En fyrir Bill litla, sem aldrei hafði séð heiminn fjarri bjálkakofanum, var ferðalagið spennandi ævintýri. Honum fannst mjóa trébrúin sem lá yfir Ohioána milli Louisville í Kentucky og New Albany í Indíana, alveg sérstaklega spennandi. 16 kílómetra ferð þaðan í norðurátt leiddi þau að hinu nýja heimili þeirra, litla þorpinu Utica í Indíana.

Þann 27. maí 1912 fæddi Ella fjórða son þeirra og kallaði hann Melvin. Þetta sumar vann Charles fyrir bónda í nágrenninu. Það var dreplega erfið vinna. Stundum þurfti hann að ganga á eftir hesti og plógi í 12 tíma á dag, kófsveittur í steikjandi sólarhitnum. Oftar en einu sinni þegar hann kom heim, hafði skyrtan brunnið föst við bak hans og Ella varð að klippa hana burt með skærum. Þegar maísinn kom upp úr jörðinni, eyddi Charles dögum sínum með hlújárn í höndunum, við að höggva illgresið milli maísráðanna. Í fyrstu urðu lófar hans alsettir blöðrum og húðin rifnaði til blóðs. Seinna kom á þá sigg sem var harðara en leður. Hann þoldi þetta allt fyrir aðeins 75 sent á dag.

Um haustið fór Charles aftur í skógarhöggsvinnuna. Hún átti betur við hann en búskapurinn. Hann hafði alist upp í skóginum og hóf að vinna sem skógarhöggismaður á unga aldri. Jafnvel þótt hann væri aðeins 75 kíló, hafði Charles vöðva sem hnykluðust ef þeir voru spenntir og var svo æfður skógarhöggismaður að hann gat lyft mörg hundruð kílóa trjából upp á vagn án nokkurrar aðstoðar. En þegar veturinn nálgadist fór Charles að ókyrrast. Þau bjuggu öll sex í eins herbergis hreysi, sem var alls ekki stærra og ekki eins vel byggt og kofinn sem þau höfðu yfirgefið í Kentucky. Skógarhöggsvinnan myndi neyða hann til fjarveru frá fjölskyldu sinni svo vikum skipti. Charles, sem vildi ekki að kona hans yrði fyrir sömu þjáningum og síðasta vetur, fór að litast um eftir betri aðstöðu.

Vorið 1913 gekk í garð, áður en Charles fann eitthvað varanlegt. Þá fékk hann vinnu í Jeffersonville í Indíana, sem starfsmaður hjá hr. Wathen. Hr. Wathen var milljónamæringur sem átti áfengisgerð Wathens og átti einnig hlut í hornaboltaliði sem hét Louisville Colonels. Charles var ráðinn sem einkavagnstjóri vegna þess hve góður hann var í meðferð hesta. Vinnan gaf ekki mikið af sér í aðra hönd en hún var til hagsbóta á annan hátt, þau fengu bústað án leigu á landareign hr. Wathens. Á staðnum var tveggja herbergja bjálkakofi, gömul hlaða, stór garður og lítill landskiki, sem Charles mátti rækta fyrir fjölskyldu sína. Hr. Wathen átti líka mjólkurbú í nágrenninu og Charles gat komið heim með mjólkurfötu á hverju kvöldi. Það var ekki lítil búbot fyrir föður með fjóra litla drengi.

Jeffersonville var bær, um 6 kílómetra norðaustan við New Albany, við veg meðfram ánni sem kallaður var Utica Pike af heimamönnum. Herra Wathen bjó á stórum búgarði, 11 kílómetra fyrir utan bæinn. Kofinn sem Charles flutti í var staðsettur á hæð og þar var útsýni yfir Ohioána. Að utanverðu voru veggir kofans þaktir veðruðum fjöllum. Að innanverðu voru rifurnar milli fjalanna fylltar með mold. Í kofanum var moldargólf, tvö herbergi og svefnloft uppi í rjáfrinu yfir öðru herberginu. Stiginn upp á loftið var gerður úr tveimur smátrjám. Á miðju gólfi í öðru herberginu hafði bút af stórum trjából verið komið fyrir og flötum steinum raðað ofan á hann. Ofan á þessu var eldstó gerð úr tómrí olútunnu. Til að elda mat notaði Ella litla eldstó. Þau höfðu meira að segja steinolúlampa til lýsingar. Þegar á heildina var litið, þá var þetta mikil framför frá litla einsherbergis hreysinu sem hafði veitt þeim skjól í Utica.

Uppi á hæðinni framan við kofann breiddi eplatré greinar sínar yfir lítinn læk. Kalt lækjarvatnið þjónaði þeim sem ísskápur á sumrin og forðaði mjólk, smjöri og áfum frá skemmdum. (Charles gat ekki geymt rjómann þarna. Hann átti of marga litla Branhama sem voru sólgirnir að stelast í hann). Lækurinn sá húsinu fyrir vatni þar til um miðjan ágúst, þá þornaði hann upp. Þá urðu þau að dæla vatninu upp úr brunninum við hlöðuna og bera upp hæðina heim að húsinu.

Bill þótti vænt um ólgandi lækinn. Ílát úr graskeri hékk á nagla sem hafði verið rekinn í bol eplatrésins, en Bill notaði það sjaldan. Honum fannst best að liggja á maganum í hlýju grasinu, setja varir sínar ofan í vatnið og fylla magann af svalandi vatninu. Síðan fyllti hann krukku af vatni og fór með hana til pabba síns út á akurinn.

Charles kom alltaf glórhungraður heim af akrinum. Af því þau höfðu engar vatnsleiðslur inni í húsinu, þvoði hann sér bak við kofann þar sem bekkur hafði verið útbúinn upp við eplatré. Bekkurinn var bara fjöl sem fest hafði verið við trjából, með spýtu sem fót við annan endann og fjöl við hinn til að styðja við bekkinn. Allir fjórir drengirnir stóðu í röð fyrir aftan pabba sinn, til að þvo sér. Þegar Charles bretti upp ermar á heimasaumunni skyrtunni sinni, bólgnuðu vöðvar hans og hnykluðust. Bill horfði á með stolti og hugsaði: “Þetta er pabbi minn. Hann er sterkur. Hann mun verða hundrað ára. Þegar ég verð gamall maður, get ég ennþá horft á pabba minn með stóra vöðva.” Charles var aðeins einn og sjötíu á hæð. Bill hafði erfð hið dökka og krullaða hár föður síns og myndarlegt írskættað útlit, en ekki hinn sterkbyggða vöxt hans. Í staðinn var Bill grannur og stæltur eins og móðir hans.

Næst kom að Bill að þvo sér. Hann gætti þess að fá heimagerða lútsápuna ekki í augun. Hann var búinn að læra þá lexíu í eitt skipti fyrir öll. Hann þurrkaði sér með handklæði sem mamma hans bjó til úr poka undan maísmjöli. Handklæðið var gróft og óþægilegt, svo að Bill þurrkaði sér varlega. Fyrir ofan þvottabekkin hékk brotinn spegill, sem hafði verið festur á tréð með fimm nöglum. Bill stóð á tám uppi á bekknum svo að hann gæti séð til að renna tingreiðunni í gegnum óþæga lokkana. Charles hafði smíðað matarborðið þeirra og bekkina úr notuðu timbri úr hlöðunni. Bekkirnir líktust helst kirkjubekkjum. Bill sat alltaf við hliðina á pabba sínum á matmálistímum. Baunasúpa var fastur liður, sem og maísbrauð, soðinn laukur og áfir.

Ella bakaði maísbrauðið á pönnu, setti það svo á disk og lét það ganga svo allir gætu brotið af því bita þegar það var fór framhjá. Bill fékk sér alltaf enda, af því hann var með skorpu og honum fannst gott að dýfa skorpunni ofan í baunasúpuna sína.

**Hinn 14. maí 1914** eignaðist Bill enn einn bróður, Edgar Lee Branham. Næstu árin féll líf Bill í þægilegt mynstur. Alla laugardagseftirmiðdaga fékk faðir hans lánað múldýr og yfirbyggðan vagn hjá hr. Wathen. Hann hjálpaði fjölskyldu sinni upp í vagninn og ók 11 kílómetra inn í bæinn til að kaupa matvörur. Yngstu drengirnir hossuðust aftur í ofan á hálmsátu, en Bill fékk að sitja fram í, með pabba sínum og mömmu. Bill var alltaf spenntur að fara í búðina af því hann vissi nákvæmlega hvað myndi gerast. Charles, sem vann sér inn þrjá og hálfan dollara á viku, eyddi oft þremur dollurum af þeim peningum í matvörubúðinni. Einstaka sinnum veitti hann sér að kaupa hluti eins og poka af púðursykri eða saltkexi, en venjulega keypti hann undirstöðufæðu eins og baunir, kartöflur og maísmjöl, matvöru sem entist lengi. Þegar Charles hafði borgað reikninginn sinn, gaf kaupmaðurinn, hr. Grover, honum poka af piparmyntubrjóstsykri handa ungvíðinu hans.

Þegar þau komu aftur í vagninn horfðu fimm litlir drengir óþreyjufullir á, meðan pabbi skipti fjórum brjóstsykurslengjum jafnt á milli drengjanna sinna fimm. Fjórir yngstu drengirnir sleiktu brjóstsykurinn sinn svo hratt að brátt var ekkert eftir af honum. En Bill var klár. Hann saug svolitla stund, rúllaði svo brjóstsykrinum sínum inn í brúnan pappír úr búðarpoka og stakk honum í vasa sinn. Hann hafði not fyrir hann seinna meir.

Á laugardagskvöldum fylltu þau stóran sedrusviðarbala af heitu vatni. Drengirnir fóru í hið vikulega bað sitt, hver á fætur öðrum, án þess að skipta um vatn. Ella skrúbbaði Bill fast með lútsápu og sagði: “Ég vil að þú verðir eins hreinn og afhýddur laukur.” Síðan þurrkaði hún honum með handklæði sem gert var úr mjölpoka, þar til honum fannst að húðin væri horfin. Hún vissi að Bill hafði ekki nægilega hollt mataræði. Því var það að í hverri viku eftir baðið, þá lét hún hann taka inn skeið af laxerolíu, sem hún trúði að væri vörn gegn kvefi. Bill horfði á þessa stóru skeið fulla af feitri laxerolíu og grátbað: “Ó, mamma, ekki láta mig taka þetta. Mér verður svo óglatt af því. Ég þoli það ekki.”

Hún svaraði: “Ef þér verður ekki óglatt af þessu, er það gagnslaut.”

Bill hélt fyrir nefið og tók munnfylli, reyndi að kyngja, skalf og tókst loks að koma henni niður.

Á sunnudögum eldaði Ella “Mulliganskássu,” rófur, gulrætur, kál, kartöflur, baunir, maískorn og nautakjötsbita, allt soðið saman í einum potti. Afgangurinn nægði þeim í tvo til þrjá daga.

Á mánudögum þvoði Ella föt fyrir utan kofann í stórum járnkatli yfir opnum eldi. Bill sem var elstur, varð að höggva hríslur í eldinn. Það var líka ætlast til að hann fyllti ketilinn af vatni. Það var erfitt verkefni miðað við aldur hans og líkamsburði.

“William” kallaði hún.

“Já, frú.”

“Farðu að læknum og náðu í vatnsfötu.”

Bill hugsaði um það hvernig þung sedrusviðarfatan þrýsti niður öxl hans, jafnvel þegar hún var aðeins hálffull.

Hann þreifaði í vasa sinn eftir piparmyntubrjóstsykrinum vöfðum inn í bréf. Svo leitaði hann bróður sinn Edward uppi og sagði: “Humpy,” Bill kallaði bróður sinn oft Humpy. “Á ég að segja þér hvað? Þú mátt sleikja brjóstsykurinn minn á meðan ég tel upp að tíu, ef þú ferð og nærð í þessa vatnsfötu fyrir mig.”

Edward náði ánægður í vatnið og Bill verðlaunaði hann með því að halda að honum brjóstsykrinum meðan hann taldi, “einn, tveir, þrír...”

Edward, sem sleikti eins hratt og hann gat, kvartaði: “Ekki svona hratt. Þú telur of hratt. Byrjaðu aftur.”

Bill byrjaði aftur að telja og Edward fékk nokkrar auka sleikjur fyrir vikið. Svo vafði Bill brjóstsykrinum aftur inn og stakk honum í vasann. Það voru einnig önnur verkefni á mánudögum, en á meðan brjóstsykurinn entist, lifði Bill letilífi.

Á þvottadögum notaði Ella langt prik úr harðhnotu til að hræra í fötunum ofan í sjóðandi vatninu og veiddi þau svo upp úr þegar þau voru orðin hrein. Hún lét prikið hanga á nagla rétt innan við hurð kofans. Þetta prik hafði mörgum hlutverkum að gegna. Ella notaði það til að berja óhreinindi úr strádýnunum og lagaði svo rúmfötin. Charles notaði prikið til hegningar. Stundum, ef einhver drengjanna átti von á flengingu, hvarf prikið á dularfullan hátt. Charles tókst alltaf að komast af án þess, notaði þá gamalt belt í staðinn, eða þjapparann úr rifflinum sínum. Allir litlu drengirnir hlutu “menntun” sína í eldiviðarskýlinu. Þeir böðuðu út öllum skönkum í kringum föður sinn, þegar hann flengdi þá þangað til afturendinn roðnaði. Charles kallaði þetta að “lemja skrattann úr þeim.”

Í eitt skiptið fann Edward upp á hrekkjabragði. “Bill,” sagði hann. “Mamma og pabbi eru að hreinsa illgresi úr garðinum. Ef þú ferð inn og nærð í sykur, þá skal ég ná í kex og hitta þig svo úti í hlöðu.” Þetta hljómaði nógu vel í eyrum Bill. Ella geymdi púðursykurinn í kassa inni í kofanum. Hún hrærði oft sykur og vatn saman til að búa til síróp á pönnukökurnar þeirra. Bill smeygði sér inn í kofann, tók handfylli af sykri og hélt áleiðis að hlöðunni. Garðurinn var miðja vegu milli kofans og hlöðunnar. Charles rétti úr sér við vinnu sína og þerraði svitann af enninu með rauð- og hvítköflotta vasaklútnum sínum. Hann tók eftir elsta syni sínum sem gekk með handlegginn fram fyrir sig eins og hann væri að fela eitthvað. Charles spurði: “Hvert ertu að fara William?”

“Ég er að fara niður í hlöðu.”

“Hvað ertu með í hendinni?”

Bill hugsaði: “Ó, ó.” Hann reyndi að snúa sig út úr þessu. “Hvaða hendi?”

Charles sagði: “Komdu hérna.”

Bill langaði ekkert í sykurlengi á eftir.

**Seint** í ágústmánuði árið 1916, eftir að gufuknúin vél hafði lokið við að þreskja kornuppskeruna, setti Ella nýjan hálm í dýnurnar þeirra. Sama kvöld, stuttu eftir að búið var að senda drengina upp á loft að háttu, öskraði Bill eins og verið væri að drepa hann. “Bill, hvað í almáttugs bænum er að þér?” kallaði Ella sem hafði flýtt sér að stigaopinu.

“Mamma, það er eitthvað í rúminu mínu!”

“Það er bara engispretta sem er föst í nýja hálminum. Farðu nú að sofa.”

“Mamma, ég get ekki sofið með þetta skorkvikindi hoppandi þarna í dýnunni.”

Ella tók steinolúlampann og klifraði upp á loft, svo að Bill gæti séð til að opna dýnuna, grafa í nýja hálminum og finna engisprettuna sem var að skaprauna honum. Hann lét hana fara út með því að ýta henni út um rifu á þakinu þar sem veggirnir námu ekki jafnt við þakið.

Seinna hló Ella að þessu atviki þegar hún sagði Charles frá því. En hún gat ekki sagt Charles frá þungum áhyggjum sínum af Bill. Drengurinn hafði verið á nálum upp á síðkastið og maturinn fór ekki vel í hann. Oftar en einu sinni kvartaði hann yfir magaverk eftir matinn og hann ropaði upp magasýrum. Var hann taugatrekktur af því hann átti bráðlega að byrja í skóla? Eða var eitthvað annað að trufla hann? Gat það verið tengt drykkju föður hans?

Í september byrjuðu Bill og Edward saman í skólanum. Bill var sjö og hálf árs. Þótt hann væri 11 mánuðum eldri en Edward, hefðu þeir getað verið tvíburar ef marka átti hæðina. Edward var aðeins örlítið lægri. Bill átti engin föt fyrir skólann. Allt sumarið hafði hann verið berfættur og skyrtulaus og gengið í bættum og slitnum smekkbuxum. Fjölskyldan hafði ekki efni á nýjum fötum, svo Ella gerðist uppfinningakona. Hún tók jakkann sem Charles hafði verið í á giftingardaginn þeirra, klippti hann í sundur og saumaði úr honum buxur. Charles kom heim með hvíta sokka og notaða strigaskó sem rétt pössuðu og þetta var allt og sumt fatakyns sem Bill átti.

Þegar Ella hafði lokið við að klæða hann fyrir nýjasta ævintýrið, sagði hún: “Svona, sjáum hvernig þetta lítur nú út.” Hún stóð á lengdar til að fá yfirsýn. Rifbeinin stóðu út og gerðu það að verkum að hann leit út fyrir að vera mjög lítill og horaður. Hann virtist svo óframfærinn, með sítt hárið hangandi niður á herðar í heimasamuðum buxum og notuðum skóm. Ella brosti og sagði: “Ef þú ert ekki bara alveg eins og veðurbarinn kentuckybúi.” Hún gerði sitt besta úr því sem hún hafði. Því miður varð elsti sonur hennar að fara í skólann skyrtulaus.

Svo var það einn kaldan morgun í september árið 1916, að Bill og Edward þrömmuðu eftir götunni að Utica Pike skólanum, sem var klassískur einsherbergis sveitaskóli, í hæðunum fyrir ofan Ohioána. Frú Temple var kennarinn hans í mörg ár. Hún kenndi öllum átta skólastigunum, með nemendum á aldrinum 6-15 ára.

Í skólanum lærði Bill meira en að lesa, skrifa og reikna. Allt í einu breyttist heimsmynd hans. Þar sem hann sat í skólastofunni hafði hann tíma til að bera sig saman við hin börnin. Mismunurinn var hróplega mikill.

Þetta voru sveitastúlkur og drengir alveg eins og hann sjálfur, en flest þeirra klæddust fallegum fötum og passlegum skóm. Og þau voru öll í skyrtum. Í hádeginu borðuðu börnin samlokur og smákökur eða köku í eftirmat. Bill borðaði baunir og suma daga fékk hann alls engan hádegismat. Hann fór að átta sig á því að fjölskylda hans var fátæk.

Alveg frá upphafi var Bill álitinn utangarðs af eldri drengjunum. Þeir kölluðu hann maíslúða og stríddu honum af því hann talaði sérkennilega, með sveitahreim sem var dæmigerður fyrir íbúa Kentuckyfjalla og þeir hlógu að því hvað hann var tötralegur.

Nokkrum vikum eftir að skólinn byrjaði, ákváðu Bill og nokkrir aðrir drengir á hans aldri að eyða síðdegi við veiðar í íspollinum bak við kofa Branham fólksins. Þeir kölluðu vatnið íspollinn af því að hr. Wathen hjó þar klaka á hverjum vetri og geymdi svo klakann í sagi. Klakann notaði hann til að kæla ískassana í mjólkurbúinu á sumrin. Bill var yfir sig hrifinn að fá að vera með. Ekki bara að honum fyndist gaman að veiða, heldur þráði hann að fá að vera hluti af hópnum.

Þegar skólanum lauk hljóp Bill heim, spenntur að ná í heimatilbúnu veiðistöngina sína ofan af svefnloftinu.

Strigaskórnir hans pössuðu ekki vel og hann var kominn með stóra blöðru á stóru tána. Þennan dag hafði hugur hans verið upptekinn af blöðrunni. Í hvert skipti sem hann hreyfði fótinn, meiddi blaðran hann svo mikið að hann gat ekki einbeitt sér að skólalærdómnum. Núna, í spenningnum og hraðanum, gleymdi hann auðveldlega sársaukanum. Hann þeyttist inn í kofann og hafði rétt náð að stíga með öðrum fæti í stigann, þegar hann fann sterka hendi grípa í óxl hans. Faðir hans sneri honum við.

“Bill, ég er með mikilvægt starf handa þér í dag. Ég vil að þú náir í vatn fyrir mig í brunninn.” Hjarta og limir Bill frusu. “En pabbi, ég ætlaði að fara að veiða með félögum mínum í dag.”

“Þú getur farið að veiða á morgun. Ég er að brugga slatta af kornvísí í dag og er á eftir áætlun. Ég hef ekki nógu vatn í skúrnum til að kæla með eimingartækin. Þú ert nógu gamall til að vinna og ég þarfnast aðstoðar þinnar.” Föturarnar eru niður frá hjá hlöðunni, við brunndæluna. Farðu nú og skiptu um föt. Ég verð í skúrnum að undirbúa eimingartækin.”

Bill hélt hægt upp stigann og sneri sér undan svo að pabbi hans sæi ekki að hann var að gráta.

“Og mundu,” bætti Charles við. “Þú steinþegir yfir þessu. Ekki eitt orð um þetta við nokkurn mann.”

“Já pabbi.”

Þó að ekki væri sett almennt áfengisbann fyrr en árið 1919, höfðu sum ríki sett bann þegar árið 1906. Árið 1916 var Indíana þegar orðið “þurrt” ríki. Þar sem Charles átti ekki peninga til að kaupa vín á svartamarkaðinum settu hann og hr. Dornbush upp tæki til eimingar í skýlinu bak við húsið til að brugga sitt eigið heimabrugg. Þegar þeir höfðu selt þyrstum nágrönnum afganginn og grætt svolítinn aukaskilding, ákváðu þeir að setja upp annað eimingartæki. Í kvöld ætluðu þeir að eima með báðum tækjunum og allt varð að vera tilbúið.

Bill sat lengi á dýnunni sinni og fann hvernig tifaði í blöðrunni á tánni með hverjum hjartslætti. Loks hafði hann safnað kröftum til að skipta um föt. Með ánægju togaði hann af sér skóna. Hann fór úr skólabuxunum sínum og í gömlu smekkbuxurnar. Það vantaði böndin á þær. Nú var þeim haldið uppi með seglgarni og naglar hafðir fyrir tölur. Naglarnir komust auðveldlega í gegnum götin og fóru ekki úr þegar þeim hafði verið snúið við í gatinu. Næst batt hann maískólf undir veiku tána, til að halda henni upp úr rykinu.

Hægt klifraði hann niður stigann og þrammaði niður að brunninum við hlöðuna. Tvær fötur undan sykurmassa stóðu tilbúna hjá vatnsdælunni. Bill fyllti þær. Hvor fata tók fjóra lítra af vatni og það var rétt svo að hinir sjö ára vöðvar Bill réðu við að lyfta þeim.

Síðdegið var hlýtt og fullkomlega hljótt. Enginn vindgustur bærðist í gulu, þurru grasinu. Þegar Bill lagði af stað upp hæðina heyrði hann hlátrasköll frá íspollinum ekki langt í burtu. Félagar hans voru þarna að veiða, grínast og skemmta sér konunglega. Bill brast í grát í vonbrigðum sínum.

Þegar hann var hálfnaður upp hæðina settist Bill niður til að hvíla sig í skugga stórrar silfuraspar. Stórar rykrendur voru á kinnum hans, þar sem tárin höfðu runnið. Hann

andvarpaði. “Er þetta ekki hræðilegt, allir strákarnir að veiða og ég verð að vera hér og ná í vatn.” Hann heyrði hljóð eins og vindur sem hvín í laufblöðum, “*hvisssh.*” En Bill fann ekki fyrir neinum gusti. Hann hugsaði, “hvað er þetta?” og leit í kringum sig. Laufblöðin sem voru að byrja að verða brún bærðust ekki. Hvergi sá hann nein merki um gust. Hann hélt áfram að vorkenna sjálfum sér. “Pabbar hinna strákanna gera ekki svona. Af hverju þarf ég að vera að bera vatn í þessi bruggeimingartæki?”

Hann heyrði skjáfið aftur. Hann stóð upp og horfði upp í greinarnar fyrir ofan sig, en sá ekkert hreyfast. Hann kvartaði svolítið meira við sjálfan sig, tók svo upp föturnar og hélt af stað upp stíginn og táin sem var í umbúðum skildi skrítið far eftir sig í moldargötunni. Hann hafði ekki gengið lengi, þegar hann heyrði aftur þetta skrýtna hljóð, *hvisssh*, hærra en áður. Bill sneri sér við og núna sá hann það. Dálíttill þyrilvindur hreyfðist í greinunum uppi í trénu. Þetta var í sjálfu sér ekki svo undarlegt. Þyrilvindar af þessu tagi voru algengir á haustin. Hann hafði oft séð þá þjóta í gegnum akrana, taka upp þurr laufblöð og bera þau með sér. En svona vindur var alltaf á einhverri leið og þeir voru alltaf við jörðina. Þessi vindur virtist fastur á einum stað. Bill horfði stórhreifinn á græn, brún og gul laufblöðin bærast og skjáfa í vindinum.

Allt í einu heyrðist rödd úr trénu. Það var djúp, sannfærandi rödd, sem sagði: “*Aldrei drekka, reykja eða fara illa með líkama þinn á nokkurn hátt. Þú hefur verk að vinna þegar þú eldist.*”

Bill heyrði þessi orð eins greinilega og það hefði verið faðir hans að tala, en þetta var ekki rödd föður hans. Hann hafði aldrei áður heyrt svona tilkomumikla rödd. Hann sleppti fötonum og tók til fótanna heim að kofanum, grenjandi af öllum mætti.

Ella tók hann í faðm sér. “Bill hvað er að? Varstu bitinn af slöngu?” Hún hélt að kannski hefði sonur sinn stigið ofan á koparsnák á leið sinni fram hjá garðinum, en þeir voru algengir í þessum landshluta.

“Nei mamma,” blaðraði hann og benti niður hæðina í áttina að garðinum. “Það er maður uppi í trénu þarna.”

“Ó, Bill! Bill sofnaðir þú undir trénu?”

“Nei, mamma. Það er maður í þessu tré þarna og hann sagði mér að drekka ekki eða reykja.”

Ella hló að þessu. Hún faðmaði son sinn að sér og kyssti hann á ennið, til að reyna að róa taugar hans. En Bill var í uppnámi og lét ekki róast. Hún lét hann í rúmið og flýtti sér til næsta nágranna sem hafði síma og hringdi í lækni. Þegar læknirinn hafði heyrt söguna, sagði hann: “Drengurinn er bara taugaóstyrkur. Hann jafnar sig.”

Þetta kvöld endurtók Bill sögu sína við kvöldmatinn. “Það er maður í þessu tré og ég heyrði það sem hann sagði mér. Ég ætla aldrei aftur að fara framhjá þessu tré.” Og það gerði hann aldrei aftur. Upp frá þessum degi sneiddi hann hjá trénu, með því að fara stóran hring kringum fjarlægari enda garðsins.

**Tveimur** vikum síðar voru Bill og Edward að leika sér að marmarakúlum framan við kofann undir eplatrénu, þegar Bill fannst allt í einu eitthvað furðulegt koma yfir sig. Hann fann þrýsting sem fékk hárin til að rísa á höfði hans, eins og eitthvað óþekkt afl umkringdi hann. Hann leit upp. Einhvern veginn fannst honum Ohioáin nær en áður. Þegar Bill horfði niður að bænum Jeffersonville, breyttust óbyggðirnar fyrir augum hans. Til varð brú út frá árbakkanum og lá yfir ána. Það var verið að byggja hana hratt, skref fyrir skref. Hún leit ekki út eins og lágu flötu brýrnar, sem hann hafði farið yfir þegar hann flutti til Indíana. Brúin var gríðarstór, með stórum járnbogum sem burðarvirki uppi yfir henni. Bill hafði aldrei fyrir séð neitt þessu líkt. Þegar hann gætti nánar að, sá hann menn sem voru að vinnu sinni uppi á yfirbyggingunni. Síðan brast eitt brúarhafið. Menn dattu af eins og í kvikmynd sem sýnd er hægt. Bill taldi þá þegar þeir dattu. Hann horfði á 16 menn hverfa í koldimmt vatnið fyrir neðan.

Bill sleppti kúlunum sínum og flýtti sér heim og grét óstjórnlega. Ella gerði sitt besta til að róa hann. Þegar hann gat loks sagt sögu sína, sagði hún: “Þig var bara að dreyma þetta.”

Bill stóð fast á sínu. “Nei, mamma. Það kom eitthvað skrýtið yfir mig og svo leit ég á ána og horfði beint á hana! Ég sá þetta! Ó, mamma, ég er svo hræddur.”

Charles lét skoðun sína í ljós. “Drengurinn er bara taugaóstyrkur, eins og læknirinn sagði.”

En Ella var alls ekki svo viss um það. Hún minntist dagsins fyrir fjórum árum þegar Bill hafði tautað eitthvað um fugl sem sagði honum að þau myndu eiga heima nálægt New Albany. Þótt undarlegt mætti virðast, hafði þetta ræst. Brú yfir ána? 16 menn sem létust. Hvað ef þetta skyldi nú verða einn daginn? Ella skrifaði atburðinn niður og hugsaði með sér, “við sjáum til.”



Brúin yfir Ohioána



## Kafli 3

### Fátæktin lyktar 1916-1917

**Skólinn** víkkaði sjóndeildarhring Bill á margan hátt. Hann lærði um heim handan við hinar grænu hæðir Indíana og Kentucky, heim sem var í stríði. Hann heyrði minnst á lönd sem hann hafði ekki áður haft hugmynd um að væru til; Þýskaland, Austurríki og Ungverjaland. Hann lærði um það hvernig þessi lönd hefðu myndað bandalag gegn Frakklandi, Stóra-Bretlandi og Rússlandi. Jafnvel þótt Bandaríkin væru enn hlutlaus haustið 1916, upplýsti frú Temple nemendur sína um alþjóðamál. Hún kom oft með dagblöð í skólann svo að hún gæti lesið fyrir börnin greinarnar um stríðið. Ímyndunarafli Bill var vakið með frásögum um fótgönguliða og liðsforingja, harða bardaga og rómantískar hetjur. Stundum eyddi hann helmingnum af hádegisfrímínútnum í að skoða myndir af hermönnum sem voru prentaðar í dagblaðinu. Stundum sá hann meira að segja hermenn niðri í bænum í Jeffersonville. Hinir fallettu búningar þeirra fengu ímyndunarafli Bill til að svífa í hæðir og hann fór að langa til að verða hermaður.

Lloyd Ford, kunningi Bill úr skólanum, hafði unnið sér inn skátabúning með því að selja tímaritið Pathfinder yfir sumarmánuðina. Lloyd var oft í búningnum í skólanum og Bill öfundaði hann. Með flottu merki framan á jakkanum, rendurnar á ermum, hermannahatt og röndinni niður buxaskálmarnar, þá leit þessi búningur út eins og allt það sem Bill langaði í af fötum. Ef hann gæti einhvern tíma klæðst svona búningi, vissi hann að honum myndi finnast hann svo mikilvægur.

Dag einn hafði Bill safnað nægum kjarki til að spyrja. “Lloyd, þegar þessi búningur verður úr sér genginn, viltu þá gefa mér hann?”

Lloyd sagði: “Auðvitað skal ég gefa þér hann Bill.”

Þegar leið að lokum októbermánaðar gerðust veður köld. Héla var á jörðu á hverjum morgni og tók ekki upp fyrr en klukkan tíu. Bill, sem enn átti enga skyrtu, skalf þegar hann hljóp eftir veginum. Ef hann kom nógu snemma í skólann, gat hann hlýjað sér við ofninn áður en skóli hófst og hann varð að setjast í sæti sitt. Frú Wathen, kona hr. Wathen hlýtur að hafa séð hann hlaupa með bert brjostið í skólann, af því að dag einn gaf hún honum notaða úlpu með arnarmerki á erminni. Bill fannst svona hlý flík vera munaður. Hann var í úlpunni hverja stund sem hann vann eða lék sér fyrir utan kofann. Í skólanum breytti hann upp kragann, svo að hin börnin sæju ekki að hann var ekki í neinni skyrtu innanundir.

Þar sem þeir sváfu uppi á loftinu á nóttunni, gátu Bill og yngri bræður hans séð stjórnurnar skína í gegnum þakfjalirnar. Þegar byrjaði að snjóa, breiddi Ella segldúk yfir drengina sína til að halda þeim þurrum meðan þeir sváfu. Á morgnana var segldúkurinn þakinn snjó.

Ella hafði morgunmatinn tilbúinn áður en drengirnir vöknud. Heitar kexkökur og síróp. Dag einn gekk hún að stiganum og kallaði, “Bill! Þú og Edward komið niður að borða morgunmat.”

Bill svaraði: “Mamma, ég sé ekkert. Það er eitthvað í augunum mínum.” Kaldur gusturinn sem lék um svefnloftið alla nóttina hafði fryst augnlok hans saman.

Ella sagði: “Þú hefur fengið eitthvað í augun. Bíddu andartak meðan ég nær í þvottabjarnarfituna.”

Í hvert skipti sem Charles skaut þvottabjörn, skar hann fituna af kjötinu og Ella sauð hana niður í feiti og geymdi hana í krukku. Þvottabjarnarfeitin var alhliðalæknismeðal fjölskyldunnar. Ella lét börnin sín taka hana inn við slæmu kvefi, með terpentínu og steinolíu. Þau tóku hana inn við hálsbólgu. Núna nuddaði Ella augnlok drengjanna með heitri feiti, þangað til þeir gátu opnað augu sín.

Bill og Edward gengu í skólann í snjónum. Þeir fylgdu stundum hjólspori vagns, en börðust stundum gegnum snjóskafila. Þeir komu alltaf í skólann blautir upp að hnjám. Til allrar hamingju þornuðu skórnir þeirra og buxurnar fyrir hádegishléið.

Þeir komu alltaf með sameiginlegan hádegisverð í fötu undan sykurmassa. Þar pakkaði móðir þeirra inn lítilli krukku með grænmeti, annarri krukku með baunum, tveimur bitum af maísbrauði sem voru afgangsrá frá morgunmatnum og tveimur skeiðum. Bill fann lyktina af ofnbökuðu brauði hinna barnanna, það ilmaði svo vel. Hann vissi núna að þessi börn fengu samlokur og smákökur í hádegismat og hann skammaðist sín fyrir að láta þau sjá einföldu baunirnar sínar og maísbrauðið. Hann og Edward fóru niður að ánni, settust á trjából og settu krukurnar á milli sín til að borða matinn sinn í ró og næði. Bill borðaði fyrst eina skeið af baunum, síðan Edward, svo aftur Bill og þannig skiptust þeir á og pössuðu að báðar krukurnar tæmdust jafnt á milli þeirra.

Þegar leið að jólum árið 1916, lét frú Temple nemendur sína klippa út ræmur af rauðum, bláum og hvítum pappír og búa til úr þeim músastiga til að fara með heim og hengja á jólatré. Charles hafði aldrei áður haft jólatré í kofanum, en þegar Ella sá skreytingar sona sinna, varð hún ákveðin í að þetta árið yrði frábrugðið hinum. Ella tók öxi og hélt inn í skóginn og kom heim með lítið þéttvaxið sedrusviðartré. Hún setti músastigana tvo yfir greinarnar, en tréð var samt ákaflega tómlegt. Charles hafði ræktað poppmaís í garðinum síðasta sumar og Ellu fannst þetta vera upplagður tími til að nota hann. Hún poppaði hann í lokuðum katli yfir opnum eldi. Með nál og tvinna bjó hún til lengju úr poppkorninu, síðan vafði hún lengjunni nokkrum sinnum umhverfis sedrusviðinn, þangað til henni fannst þetta líta út eins og alvöru jólatré.

Þegar hún var búin að skreyta tréð, átti Ella afgangsrá poppkorn svo hún setti það í fötuna undan sykurmassanum og sendi það með Edward og Bill í skólann sem tilbreytingu. Bræðurnir tveir geymdu hádegisverðinn sinn í fatahenginu, á hillu ofan við staðinn þar sem börnin hengdu yfirhafnir sínar. (Bill gekk enn í úlpunni sinni allan daginn, meira að segja í skólastofunni.) Um tíuleytið fór hugur Bill að hvarfla til poppkornsins.

Hvernig skyldi það nú bragðast? Svo hugsaði hann: “Ætli ég gæti ekki smakkað eins og hnefayfylli fyrir mat.” Síðan rétti hann upp höndina og spurði frú Temple hvort hann mætti fara á náðhúsið. Hún sagði já. Bill gekk gegnum fatahengið, tók lokið af fötunni, skóflaði upp stórra hnefayfylli af poppkorni og setti lokið aftur á sinn stað. Hann fór út, settist bak við skorsteininn og borðaði poppkornið, eitt og eitt í einu. Hann þvoði hendur sínar vandlega áður en hann fór aftur inn til að skilja örugglega ekki nein sönnunargögn eftir um svindlið.

Þegar matartíminn kom fóru Bill og Edward niður að ánni til að borða á trjábólunum sínum. Þegar þeir opnuðu fötuna, sáu þeir að einn þriðji af poppkorninu var horfið. Edward horfði á Bill með sakleysislegum undrunarsvip og sagði: “Eitthvað hefur komið fyrir poppkornið maður!”

Bill reyndi að vera eins undrandi og bróðir sinn, “Já, svo sannarlega.”

Edward grunaði aldrei sannleikann.

Drengirnir hengdu upp sokkana sína á aðfangadagskvöld. Næsta morgun fundu þeir hver sína appelsínu og þrjá brjóstsykurmola í sokknum sínum. Bill hugsaði. “Ó, en hvað jólasveinninn er frábær náungi, að koma og gefa mér þetta!” Hann borðaði appelsínuna sína á jóladag, en hýðið geymdi hann og hafði í vasa sínum í margar vikur og saug það eins og brjóstsykur.

Einhvern tíma í janúar árið 1917, tók Bill eftir því að Lloyd hafði ekki verið í skátabúningnum sínum síðan fyrir jólafrí. Hann spurði: “Lloyd, hvað með skátafötin?”

Lloyd sagði: “Fyrirgefðu Bill. Ég gleymdi að þig langaði í þau. Ég skal spyrja mömmu.” Næsta dag kom Lloyd með fréttir sem ollu vonbrigðum. “Mamma tók jakkann og gerði hundateppi úr honum Bill og hún notaði buxurnar til að bæta buxurnar hans pabba. Það er ekkert eftir nema ein skálm.”

Óbugaður sagði Bill: “Komdu þá með þessa skálm.”

Nú var Bill stoltur eigandi einnar skálmur af slitnum skátabúningi, með rönd niður aðra hliðina. Hann langaði svo til að vera í skálminni í skólanum, en hann gat ekki hugsað sér hvernig hann gæti farið að því. Svo hann geymdi skálmina í vasanum, þar sem hún væri til reiðu ef tækifæri gæfist. Hann þurfti ekki að bíða lengi eftir því.

Vetrarstormur hellti úr skálum reiði sinnar yfir sveitir Indíana. Sumir skaflarnir voru 5 metrar á dýpt. Síðan gerði slyddu, sem skildi eftir sig klakabrynju á trjám og snjó, sem gaf frábært sleðafæri. Nemendur Utica Pike skólans eyddu nú hádegishléinu í að renna sér á sleða niður nálæga hæð. Öll börnin áttu sleða sem hafði verið keyptur í búð, það er að segja öll nema Bill og Edward. Bill mundi eftir gamalli málmönnu í ruslahaug niðri við ána. Hann náði í hana og fljótlega slógust hann og Edward í hóp hinna barnanna uppi á hæðinni. Þeir klifruðu upp í pönnuna. Bill var fyrir aftan og vafði fótunum utan um Edward, sem var fyrir framan. Niður hæðina fóru þeir og snérust í hringi á leiðinni. Þetta var ákaflega gaman, en á endanum datt ryðgaður botninn úr pönnunni og þeir urðu að finna eitthvað annað til að nota fyrir sleða. Í þetta skipti breyttu þeir trjábol. Þeir hjuggu hann til þar til hann líktist sleða. Snjórinn var rétt nógu frosinn til að þetta gengi og drengirnir tveir renndu sér á þessum bráðabirgðasleða á mikilli ferð niður bröttustu brekkuna á hæðinni.

Í einni ferðinni hlutu drengirnir slæma byltu neðst í brekkunni. Bill stóð upp með snjó niður á bak og verk í fætinum. Hin börnin söfnuðust saman í kring um hann til að vita hvort allt væri í lagi. “Ó, ég meiddi mig í fætinum,” stundi hann. “Nú man ég að ég er með aðra skálmina af skátabúningnum í vasanum. Hún verður góð í umbúðir.” Hann tók skálmina upp úr vasanum, fór í hana yfir strigaskóinn og festi hana með strengnum. Á því augnabliki hringdi bjallan og kallaði á þau inn í kennslustund.

Þetta síðdegi það frú Temple, Bill að koma upp að töflu. Hann stóð til hliðar og vann að verkefni sínu og vonaði að aðrir sæju ekki að hann var bara í einni skálm af búningnum. En auðvitað tóku allir eftir því. Þvinguð fliss breyttust í uppreisnargjörn hlátrasköll. Bill fór að gráta og frú Temple lét hann fara snemma heim.

Í apríl kom frú Temple með Louisville dagblað, sem var með æpandi fyrirsögn. **“BANDARÍKIN LÝSA YFIR STRÍÐI Á HENDUR ÞÝSKALANDI”** Hún las fréttina og útskýrði að 18. mars hefðu þýskir kafbátar sökkt þremur bandarískum kaupförum og nýtt hr. Wilson til að binda enda á hlutleysi Bandaríkjanna. Bandaríkin voru komin í stríð.

Fyrir utan skólabygginguna tóku eikartrén að bruma. Dagarnir hlýnuðu æ meir. Á eftirmiðdögum sat Bill í einu svitakófi í vetraúlpunni sinni. Tærnar á honum stóðu nú fram úr götum á strigaskónum hans.

Dag einn tók frú Temple eftir því að nemendurnir í öftust röðunum settu upp svip og héldu fyrir nefin. Hún velti því fyrir sér hvort það hefði eitthvað með hinn unga William Branham að gera. Af hverju heimtaði drengurinn að vera í vetraúlpunni á svona hlýju síðdegi? Hún sagði: “William, af hverju ferðu ekki úr úlpunni þinni? Er þér ekki heitt?”

Hjarta Bill tók kipp. Hann gat ekki farið úr úlpunni. Hann var ekki í neinni skyrtu! “Nei, frú. Það er hrollur í mér.”

Hún varð hissa. “Er hrollur í þér á svona hlýjum degi.”

“Já, frú.”

Hún sagði: “Það er best að þú komir herna og setjist við eldinn.”

Bill hafði haldið þessu leyndu allan veturinn og hann ætlaði sko ekki að opinbera það núna. Með semingi færði hann sig að eldavélinni, meðan frú Temple skóflaði kolum í hana. Svitaperlur voru á enni hans og runnu svo niður andlitið.

Frú Temple spurði, “William er þér ennþá kalt?”

“Já, frú.”

Hún hristi höfuðið. “Þú hlýtur að vera veikur. Það er best að þú farir heim.”

Bill var heima í nokkra daga og velti því fyrir sér hvernig hann gæti fengið skyrtu svo hann gæti farið aftur í skólann. Frænka hans, föðursystir hans, átti heima hinum megin við

hæðina. Hún átti dóttur á aldur við Bill. Þær höfðu nýlega verið í heimsókn og frænka hans hafði skilið kjól eftir. Jafnvel þótt það væru þífur framan á honum ákvað Bill að hann gæti eignast skyrtu úr þessum kjól. Hann klippti mest af pilsinu burtu og tróð hinu niður í buxurnar. Síðan skoðaði hann sig í brotna speglinum sem var festur á eplatréð bak við húsið. Hann hristi höfuðið og krosslagði fingurna.

Þegar skólabörnin sáu þífurnar framan á honum, æptu þau: “Þetta er stelpukjól!”

“Nei, hann er það ekki,” sagði Bill. “Þetta er indíánabúningurinn minn!”

Þau hlógu ennþá meira að því, að hann skildi halda slíku fram og stríddu honum miskunnarlaust. “Bill Branham er í stelpufötum. Hvílfkur stelpustrákur!”

Þrátt fyrir ertni þeirra var Bill í skyrtunni hvern einasta dag þar til skóla lauk þetta sumar. Hann varð. Þetta var eina skyrtan sem hann átti.

## Kafli 4

### Barinn miskunnarlaust 1922-1923

**Þann** 5. maí árið 1923 fæddi Ella Branham áttunda son sinn og nefndi hann Howard Duffy. Hann slóst í hóp Charles yngri 4 ára, Jesse 7 ára, Edgar 9 ára, Melvin 11 ára, Henry 12 ára, Edward, 13 ára, og William sem var núna orðinn 14 ára.

Charles Branham átti í æ meiri erfiðleikum við að fæða öll börnin sín átta, sérstaklega yfir köldu mánuðina. Þegar veturinn 1922-23 gekk í garð, sá Bill um að leggja gildir til að fá mat á borðið. Sá hluti af landareign hr. Wathen sem var skógi vaxinn, moraði af hérum, bifrum, þefdyrum og pokarottum. Kl. 2 á hverri nóttu, fór Bill út með luktina sína til að gæta að gildrunum sínum og kom oft heim rétt áður en tími var kominn til að fara í skólann. Vegna þess að hann átti bara eitt sett af fötum sat hann oft í bekknum lyktandi eins og þefdyrið sem hann hafði skinnflett rétt áður, hinum nemendunum til mikillar armæðu. En þessi aukavinna borgaði sig fyrir fjölskyldu hans. Þegar hann veiddi héra, gat hann selt hann fyrir 15 sent. Þá gat hann keypt box af 22 kalíber skotum og skotið þrjá eða fjóra héra að auki. Mamma hans bar fram héra til miðdegisverðar, ásamt feiti og kexi. Afganginn seldi Bill í bænum og notaði peningana til að kaupa maísmjöl eða hveiti.

Ferðin niður í bæinn gerði Bill oft þungan í skapi. Branhamfólkið var ekki í góðu álitu meðal fólksins í Jeffersonville og oftast en einu sinni fór fólk yfir götuna til að forðast Bill. Sumir töluðu við hann þegar enginn sá til, en um leið og einhver birtist, hætti sá að tala við Bill og fór burt. Það særði hann. Bill vissi að pabbi hans og frændi voru grófir karlar. Þeir reyktu, tuggðu munntóbak, stunduðu fjárhættuspil, drukku og dröbbuðu. Bill hugsaði biturlega: “Hvað hef ég gert af mér? Ég er ekki sekur um neitt af þessu. Ég hef aldrei drukkið á ævi minni. Af hverju þarf ég að blandast í þetta?”

Ekki svo að skilja, að Bill hefði ekki reynt að drekka. Einn sunnudagsmorgun að vori til, voru hann og Edward að ganga niður með ánni með pabba sínum og hr. Dornbush, nágóranum sem hafði logsóðið eimingartækið fyrir Charles. Drengirnir tveir höfðu ráðgert ferð á leka árabátum sínum niður ána í leit að glerflöskum sem búið var að fleygja. Charles vantaði alltaf flöskur fyrir heimabruggið sitt og hann borgaði vel fyrir þær. Fimm sent fyrir tólf stykki. Herra Dornbush hafði verið Bill velviljaður og nú var Bill að reyna að sýnast fyrir honum í þeirri von að hr. Dornbush myndi lána honum vatnsþétta árabátinn sinn þennan morgun. Bátur Bill var stýrislaus svo að mjög erfitt var að stýra honum í straumharðri ánni. Bill varð að nota tvær gamlar fjalir fyrir árar. Hann réri skringilega öðru megin, meðan Edward réri með hinni.

Rétt hjá ánni hafði tré fokið um koll þvert yfir veginn. Charles setti annan fótinn yfir tréð, en í stað þess að klifra yfir, lagðist hann aftur á bak á grein og sagði: “Við skulum staðnæmast hér andartak og fá okkur hressingu.” Hann dró flatan viskípela upp úr rassvasanum, lagði hann að vörum sér og rétti svo vini sínum. Hr. Dornbush fékk sér sopa og rétti Charles pelann, sem hvíldi sig á greinum rótaranga nálægt rótum trésins. Þetta virtist Bill vera alveg eins góður tími og hver annar til að biðja um greiða. “Herra Dornbush, heldurðu að ég og bróðir minn gætum fengið bátinn þinn lánaðan í dag?”

“Auðvitað Bill, það er í góðu lagi.”

Bill skalf af spennungi og hugsaði: “Hér er allavega einn sem þykir vænt um mig.”

Charles fékk sér enn einn sopa af viskíinu og rétti vini sínum. Þegar hr. Dornbush hafði svalað þorsta sínum, rétti hann Bill pelann og sagði: “Gerðu svo vel Bill, fáðu þér sopa.”

Bill sagði: “Nei takk, ég drekk ekki.”

Herra Dornbush virtist brugðið. “Ætlarðu að segja mér að þú sért írskur og af Branhamættinni og að þú drekkir ekki áfengi?”

Charles kinkaði kolli með óbeitt og sagði: “Ég er að ala upp strákahóp, einn af þeim er skræfa og það er Bill.”

Bill rauk upp. “Ég! Skræfa?” Honum bauð við því að einhverjum skyldi detta þetta í hug. “Ég er þreyttur og hundleiður á því að láta kalla mig skræfu. Látið mig fá flöskuna.” Herra Dornbush handlangaði pelann. Bill reif hann úr hendi mannsins, tók tappann úr, setti stútinn að vörum sér með reiðilegri ákveðni. Hann ætlaði að fara að drekka, en áður en einn dropi af viskí komst inn fyrir varir hans, heyrði hann hljóð eins og þegar vindur feykir laufi, *hvisssh*. Hönd hans varð kyrr í loftinu. Pelinn var við varir hans. *Hvisssh*. Hann var ekki að ímynda sér þetta, hann heyrði það eins greinilega og hann heyrði samtalið í kringum sig. *Hvisssh*. Hugur Bill leiftraði til baka til raddarinnar úr öspinni sem hafði sagt skipandi: “*Aldrei drekka, reykja eða fara illa með líkama þinn á nokkurn hátt. Þú hefur verk að vinna þegar þú eldist.*” Bill sleppti pelanum óttasleginn og tók til fótanna yfir túnið, grátandi bitrum tárur í örventingu sinni og uppnámi.

Charles hreytti út úr sér: “Sagði ég ykkur ekki. Þessi strákur er eins og stelpa.”

Hvert sem Bill sneri sér hvæsti lífið að honum. Hann hélt áfram skólagöngu sinni alveg upp að sjöunda bekk. Það var eins og að ganga við hækjur upp brekku. Sveitaskólakerfið krafðist þess af nemendum sínum, að þeir útveguðu sér sjálfir bækur og kennslugögn. Foreldrar Bill höfðu varla nóga peninga milli handanna til að kaupa blýanta og pappír, hvað þá heldur kennslubækur. Því varð Bill að fá lánaðar bækur hjá næsta nemanda, í hvert skipti sem hann þurfti að læra heima.

Námsskráin á þessum tíma var samin með því markmiði að móta siðferðiskennd barnsins sem og vitsmunina. Eitt af því sem Bill las og snerti hann djúpt var ljóð eftir Longfellow.

### **Sálmur lífsins:**

Seg mér ei, margsinnis  
að lífið sé bara draumur,  
því sú sál er dauð sem sefur  
og allt er ei sem sýnist.

Lífið er raunverulegt. Lífið er satt.  
og gröfin ei markmið er.  
Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu aftur verða.  
Þetta gildir ekki um þína sál.

Ekki gleði, ekki sorg  
eru örlög okkar.  
En að hegða okkur þannig að hver morgundagur  
finni okkur betri en í gær.

Vertu ekki sem rekin hjörð,  
í baráttunni,  
í hringiðu lífsins,  
en vertu hetja í stríðinu.

Líf merkra manna oss það sýnir,  
við getum úr lífi okkar gert eitthvað  
og skilið eftir þegar við förum,  
fótspor í tímans sand.

Fótspor sem ef til vill einhver annar,

bróðir sem erfitt á,  
týndur og skipreika í lífsins ólgusjó,  
sér og gleðst á ný.

Rís því upp og vinn þitt verk,  
sama hvað þig henda kann.  
Berstu áfram, reyndu aftur,  
lærðu að vinna og bíða æ.

Þetta ljóð uppörvaði Bill. Ekki hefði hann í sínum björtustu draumum, getað ímyndað sér hve djúp fótspor hans eigið líf myndi skilja eftir sig í sandi tímans. Að þessu sinni skildi ljóð Longfellow eftir sig söng um von í þurru og eyðilegu landi. Þessi háfleygu orð töluðu inn í hjarta Bill og endurnærðu þennan töttralega 14 ára dreng sem var að reyna að skilja allt óréttlætið í sínu eigin lífi. Eldri drengirnir hrelldu hann og storkuðu honum við hvert tækifæri sem gafst; fyrir að vera fæddur í Kentucky, fyrir að vera fátækur, fyrir að vera lítill eftir aldri, fyrir að vera öðruvísi.

Þegar hér var komið skildi Bill ástæðuna fyrir fátækt fjölskyldunnar. Það var drykkjuvandamál föður hans. Dag einn þegar hin börnin voru að gera gys að honum fyrir það hvað hann var töttralegur, las Bill fyrir þau kafla í sögubókinni þeirra um það þegar Abraham Lincoln steig af skipsfjöl í New Orleans og gekk framhjá þar sem verið var að halda þrælauppboð. Samkvæmt frásögunni sá Lincoln hvíta menn bjóða í stóran, stæðilegan svertingja meðan konan hans og börnin stóðu grátandi hjá. Lincoln klappaði saman höndunum og sagði: “Þetta er rangt! Og einhvern tíma mun ég ráðast gegn þessu, jafnvel þótt það kosti mig lífið.” Bill ýtti sögubókinni til hliðar og hugsaði: “Það er líka rangt að drekka! Og einhvern tíma skal ég berjast gegn drykkjuskap, jafnvel þótt það kosti *mig* lífið!”

En ekkert vakti ímyndunarafl hans meira en að lesa um Arizonaeyðimörkina í landafræðinni sinni. Hann þráði að vera þar. Hann langaði til að ríða eftir víðáttunni þakinni af kaktusum. Þetta hljómaði svo rómantískt, svo rólegt, svo unaðslega friðsælt. Skáldið innra með honum hrærðist, en hann hafði ekkert til að skrifa með, svo hann fékk lánað blað hjá nemandanum við hliðina og skrifaði:

Ég er einmana, ó svo einmana  
af þrá eftir vestrinu,  
þar sem skuggarnir eru dýpstir  
yfir fjallatindunum.

Ég sé sléttuúlf  
læðast yfir gresjuna.  
Ég heyri fuglsgarg  
þar sem hirtirnir eru á beit.

Og einhvers staðar upp í gilinu  
heyrir ég ljónsöskur  
í hinum fjarlægju Catalinafjöllum,  
í hinu fagra ríki Arizona.

Því miður gengu eldri drengirnir lengra í stríðni sinni en bara að gera hróp að honum. Eftir skólann hópuðust þeir aftur og aftur saman gegn honum. Þótt hann væri lítill eftir aldri, hafði Bill skap í sér. Drengirnir slógu hann niður og hann stóð upp. Þeir héldu áfram

að slá hann niður þangað til hann hafði ekki krafta til að rísa upp. Oft þurfti hann að borða matinn sinn með því að sjúga gegnum strá, munnur hans var þá of sár til að ráða við fasta fæðu.

Einn vordag árið 1923, gekk Bill heim með stúlku og hélt á bókunum hennar. Á leiðinni heim að kofanum sínum var hann umkringdur af 5 óeirðarseggjum. Þeir fleygðu honum niður í skítinn. Einn hreytti út úr sér: “Hvað ert þú að ganga heim með þessari stúlku?” Annar sagði storkandi: “Já, við viljum ekki að þú gangir með henni, skítugi, ‘kentuckyskvabinn’ þinn.” Þeir vissu að Bill var fæddur í Kentucky og að mamma hans var að hálfu indíáni, eða “squab,” svo þeir stríddu honum með því að kalla hann “kentuckyskvab.”

Við þessa móðgun, stökk Bill á fætur og gerði árás með hnefana í allar áttir. En fimm voru of margir. Óeirðarseggirnir glímdu við hann þangað til þeir fengu sinadrátt í lófana. Síðan héldu þeir honum fjórir, einn drengur tók stein í hendi og lamdi Bill í andlitið þangað til hann hné niður, næstum því meðvitundarlaus.

Bill reyndi að semja við þá: “Ef þið leyfið mér að fara skal ég fara beint heim, ég lofa því.”

Þar sem hann var hvort sem er að hníga út af, samþykktu drengirnir þetta, skrámuðu andlit hans á hörðum moldarveginum, spörkuðu svo nokkrum sinnum í hann til að kóróna illverkið áður en þeir fóru.

Bill fór beint heim en stóð ekki við. Hann tók niður 22 kalíber Winchester-riffilinn sem hékk fyrir ofan kofadyrnar, hlóð hann með sextán skotum, stytta sér svo leið þangað sem hann vissi að drengirnir færu framhjá. Hann faldi sig hjá veginum og beið. Bráðlega heyrði hann raddir.

“Þetta ætti að kenna þessari maísætu að labba ekki með stelpu,” sagði einn. “Já, þessi ‘kentuckyskvab’ ætti að þekkja sinn stað héðan í frá.”

Bill steig fram úr runnunum, stóð fyrir þeim á veginum og beindi að þeim hlaðinni byssunni með spenntan gikkinn. Hann sagði rólega: “Hver af ykkur vill deyja fyrst, til að þurfa ekki að horfa upp á hina deyja?” Drengirnir fimm fölnuðu og æmtu í hræðslu sinni og vantrú. Bill sagði: “Ekki vola, af því þið munuð allir deyja, hver á fætur öðrum.” Hann miðaði byssunni á drenginn sem hafði lamið hann í andlitið aftur og aftur. “Þú verður fyrstur.”

Hann spennti gikkinn. Klikk, kúlan hljóp ekki úr byssunni. Bill spennti byssuna fljótt aftur og önnur kúla var reiðubúin. Klikk, hún hljóp líka framhjá. Núna, voru drengirnir teknir til fótanna, öskrandi, hlaupandi yfir díki og reyndu að komast í burtu eins hratt og þeir gátu. Bill, sem ætlaði sér að drepa þá, hlóð byssuna og togaði í gikkinn, klikk, klikk, klikk, en öll skotin hlupu framhjá.

Drengirnir fimm voru löngu farnir. 16 skot lágu dreifð um allt. Hann tindi þau upp, blés af þeim rykinu og hlóð þeim í byssuna. Síðan miðaði hann á tré og tók í gikkinn. Búmm, búmm, búmm... hvert einasta skot hljóp nú rétt úr byssunni, gróf sig inn í trjábolinn og fékk börkinn til að fljúga í allar áttir. Bill stóð á miðjum veginum titrandi af reiði. Svo fór hann allt í einu að hlæja, hörðum og trylltum hlátri sem kom úr djúpi örvæntingar hans. Hann hló svo mikið að tárinn runnu niður kinnarnar.

Þegar skóla lauk þetta vor, gekk Bill út og snéri aldrei til baka.



## Kafli 5

### Slysaskot 1923-1924

**William Branham** eyddi fjórtánda sumri sínu árið 1923, við að aðstoða föður sinn í garðinum og á akrinum. Charles hafði tvo hesta á staðnum. Einn gamlan plóghest sem hann átti og annan yngri sem hann fékk lánaðan hjá hr. Wathen. Þar sem hann var með tvo einfalda moldarplóga, notaði Charles þá alltaf báða í einu. Í júní, voru Bill og faðir hans að plægja milli maísráðanna þegar hesturinn fór að hneggja og stappa niður fótum, taugaspenntur. Bill barðist við að halda hestinum milli raðanna, svo plógurinn færi ekki í maísinn. Hann hrópaði: “Pabbi, hvað er að hestinum?”

Hestur Charles var líka órólegur. Hann stoppaði, þurrkaði svitann af enni sér með vasaklút og rannsakaði himininn. “Sonur, það er stormur í vændum.”

Bill starði upp í heiðskíran, bláan himininn. “Stormur? Ég sé engan storm pabbi.”

“Sonur, þú skilur ekki. Guð hefur gefið hestunum eðlishvöt. Þeir finna lyktina af storminum þótt hann sé langt í burtu.”

Þeir héldu áfram að plægja, en komust ekki lengra en tvær raðir þegar svört ský birtust við sjóndeildarhringinn. Þeir rétt náðu að koma hestunum í hús áður en þrumurnar byrjuðu. Bill hugsaði ekki oft um Guð, vegna þess að umræðuefnið kom sjaldan upp meðal heimilisfólksins, en þennan dag hugsaði hann um hann og hann velti fyrir sér hvaða aðra skrytna eiginleika Guð hefði gefið dýrunum. Meðan hann velti fyrir sér öllum þeim undursamlegu hlutum sem hann hafði séð meðal skógardýranna, ákvað Bill að Guð hlyti að vera býsna klár náungi.

Einn laugardagsmorgun bað Bill um leyfi til að eyða deginum niðri í bænum. Charles borgaði honum fyrir hjálpina alla vikuna og sagði: “Ekki eyða þessu öllu á einum stað, sonur minn.”



Sælgætisbúð Schimpff

Bill húkkaði sér far inn í Jeffersonville og fór heim til frænda síns, Jimmy Poole. Síðan héldu hann, Jimmy og Earnest Fisher áleiðis niður í bæinn til að eyða peningunum sínum. Bill velti peningum milli fingranna meðan hann gekk. Honum fannst hann vera afskaplega ríkur. Fyrst keypti hann ís fyrir eitt penni. Þegar hann var búinn með hann, keypti hann og borðaði tvo í viðbót. Síðan fór hann inn í

sælgætisbúð Schimpff og starði girndaraugum á röð eftir röð af glerkrukkum fullum af brjóstsykri. Bill hafði komið hingað áður og vissi hvað honum fannst best. Hann borgaði tvö sent fyrir 200 grömm af sterkum, rauðum brjóstsykri. Þá átti hann nóg eftir til að borga sig inn á tvær sýningar í kvikmyndahúsi Leo.

Eftir að hafa horft á kúrekamyndir í marga klukkutíma, fór Bill að ímynda sér hvernig það væri að búa í vestrinu og vera hetja á nautgripabúgarði. Hátindur hins ungæðislega ímyndunarafls hans var að vera kúreki, með félagi í kúrekastígvélum og barðastóran hatt og á svo villtum hesti að enginn annar gat ráðið við hann nema hann. Hann hafði oft heyrt föður sinn tala um það, þegar hann var yngri og hafði tamið villta gæðinga og tekið þátt í reiðlistasýningum frá Kentucky til Texas. Bill hugsaði: “Ó, þegar ég verð bara orðinn dálítið eldri, þá ætla ég að halda vestur og verða alvöru knapi.”

Bill “æfði sig” á gamla dráttarklárnum. Þegar hann og faðir hans eyddu degi á akrinum, kom Bill alltaf snemma heim til að gera verkin sín. Bill leiddi gömlu, þreyttu bikkjuna bak

við húsið svo hesturinn gæti fengið sér að drekka úr gömlu trogi sem gert var úr tilhöggnum trjából. Hesturinn rak múlinn gegnum slímið og teygði vatnið í stórum sopum, meðan Bill leysti aktygin af honum og bar þau inn í gripahúsið. Býflugur suðuðu yfir drykkjartroginu. Yngri bræður Bill söfnuðust í kringum hann. Þeir höfðu tekið hrosshárin sem urðu eftir þegar hestunum var kembt og fléttað þau í fléttu. Fléttuna höfðu þeir fyrir orm og létu synda í vatninu. Þegar hesturinn drakk, mynduðust öldur í vatninu og “ormurinn” bylgjaðist eins og höggormur ofan á vatninu.

Bill tók hnakk úr hlöðunni og skellti honum á bak hestsins. Það óx mikið af grófaldinum í kringum vatnstrogið. Bill tók nokkur og tróð þeim undir hnakkinn áður en hann festi hann. Bræður hans röðuðu sér á girðinguna tilbúnir að horfa á sýninguna. Bill hoppaði á bak hestinum, lamdi með hælunum í síðu hans og reyndi að fá hann til að hreyfa sig. Vesalings gamli hesturinn sem var þreyttur eftir að hafa unnið allan daginn, sneri sér aðeins í hring, hneggjaði og rétt lyfti hófunum frá jörðinni. Bill ruggaði sér fram og aftur í hnakkinum og ímyndaði sér að hesturinn væri ákafur ungur gæðingur. Hann hrópaði: “Sjáiði mig, ég er kúreki!” og lamdi hestinn í lendina með stráhattinum sínum. Allir bræður hans hlógu og klöppuðu saman höndunum.

**Um haustið**, eftir að uppskeran var komin í hús, eyddi Bill meiri tíma úti í skóginum við fiskveiðar og skotveiðar með veiðihundinum sínum Fritz. Bill elskaði hundinn sinn og montaði sig af því að hann gæti náð í hverja þá skepnu sem klifraði upp í tré. Jafnvel þefdýr gat ekki aftrað trúfesti hundsins. Fritz elti þefdýrið inn í greinahrúgu, gekk svo í hringi kringum hrúguna og gelta til að þefdýrið færi ekki. Þegar Bill náði þeim þurfti hann bara að segja: “Taktann strákur!” Án þess að hika réðst Fritz að og náði þefdýrinu, án þess að skeyta um hina hræðilegu lykt sem þefdýrið sprautaði á hann. Móðir Bill var skiljanlega alls ekki hrifin af þessari aðferð.

Fiskveiðar og skotveiðar urðu meira en bara skemmtun fyrir Bill. Tímar hans í skóginum urðu skjól frá heiminum, friðarhlé frá lífi sem virtist annars allt of fullt af óbærilegum kringumstæðum. Í skóginum fannst Bill hann ekki lengur vera útlagi. Honum fannst hann vera hluti af hinu villta lífi, hluti af árstíðunum, hluti af hinum eðlilega gangi alheimsins. Honum fannst hann tekinn gildur.

Bill tók að reika lengra frá heimili sínu og uppgötvaði þá stað sem kallast Tunnel Mill. Þetta var dreifbýlisbyggð 24 kílómetra norðaustan við Jeffersonville nálægt Charlestown í Indíana. Svæðið dró nafn sitt af merkilegri myllu sem var staðsett við Fourteen Mile læk. Snemma á 19. öld var maður að nafni John Work að leita að góðum stað til að byggja myllu. Það var ekki auðvelt að finna hina fullkomnu staðsetningu. Vatnsstraumurinn þurfti að vera nógu stríður til að snúa risastóru mylluhjólinu, eins marga mánuði á ári og mögulegt var. John Work tók eftir því, að á einum stað rann lækurinn í kringum stóra klettahæð og féll rúmlega 7 metra á leið sinni. Honum reiknaðist til, að ef hann byggði mylluna neðan við klettinn og sprengdi göng upp á við og beindi vatninu gegnum göngin, þá myndi fall vatnsins í gegnum þau nægja til að snúa hjólinu. Byggingu myllunnar og gangnanna var lokið árið 1820 og gáfu svæðinu réttnefnið Tunnel Mill (Gangnamylla). Þrjátíu árum seinna, seldi sonur John Work, manni að nafni Wilford Green kornmylluna og hafði myllan verið rekin af þeirri fjölskyldu æ síðan. Þess vegna var svæðið einnig kallað Green-mylla af íbúum staðarins.

Landsvæðið var einangrað frá menningunni. Það moraði af fiski, dádýrum, þefdýrum, þokarottum, þvottabjörnum, bísamrottum, bifrum, íkornum, trjám, klettum og lækjum. Þarna var líka kyrrð og ró. Í stuttu máli sagt, allt það sem Bill óskaði sér í lífinu. Hann fór þangað oft, húkkaði sér far með vörubílunum sem fluttu vörur milli Charlestown og Jeffersonville. Stundum tókst honum að telja féлага sína tvo, Jimmy Poole og Sam Adair, á að fara með sér. Stundum tók hann Edward eða Henry með.

Venjulega sváfu þeir í yfirgefnum skógarvarðarkofa og þeir veiddu sér alltaf fisk í morgunmatinn beint úr ánni. Á einum stað var áin 3 metrar á dýpt og 4 metrar á breidd og myndaði þannig ágætan sundstað. Bill kallaði sundstaðinn: “Bifurholuna.” Hann tók með sér langa kaðalhök og batt við trjágrein sem teygði sig yfir vatnið. Þeir sveifluðu sér með langri sveiflu frá bakkanum og slepptu sér síðan. Reipið varð drengjunum uppspretta ánægju í ótalda klukkutíma.

Þegar hann fékk engan til að fara með sér, húkkaði Bill sér far til Tunnel Mill aleinn. Hann gat eytt mörgum dögum við fiskveiðar og skotveiðar og kannanir á hrjúfu skóglendinu. Á einni af þessum ferðum, fann hann fyrir tilviljun framtíðarfylgsni sitt. Þegar hann beygði fyrir hæð eina, kom hann að kalksteinskletti. Fyrir neðan hann hallaði landið niður í 25 metra djúpt gil. Allt svæðið var þéttvaxið skógi og stráð stórum kalksteinum, sem hrunið höfðu úr klettunum fyrir ofan. Bill var að feta sig varlega áfram fyrir neðan klettana þegar hann tók eftir holu við fætur sér, sem var um 60 sentímetra víð, næstum því hulin af þéttvöxnum runnum. Fyrst gerði hann ráð fyrir að þetta væri refagreni eða sprunga í klettinn sem veitti dýrum skjól fyrir veðrum. En þegar hann gáði betur að, komst hann að því að þetta var hellisop. Bill mjakaði sér inn um opið með fæturna á undan sér. Holan var 90 sentímetrar á dýpt og síðan hallaði munnanum niður og inn í hæðina þangað til hellirinn myndaði gang, sem var nægilega stór til að hann gat staðið uppréttur í honum. Loftið var kalt og rakt. Bill hélt inn eftir ganginum um stund þar til hann varð smeykur. Hvað ef hann lenti í djúpri holu? Hann þorði ekki að fara lengra inn í myrkrið að þessu sinni. Hann ætlaði að koma aftur og vera þá betur undirbúinn.

Næst þegar Bill kom á svæðið, hafði hann kerti með sér til að hann gæti skoðað dýpra inn í hellinn. Hann smeygði sér inn um opið og renndi sér niður sleipan hallann, þangað til hann kom að stað þar sem hann gat staðið uppréttur. Gangurinn var þarna tæplega hálfur metri á breidd. Jafnvel þótt veggirnir væru næstum því lóðréttir, þá jók skíman af flöktandi kertaljósinu á hin mörgu horn í þessum kalkhelli. Gangurinn beygði aðeins til hægri og víkkaði dálítið út. Hér voru bæði gólf og loft sæmilega lárétt, eins og þau hefðu verið gerð til að vera mannbústaður. Það var meira að segja flöt sylla út úr einum veggnum sem var af réttri stærð fyrir rúm. Eftir 3 metra mjókkaði gangurinn aftur. Gólfið og loftið voru óslétt. Hér var loftið þakið dropasteinum sem héngu niður úr loftinu. Steinarnir voru rækilega fastir en gáfu samt þá tilfinningu að þeir gætu hrunið hvenær sem var.

Nú var hann kominn um 8 metra frá innganginum. Allt í einu stoppaði hann og flautaði undrunarflauti. Fyrir framan hann breikkaði hellirinn þar til hann varð að litlu herbergi. Í miðju herberginu var borð gert úr stórum kalksteinshnullungi. Borðið var rétthyrndur hnullungur um 60 sentímetrar á hæð og 90 sentímetrar á lengd. Yfirborðið var merkilega slétt og hornin fjögur merkilega jöfn. En merkilegasta fyrirbærið var steinn með þrjá fleti sem stóð niður úr loftinu. Steinninn var beint yfir borðinu og neðsti hlutinn var aðeins örfáa sentímetra fyrir ofan borðið.

Bill var ánægður með fund sinn. Þetta virtist vera ágætt fylgsni. Hann ákvað að sýna ekki bræðrum sínum eða vinum hellinn. Þetta yrði hans sérstaka einkaleyndarmál. Þegar hann yfirgaf hellinn, faldi hann hellismunnann svo enginn annar ferðamaður eða veiðimaður gæti fundið hann.

**Þetta** var einhver besti tíminn af æsku hans. Góðu minningarnar, frá því að þamma í gegnum skóginn, sofa undir stjörnuþjórtum himni, veiða fisk í morgunmatinn, veiða í hádegismatinn með 22 kalíber rifflinum sínum. Hittni Bill jókst, þar til hann gat skotið íkorna á 45 metra færi og hitti þá alltaf á milli augnanna. Þetta varð hluti af íþróttamennsku hans, að skjóta þá aðeins ef þeir horfðu beint á hann. Hann varð alveg eins leikinn með haglabyssu og gat auðveldlega skotið niður fugl á flugi.

Kvöld eitt haustið 1923 var hinn 14 ára gamli Bill á heimleið ásamt frænda sínum Jimmy Poole. Þeir höfðu verið á fuglaveiðum það síðdegi, en nú var hugur þeirra bundinn við

annað. Þeir grínuðust, hlógu og stjökudu hvor við öðrum. Því miður hafði Jimmy trassað að afhlaða haglabyssuna sína. Allt í einu hljóp skot af og gróf sig inn í fótleggi Bill á stuttu færi. Bill féll til jarðar og æpti upp af sársauka.

Jimmy féll á kné og kjökraði: “Fyrirgefðu Bill. Mér þykir þetta leitt. Þetta var slys. Ég ætlaði ekki...” Svo varð honum litið á fótleggi vinar síns. Andlit Jimmy fölnaði upp. “Bill ekki reyna að hreyfa þig. Ég fer og næ í hjálp.”

“Nei, ekki fara frá mér,” öskraði Bill. En Jimmy var þegar hlaupinn af stað eins og antilópa. Þegar Bill horfði niður á fætur sér varð hann skelfingu lostinn við að sjá, að þeir voru næstum skotnir í sundur. Hann lagði höfuðið aftur á jörðina og skalf af hræðslu. “Ó Guð, vertu mér líknsamur,” stundi hann. “Þú veist að ég...,” svo hætti hann og reyndi að muna eitthvað gott um líf sitt sem gæti haft áhrif á Guð til að sýna honum miskunn. Það eina sem honum datt í hug var: “Ó Guð, vertu mér náðugur. Þú veist að ég hef aldrei stundað hórdóm.”

Fljótlega birtist Jimmy aftur ásamt nágranna, Frankie Eich, sem keyrði Bill á sjúkrahúsið fyrir Clarksýslu. Bill öskraði af kvölum meðan hjúkrunarkonurnar klipptu hold í burtu og hreinsuðu opin sárin sem best þær gátu. Hr. Eich hélt í höndina á Bill. Þegar hjúkrunarkonurnar höfðu lokið starfi sínu, urðu þær að losa hendi Bill af úlnið hr. Eich. Röntgenmynd sýndi að hagl lá það nálægt einni af slagæðunum, að smá skráma gæti opnað hana og valdið blæðingum. Þetta var fyrir daga blóðgjafa. Ef Bill missti of mikið blóð, væri það banvænt.

Þessa nótt svaf Bill órólega, hann snökti og stundi af sársauka. Einhvern tíma eftir miðnætti vaknaði hann við hljóð eins og eitthvað skvettist niður. Hann þreifaði á særðum fótleggjum sínum og hendi hans kom niður á blóðpoll. Hann hringdi á hjúkrunarkonurnar, en það eina sem þær gátu gert var að þurrka upp blóðið með handklæðum og þetta umbúðirnar aðeins.

Morguninn eftir var Bill ekið inn í skurðstofuna og gefinn eter til að svæfa hann. Reeder lækni gerði hvað hann gat til að bæta skaðann, en vegna þess hve máttvana Bill var, efuðust lækarnir um að drengurinn lifði þetta af. Fyrir utan móður Bill og föður, stóðu tvær konur við hlið hans í þessari þekraun. Það voru frú Stewart, vinkona fjölskyldunnar og frú Roeder, en maðurinn hennar sá um bílaverkstæðið í bænum.

Bill svaf í átta klukkutíma af svæfingarlyfinu. Þegar hann að lokum opnaði augun, var frú Roeder það fyrsta sem hann sá. Hún sat við rúmstokk hans og grét, vegna þess hve nærri dauðanum hann var. Hann féll aftur í svefn og næsta klukkutímanna var hann ýmist með eða án meðvitundar. Síðan gerðist eitthvað, það líktist draumi, en var meira lifandi en draumur, það var afar skýrt, eins og hann væri raunverulega þarna... Í þessari meðvitund fannst honum hann vera að falla, falla niður gegnum skýjaslæður niður í dimmt tómið, falla niður, niður, niður..... Það virtist ekki vera neinn botn í þessari veröld, ekkert sem gæti stöðvað fall hans. Hann hrópaði: “Pabbi!” Orðið hljómaði kraftlaust. “Mamma!” Móður hans var hvergi að finna. “Guð!” hrópaði hann. “Gríptu mig!” Örvæntingarhróp hans virtust innantóm í endalausum tóminu. Var myrkrið óendanlegt? Var hann kominn fram hjá jarðsviðinu, út fyrir það svæði, sem Guð nærði til hans? Ef til vill myndi hann halda áfram að falla svona að eilífu. Skelfing greip hann.

Síðan heyrði hann hljóð, mjög lág hljóð, draugalega kveinstafi. Eftir því sem hann féll neðar urðu hljóðin hærri þangað til þau voru allt í kringum hann, stunur og óhljóð. Núna birtust andlit í myrkriinu, kvenandlit, hræðileg andlit með græn átusár allt í kringum augun og afmyndaða munna, sem stundu. “Ó, ó, ó.”

Bill hrópaði upp yfir sig: “Ó Guð vertu mér náðugur! Vertu náðugur! Ef þú aðeins leyfir mér að fara til baka og lifa, lofa ég þér að vera góður strákur!”

Á einu augnabliki var hann aftur kominn í sjúkrahúsið, hann horfði eins og í móðu í dökk og djúpsett augu móður sinnar. Það birti yfir svip hennar og hún faðmaði son sinn að sér, grátandi: “Ó Bill, við höldum að þú værir dáinn. Guði sé lof að þú ert enn á lífi.”

Á lífi – já, en naumlega. Á þessum árum var pensillín ekki fánlegt og hrikaleg sárin roðnuðu af sýkingu. Dvöl hans á sjúkrahúsinu varð að vikum. Branham fólkið átti enga peninga fyrir sjúkrahúsreikningum, svo að frú Roeder stóð fyrir söfnun vegna Bill. Líknarfélag kirkjunnar, frímúrarrar, Ku Klux Klan og einkaaðilar gáfu að lokum nóg til að greiða allan læknskostnaðinn.

Loks ákváðu lækarnir að Bill gæti farið heim. Því miður var þrekraun hans langt frá því lokið. Heima varð hann einnig að vera rúmliggjandi. Mánuðir liðu og ekki batnaði honum í fótleggjunum. Bill velti sér á stráðýnunni sinni margar dimmar og sársaukafullar stundir og hugsaði um þessa furðulegu reynslu sem hann varð fyrir, þegar hann sökk niður í skelfilegt myrkrið. Þetta hafði verst svo lifandi, svo raunverulegt. Hvar hafði hann verið? Lækarnir höfðu eftir á greint honum frá líkamsástandi hans á þeim tíma. Púls hans hafði fallið hratt, þannig að þeir voru fullvissir um að hann væri að deyja. Bill velti því fyrir sér hvort hann hefði getað verið að falla niður í Helvíti? Sú hugsun olli honum óróleika. Hann hugsaði: “Ó, aðeins að ég þurfi ekki að fara á svona stað. Gef að engin mannleg vera þurfi nokkru sinni að fara á svona stað.” Síðan hugsaði hann um það sem hann hafði lofað Guði. “Ef þú aðeins leyfir mér að lifa skal ég vera góður drengur.” Hvað þýddi það, að “vera góður drengur?” Og hver í ósköpunum var Guð yfirleitt? Öll þessi reynsla fannst honum furðuleg.

Þegar kaldur vetur breyttist í hlýtt vor árið 1924, var það greinilegt að sár Bill versnuðu frekar en hitt.

Kálfar hans voru svo bólgnir, að þeir voru tvisvar sinnum stærri en áður og fótleggirnir voru krepptir upp að lærum, svo hann gat ekki rétt úr hnjúnum. Dr. Reeder greindi sjúkdóm hans sem blóðeitrun vegna óhreininda sem eftir voru í sárunum. Enn á ný hékk líf Bill á bláþræði. Læknirinn mælti með því að fætur Bill yrðu teknir af frá mjöðmum. Bill gat ekki afborið þá hugsun að missa fótleggi sína. Hvernig gæti hann veitt og gengið um í skóginum. Hann gæti eins verið dáinn. Með mikilli staðfestu harðneitaði hann að láta aflima sig og sagði, með tárin í augunum: “Nei, læknir, farðu þá töluvert hærra og aflimaðu mig hérna,” hann dró línu yfir hálsinn með hendi sinni.

“Það getur verið að þú komist yfir þetta jafnvel þótt við tökum fætuna ekki af,” sagði læknirinn. “Við gætum opnað sárin og reynt að hreinsa út úr þeim. Það eru ekki miklir möguleikar á að það takist, en við getum reynt.”

Það var möguleiki sem Bill var reiðubúinn að prófa. Því var það, sjö mánuðum eftir slysið, að Bill lá aftur á skurðarborðinu. Reeder læknir og Pearl læknir, sérfræðingur frá Louisville, opnuðu sár hans á ný og leituðu vandlega að öllum óhreinindum. Þeir hreinsuðu burt fataleifar, leifar af haglabyssuforhlaðinu og eins mikið blý og þeir gátu. Síðan lokuðu þeir skurðsárunum og vonuðu það besta.

Bill svaf í marga klukkutíma af áhrifum svæfingarlyfsins. Þegar hann kom úr hreinsunareldinum í hin björta ljós meðvitundarinnar, varð Bill fyrir annarri reynslu. Hún var alveg eins lifandi og raunveruleg og hin fyrri, en allt öðruvísi. Í þetta skipti vissi hann að hann var vakandi, vegna þess að hann lá í sjúkrarúminu og horfði beint á föður sinn. Sjúkrastofan hvarf sjónum hans og Bill fannst hann vera staddur í vestrinu, standandi á sléttunni. Kaktusar og gras uxu þarna eins langt og augað eygði. Risastór gylltur kross var á himninum fyrir framan hann, bjartur sem sólin og stafaði frá honum geisladýrð. Þegar Bill teygði hendur sínar í áttina að þessu tákni, virtust geislar hans hverfa inn í brjóst hans. Síðan var þessari upplifun lokið og Bill var aftur staddur í sjúkrastofunni og horfði á föður sinn.

Aðgerðin tókst fullkomlega.

## Kafli 6

### Mikið áfall

1925-1927

**William Branham** ólst upp þar sem bruggframleiðsla fór fram. Þetta olli því, að hann fékk skekktu mynd af hinu kyninu. Oft horfði hann upp á giftar konur læðast inn í kofann að nóttu til, til að skemmta sér alla nóttina með karlmönnum sem voru ekki eiginmenn þeirra. Um morguninn voru þær oft svo drukknar að mennirnir létu þær drekka kaffi og ganga í hringi, til að það rynni nægilega af þeim svo að þær kæmust heim til að elda morgunmat handa fjölskyldu sinni. Bill hafði ógeð á svona hegðun. Hann hugsaði með sér: “Ef þær eru svona, þá vil ég ekkert með þær hafa, sama hvað er í boði.”

Vegna þessarar neikvæðu afhjúpunar, fór Bill smátt og smátt að hata allar félagslegar aðstæður sem gætu leitt hann í samfélag við stúlkur. Hvort sem það var afmælisveisla eða hlöðuball, þá gerði Bill allt hvað hann gat til að forðast það. Við fyrstu ummerki hátíðahalda, tók hann vel eftir tímasetningunni og gætti þess að hann væri upptekinn annars staðar á þeim tíma. Stundum buðu móðir hans og faðir nágroñnum heim til að gera sér glaðan dag. Á slíkum nóttum, tók Bill luktina sína og hundinn sinn og hélt út í skóginn til veiða á pokarottum og þvottabjörnum hálfu nóttina. Ef tónlistarfólkið var enn að spila á fiðlur sínar, þegar hann kom loksins heim, þá klifraði Bill upp á þak eldiviðarskýlisins og svaf þar fram í dögum.

Þegar Bill hætti í skólanum, leysti það ekki vandamál hans á neinn hátt. Það raðaði þeim aðeins upp á nýtt. Hann þurfti enn að berjast við stöðuga höfnun. Strákunum á staðnum líkaði flestum ekki við hann af því hann hvorki reykti né drakk. Stúlkunum líkaði ekki við hann, vegna þess að hann fór ekki í samkvæmi eða á dansleiki. Enginn skildi hann. Það sem verra var, Bill skildi heldur ekki sjálfan sig til hlítar. Jafnvel þótt hann kynni að meta fólk og þráði að vera viðurkenndur af því, þá gat hann ekki fengið sig til að hegða sér eins og aðrir strákar á hans aldri.

Hann hugsaði með sér: “Allt í lagi, ef ég þarf að vera útskúfaður, þá get ég orðið gildruveiðimaður. Þegar ég verð fullorðinn og get fengið næga peninga einhversstaðar til að sjá fyrir móður minni, þá fer ég eitthvað í burtu, til Colorado eða Washingtonríkis eða kannski Bresku-Kólumbíu og gerist gildruveiðimaður. Ég tek bara riffilinn minn og gildrunar og fæ mér nokkra hunda, svo bý ég þar þangað til ég dey. Og ég ætla aldrei að gifta mig.”

Bill tók alltaf tillit til móður sinnar, þegar hann gerði langtímaáætlanir. Það olli honum þjáningu hve mikla erfiðleika hún þurfti að ganga í gegnum vegna hins lágkúrulega lífsmáta föður hans. Þegar hún varð þrítug átti hún átta drengi og sá elsti var 15 ára. Það voru aldrei til nægir peningar, aldrei nægur fatnaður, aldrei nægur matur. Bill hafði séð hana sitja grátandi á dyrapallinum með ungbarn í örmum sér, læst úti úr sínu eigin húsi, meðan Charles lá einhversstaðar inni, drukkinn og meðvitundarlaus alla nóttina. Og samt hafði Ella lifað trú manni sínum í gegnum þetta allt og barðist við að fæða og klæða fjölskyldu sína og halda öllum eins ánægðum og mögulegt var. Bill elskaði hana fyrir siðferðisþrek hennar, en hann elskaði hana enn meir fyrir það að hún viðurkenndi hann eins og hann var, öll hans skringilegheit meðtalin. Honum fannst hún eiga betra skilið af lífinu og áleit velferð hennar vera á sinni ábyrgð. Fordæmi hennar gaf Bill von um það, að til væru aðrar siðsamar konur í heiminum.

Kringum árið 1926 flutti ný stúlka til bæjarins, sem varð vinkona kærustu Jimmy Poole. Þar sem Jimmy og Bill voru mikið saman, rakst Bill oft á þessa stúlku heima hjá Jimmy. Fegurð hennar lamaði hann. Honum fannst hún hafa dúfuaugu, tennur hvítar sem perlur og

þokkafullan háls sem svanurinn. Þegar Jimmy kynnti hana fyrir honum, deplaði stúlkan augunum og sagði daðurslega: “Góðan daginn.” Það nægði. Bill var fallinn í gildruna.

Seinna lék Jimmy hlutverk miðlara. “Ég held að hún sé hrifin af þér Bill.”

Bill bráðnaði innra með sér. “Heldur þú það?”

“Vissulega er hún það. Á ég að segja þér nokkuð. Hvers vegna förum við ekki bara á tvöfalt stefnumót? Við getum farið með þær í bíltúr í gamla Fordinum hans þabba míns, það er að segja ef mér tekst að koma honum í gang.”

“Ég veit ekki,” sagði Bill órólegur.

“Auðvitað. Þetta verður gaman. En við þurfum að hafa peninga. Hve mikið getur þú skrapað saman?”

Bill hikaði, síðan ákvað hann að ef þessi stúlka væri raunverulega hrifin af honum ætti hann bjóða. “Ég á 30 sent.”

Þetta líkaði Jimmy. “Gott, ég á 35 sent. Það ætti að vera nóg. Fyrir utan bensín, þurfum við líka gos eða ís eða eitthvað.”

Bill fékk hugmynd sem gæti sýnt hann í betra ljósi fyrir stúlkunni. “Veistu hvað Jimmy; þú skalt keyra og ég skal borga?”

“Það finnst mér hljóma vel.”

Þeir þurftu að lyfta hjólunum frá jörðinni og handsnúa sveif nokkrum sinnum, áður en gamli Ford, T-módelið hrökk í gang. Sólin var sest þegar þeir náðu í stúlkurnar. Bill og sú sem hann átti stefnumót við sátu í aftursætinu. Bill var alltaf feiminn og sat eins nálægt hurðinni og hann gat, meðan hún sat hinum megin. Hann vonaði að fjarlægðin milli þeirra og myrkrið myndi fela sjúskuðu fötin hans.

Þau keyrðu með skellum og með blæjuna niðri, gegnum tunglskinsbjart landslagið, án þess að vera að fara neitt sérstakt. Fram í sáu Jimmy og vinkona hans um allt samtalið. Bill sat hljóður og gaut augunum á vinkonu sína. Hann hugsaði um það hversu skínandi hún leit út í tunglskininu og hjarta hans svall af gleði yfir því að svona fegurðardís skyldi vilja fara út með honum. Kannski voru stúlkur ekki svo slæmar eftir allt saman.

Hún leit í áttina til hans og brosti. “Er þetta ekki fagurt kvöld.”

Bill sagði: “Jú svo sannarlega.”

“Það er dansleikur í kvöld í Sycamore garðinum,” sagði hún. “Förum þangað.”

Bill stífnnaði upp. “Nei, fröken, ég held að ég vilji það ekki. Ég dansa ekki.”

Þau sveimuðu svolítið lengur um landið, þar til þau komu að nýlenduvöruverslun við veginn. Bill og Jimmy voru búnir að ákveða hvað þeir ætluðu að gera. Bill ræskti sig. “Jimmy, ég er svolítið þyrstur. Finnst þér ekki að við ættum að stoppa?”

“Góð hugmynd Bill.” Jimmy stöðvaði bílinn og sagði síðan: “Ég fer inn og næ í eitthvað að borða og drekka.” Þetta var líka fyrirfram ákveðið, vegna þess að Jimmy átti ekki penni í eigu sinni. Þeir höfðu eytt 25 sentum í bensín. Þá voru eftir 40 sent, sem Bill geymdi vandlega í vasa sínum.

Bill sagði: “Ég skal fara Jimmy.”

Samlokurnar kostuðu 30 penni, stórar samlokur með skinku og lauk. Jimmy átti rétt nóg eftir fyrir fjórum kókflöskum. Þau borðuðu í bílnum og nutu svals næturloftsins. Bill leið vel. Stúlkan var virkilega hrifin af honum! Í kvöld var hann hluti af hópnum. Hann var eitthvað.

Þau kláruðu kókið og Bill fór inn með glerin til að selja þau. Þegar hann kom aftur út, sátu hin þrjú í bílnum og voru að reykja. Bill trúði varla eigin augum, vinkona hans, þessi laglega unga stúlka, var að reykja. Hún hallaðu höfðinu aftur og blés reyknum út um nefið. Bill varð óglatt. Hann klifraði inn bakdyramegin og hlammaði sér niður í sætið. Stúlkan hans spurði: “Langar þig í sigarettu, Bill?”

“Nei,” sagði hann dræmt. “Ég reyki ekki.”

Hún leit út fyrir að vera pirruð. “Bill Branham, hvað er að þér? Fyrst segist þú ekki dansa. Núna segir þú mér að þú reykir ekki heldur. Að hverju hefur þú gaman?”

“Mér finnst gaman að skotveiðum og fiskveiðum.”

“En leiðinlegt.” Hún breytti upp á efri vörina sem merki um ógeð sitt á þessu. “Hérna, reyktu þessa sígarettu og lífgaðu upp á líf þitt.”

“Nei,” sagði hann. “Ég held ég vilji það ekki.”

“Ætlarðu að segja mér að við stelpurnar séum meiri karlar en þú?” Hnussaði hún. “Skræfa.”

Skræfa? Þetta hræðilega orð var verra en ef bifursgildra hefði skolið aftur um ökkla hans. Skræfa. Hann fann til sársauka í hjartanu! Skræfa? Ekki hann. Hann var “stóri, harðsnúni Bill,” veiðimaðurinn, gildrumaðurinn, bardagahetjan. Skræfa? Hann skyldi bara sýna henni. “Réttu mér þessa sígarettu!” skipaði hann.

Hún dró drýgindalega eina upp úr pakkanum og rétti honum.

Bill sagði: “Gefðu mér eldspýtu.”

“Þetta er mannalegra,” sagði hún og rétti honum sígarettu.

Bill kveikti í eldspýtunni og lyfti bæði henni og sígarettunni upp að munni sínum, sitt í hvorri hendinni. En áður en sígarettan næði að vörum hans, heyrði hann hljóð. Það hljómaði eins og þegar vindurinn skríjafar í laufi. Hönd hans með sígarettunni seig niður á við og hann hlustaði ákaft. Hann heyrði það ekki lengur. Hann hugsaði: “Uss, þetta var bara ímyndun.”

Stúlkan hans spurði: “Hvað er að Bill.”

Hann hristi höfuðið. “Ekkert. Ég er bara að reyna að kveikja í henni.”

Aftur lyfti hann sígarettunni upp að munnum. Aftur heyrði hann hljóðið. Svólítið hærra í þetta skiptið. Þetta var lágt vindhljóð sem sótti í sig veðrið og varð síðan kraftmeira þar til það urraði í eyrum hans.

*Hvisssh.* Hendi hans fraus, komin hálfleiðina upp að munni hans. Hugur hans leiftraði til baka til djúpu raddarinnar í öspinni, sem varaði hann við: “*Aldrei drekka, reykja, eða fara illa með líkama þinn á nokkurn hátt. Þú hefur verk að vinna þegar þú verður eldri.*” Hönd hans tók að skjálfa. Eldspýtan brann upp og brenndi hann í fingurgómana. Síðan missti hann sígarettuna. Hann fór að gráta.

Stúlkan hans hreytti út úr sér: “Núna veit ég að þú ert skræfa.”

Reiður, æstur og hræddur, opnaði Bill hurðina, hoppaði út og hóf að ganga eftir veginum, ennþá grátandi. Jimmy keyrði upp að hlið hans. “Komdu inn Bill.”

Bill hristi höfuðið. “Nei, Jimmy,” og hélt bara áfram göngu sinni. Jimmy ók hægt við hlið hans og hvatti hann til að koma upp í bílinn; en á sama tíma stríddi kærasta Bill honum miskunnarlaust: “Bill Branham, hvílik skræfa. Ég hélt þú værir maður.”

“Það hélt ég líka,” sagði Bill með grátstafinn í kverkunum og beygði út af veginum, þar sem bíllinn gat ekki elt hann. Hann gekk eins og vélmenni þar til hann var kominn yfir hæðina, úr sjónmáli frá veginum. Þá lét hann sig falla niður á jörðina og grét fyrir framan mánann. “Ég er til einskis nýtur. Ég get ekki átt vini. Ég er svartí sauðurinn meðal strákanna. Engum líkar við mig. Til hvers á ég að lifa? Ó, ef það væri bara einhver leið til að ég geti endað líf mitt hérna og bundið enda á þetta allt. Ég er fangi í einhverju undarlegu og ég veit ekki hvað ég á að gera.”

Hann grét þar til hann hafði lokið við að úthella tilfinningum sínum. Síðan sat hann þarna, starði á tunglsljósið og fannst hann vera eins og dauður og líflaus steinn sem svífur um geiminn. Allt í einu fann hann fyrir einhverju furðulegu, eins og þrýsting við húð sína. Hann fékk þá óþægilegu tilfinningu að vera ekki einn. Hann hélt niðri í sér andanum og hlustaði vandlega. Ekkert hljóð heyrðist. Hann leit í kringum sig á akrinum sem var baðaður í tunglsljósinu. Það var enginn í auglýn og samt sem áður, fann Bill að einhver eða eitthvað stóð mjög nálægt honum. Hrollur fór um hann. Hann tók skelkaður til fótanna heim á leið.

Þessi upplifun og aðrar álíka, lét Bill vita af því að líf hans var ólíkt lífi annarra og það var ekki aðeins vegna fátæktarinnar. Skrýtnir hlutir héldu áfram að verða á vegi hans og



kvelja hann, eins og þegar hann rakst á spákonuna. Hann og Jimmy Poole voru staddir á kjötkveðjuhátíð. Þeir gengu niður aðalgötuna og hlustuðu á raddirnar sem kynntu alls kyns leiki og sýningar. Drengirnir gengu fram hjá tjaldi spákonunnar. Fyrir utan tjaldið stóð ung sígaunakona.

“Heyrðu, þú þarna,” kallaði sígaunakonan. “Komdu hérna aðeins.” Báðir drengirnir sneru sér við. “Þú í röndóttu peysunni,” bætti hún við.

Bill var sá sem var í röndótttri peysu. Hann gekk yfir til konunnar og hélt að hún ætlaði ef til vill að biðja hann að kaupa fyrir sig samloku og kók. “Já frú, hvað get ég gert fyrir þig?”

Hún sagði: “Vissir þú að það er ljós sem fylgir þér?” Þetta fannst Bill furðuleg staðhæfing. “Ljós? Hvað meinar þú?”

Hún útskýrði: “Ég sé að þú ert fæddur undir merki. Það voru þrjár stórar plánetur í röð á fæðingarstund þinni og þær skerast allar í Neptúnusi, mjög djúpt. Þess vegna er ljós sem fylgir þér. Þú fæddist með guðlega köllun í lífi þínu.”

Bill varð reiður. “Hlustaðu á mig kona, þegiðu bara!” hreytti hann út úr sér og flýtti sér í burtu eins hratt og hann gat.

Seinna sagði hann móður sinni frá þessu. Hún sagði: “Bill, þú gerðir það sem rétt var. Þessar spákonur eru af Djöflinum.”

Þetta olli honum heilabrotum. Hvers vegna myndi einhver sem svo augljóslega var af Djöflinum benda á að það væri, hvað hafði sígaunakonan kallað það? “Guðleg köllun yfir lífi hans?”

Bill sem gat alls ekki skilið sjálfan sig, varð óánægðari með aðstöðu sína, með hverjum deginum sem leið. Hvers vegna var hann alltaf eins og ljóti andarunginn, ófær um að samlagast jafningjum sínum? Og heimili hans var heldur enginn griðastaður. Jafnvel þótt Charles hefði þegar hér var komið sögu, flutt fjölskyldu sína úr kofanum á landi hr. Wathen í stærra hús í úthverfi Jeffersonville, þá var lífið heima þröngt og óreiðufullt. Í ágúst árið 1927 eignaðist Ella níunda barn þeirra, James Donald. Það gerði níu drengi, frá aldrinum eins árs til átján ára, sem allir bjuggu og rifust undir sama þaki.

Bill fann ávallt mesta friðinn í göngutúrum úti í skóginum með hundinum sínum Fritz. Svo kom stóra höggið. Herra Short, aðstoðarmaður lögreglustjórans á staðnum, eitraði fyrir Fritz. Bill varð brjáláður af hatri. Charles náði syni sínum á leið til lögreglustöðvarinnar, með riffil í hendi.

“Ég ætla að drepa hann pabbi,” sagði Bill höstuglega og skalf af reiði.

Charles mjakaði byssunni úr hendi hins skapheita sonar síns. “Þú gerir það ekki, ekki ef ég fæ einhverju ráðið.”

Bill sneri aftur til grafar hundsins, fór niður á hnén og tók hattinn af höfði sér. “Fritz, þú hefur verið mér vinur og sannkallaður félagi. Þú hefur fætt mig og klætt og kennt mér. Ég ætlaði að hugsa vel um þig þegar þú yrðir gamall. En nú hefur hr. Short drepit þig fyrir tímann. Ég lofa þér Fritz að hann mun ekki lifa. Einhvern tíma mun hann verða á gangi á götunni og þá keyri ég yfir hann á bílnum mínum. Ég skal ná til hans fyrir þig.”

Nú, þegar besti vinur hans var horfinn, fann Bill fyrir meiri þörf enn nokkru sinni áður, að breyta einhverju í lífi sínu, svo hann fór yfir ána til Louisville í Kentucky og skráði sig í flotann. Þegar hann tilkynnti móður sinni það um kvöldið, varð hún bálreið. Morguninn eftir fór hún á skráningarskrifstofu flotans og sannfærði þá um að taka nafn sonar síns af listanum.

Bill gerði sér grein fyrir því, að ef hann ætlaði að gera einhverjar stórar breytingar yrði hann að gera það í leyni. Síðar sama haust gafst honum tækifæri. Hann þekkti mann sem hét Francisco, sem var að búa sig undir að keyra vestur til Phoenix í Arizona. Bill minntist á það við þennan mann að hann hefði sjálfur hug á komast til Arizona einhvern daginn. Herra Francisco skildi hálfkveðna vísu og bauð Bill að fara með sér, ef hann aðstoðaði við keyrsluna á þessu 3200 kílómetra langa ferðalagi. Bill tók boðinu og brátt voru þeir tilbúnir að halda af stað. Bill sagði móður sinni að hann ætlaði í útilegu í eina eða tvær

vikur hjá Tunnel Mill. Þannig gat hann farið burt án þess að hún reyndi að fá hann til að hætta við. Hann myndi skrifa henni bréf þegar hann kæmi til Arizona og útskýra allt.

## Kafli 7

### Flóttinn til eyðimerkurinnar 1927-1929

**Pegar** William Branham kom til Phoenix í Arizona, borgaði Francisco honum 3 dollara fyrir keyrsluna. Það voru allir þeir peningar sem Bill átti til í eigu sinni, en hann hafði engar áhyggjur. Hann var viss um að honum myndi gefast eitthvað tækifæri. Þetta var í desember árið 1927. Hann var 18 ára gamall og var að springa af spenningi yfir þessu nýja tækifæri sem lífið hafði gefið honum.

Eftir að hafa skrifað móður sinni bréf til útskýringar, hélt Bill af stað til að kanna borgina. Fljótlega rakst hann á óformlega reiðlistarsýningu. Hann hugsaði með sér: “Ég er mjög góður knapi. Þar sem ég á enga peninga, hvers vegna ekki vinna sér inn skjótan gróða á þessari sýningu? En ég verð að ná mér í buxur áður en ég geng fram fyrir alla þessa kúreka.” Hann gekk niður götuna að næstu fatabúð og mátaði leðurbuxur. Þær voru frábærar. Orðið Arizona var ritað á beltið og það var mynd af nautshaus á sitt hvorri skálm og tölur fyrir augu. En þær voru allt of síðar, leðurskálmannar drógust eftir gólfinu. Bill horfði á sjálfan sig í speglinum og hugsaði: “Ég lít út eins og ég veit ekki hvað.”

Afgreiðslumaðurinn sagði: “Þessar kosta 25 dollara herra minn.”

Bill var feginn að fá afsökun fyrir að kaupa ekki buxurnar. “Ég er hræddur um að ég eigi ekki nema 3 dollara.”

Afgreiðslumaðurinn kom með tillögu: “Þú ættir að láta þér nægja að kaupa eitt stykki Levis gallabuxur.”

Bill keypti einar Levis buxur og kúrekahatt og hélt aftur til sýningarinnar. Uppi á girðingunni sat röð af kúrekum. Þeir voru hjólbeinóttir og svo afmyndaðir í framan að þeir litu út eins og þeir væru búnir að vera í mörgum stórum rekstrum og stríði milli búgarða. Bill hugsaði með sér: “Þarna á ég að vera.” Hann klifraði upp á girðinguna við hliðina á þeim. Allir í kringum hann umluðu af eftirvæntingu. Bill hafði komið einmitt í þann mund, sem frægur knapi átti að stíga á bak villtum fola. Hesturinn var í stíu, stutt frá. Bill horfði á hinn langleggjaða knapa sveifla sér upp í hnakkinn og hann hugsaði: “Ef þessi náungi getur ekki riðið þessum hesti, þá skal ég gera það.”

Um leið og hliðið var opnað, hneggjaði hesturinn og hljóp úr stíu sinni með alla fjóra fætur á lofti. Reiðmaðurinn sveif úr hnakknum eins og fuglahræða. Hann lenti með miklum skelli á jörðinni, lá þar hreyfingarlaus og það blæddi úr nösnum hans. Meðan nokkrir menn náðu í folann og fóru með hann í stíuna, náðu aðrir í knapann, báru hann inn í sjúkrabíl og keyrðu á brott.

Maður gekk hægt framhjá girðingunni, þar sem Bill sat ásamt öllum leðurklæddu kúrekunum. Hann sagði: “Ég ætla að gefa þeim manni 50 dollara sem getur haldið sér á baki þessa hests í 30 sekúndur.” Maðurinn stoppaði til að líta í augu kúrekanna og endurtaka boðið. Síðan stöðvaði hann fyrir framan Bill og spurði: “Ert þú knapi?”

“Nei herra,” sagði Bill sauðslega.

**Bill** réð sig á nautgripabúgarð norðvestur af Phoenix, nálægt lítilli borg sem heitir Wickenburg. Hæfni hans á hestbaki jókst, þar til hann sinnti að lokum vinnunni á búgarðinum sem ekta kúreki, alveg eins og hann hafði alltaf dreymt um að verða.

Fegurð sléttunnar var framar hans björtustu vonum. Umhverfis risu hrjóstrug fjöll upp úr gresjunni. Eyðimörkin var ímynd fjölbreytileikans. Risakaktusar uxu á víð og dreif um sléttuna og í giljum. Ýmsar tegundir af öðrum kaktusum, uxu þarna um allar jarðir.

Dýralífið heillaði hann einnig. Þarna voru skröltormar, kengúrurottur og villisvín. Þetta var allt svo framandi, svo allt öðrúvísi en skóglendi Ohiodalsins. Að hugsa sér að hann skyldi vera þarna mitt á meðal; á hestbaki, sparkandi upp slétturyki, að vinna með kúrekum

og sinna langhyrndum nautgripum. Þetta var lífið. Hvað gat hugsanlega verið betra? Honum leið eins og hann hefði stigið beint inn í eina af kvikmyndunum sem hann horfði á sem drengur.

En eftir eitt og hálf ár við vinnu á búgarðinum fór ímynd fullkomleikans að renna af þessu öllu saman. Eftir því sem leið á sumarið 1929 varð Bill æ óánægðari. Oft velti hann því fyrir sér hvað gæti verið að. Hann hafði komið til eyðimerkurinnar til að finna frið og fullkomleika, en friður og fullkomin gleði virtust einhvern vegin forðast hann. Hann var ekki ánægður, ekki fullkomlega. Eitthvað vantaði enn upp á líf hans. En hvað?

Loks leið að haustréttum. Á hverju sumri héldu bændurnir hjörðunum til haga á sömu gresjulöndunum hátt uppi í fjöllumunum, þar sem grasið óx þétt á milli furutrjána. Á hverju hausti unnu þeir saman að því að smala hinni dreifðu hjörð, reka hana niður í dalinn og skilja svo sundur eftir brennimerkjum. Í fyrra hafði Bill fundist haustréttirnar eitt af því mest spennandi sem hann hafði nokkru sinni tekið þátt í. En allt þetta ár fann hann fyrir sama óróleika og hafði truflað hann sumarlangt. Hvað var eiginlega að?

Þegar kvöldaði, tók Bill hnakkinn af hestinum og setti hann niður nálægt búðaeldinum og notaði hann fyrir kotta. Eftir kvöldmatinn lagðist hann niður með höfuðið á hnakknum og horfði á sólina setjast bak við fjöllin og varpa glitrandi rauðum, bleikum og appelsínugulum geislum yfir himininn. Gamall maður frá Texas sem hét Slim, stillti strengi gítarsins síns. Á hverju kvöldi fylltu tónar Slim eyðimerkurloftið. Hann söng kúrekasöngva, ásamt öðrum kúreka sem lék á greiðu og mynduðu hljóðfæri þeirra göfugan samhljóm. Slim söng þennan söng.

*Í gærkvöld er ég lá á gresjunni  
og horfði upp í himininn.  
Spurði ég hvort kúreki geti gengið  
inn í hið fagra smátt og smátt.*

*Það er vegur til hins fagra staðar  
og það er dimmur vegur segja þeir,  
en breiði vegurinn til glötunarinnar  
er merktur og lýstur alla leið.*

*Þeir tala um þann sem allt tilheyrir  
og hjá honum er aldrei yfirfullt.  
Það er alltaf pláss fyrir syndara,  
sem rekst á hinn mjóa þrönga veg.*

*Þeir segja að hann muni aldrei yfirgefa þig  
og hann þekkir hverja athöfn og mál.  
Til öryggis ættum við öll,  
að fá nafn okkar brennimerkt í lífsins bók.*

*Því þeir segja að það verði stór smölun,  
þar sem kúrekar allir sem einn  
munu standa og verða merktir af knöpum réttlætisins,  
sem þekkja hvert einasta líf.*

*Ætli ég verði ekki bara eins og frávíllt naut,  
aðeins maður dæmdur til dauða.  
Ég verð skorinn niður með hisminu,  
þegar höfðingi knapanna ríður hjá.*

Bill skildi hvað orð þessarar ballöðu þýddu. Frávillt naut voru ómerktur búpeningur sem enduðu sem súpukjöt. Og hvað með eigandann sem allt skráir í bók lífsins? Bill velti því fyrir sér, hvort þetta væri það sem var að trufla hann. Hafði það eitthvað að gera með Guð?

Slim raulaði annað lag, gamlan sálm í þetta skiptið:

*Við krossinn þar sem frelsari minn dó,  
þar sem ég hrópaði á frelsun frá synd,  
var hjarta mitt hreinsað með hans heilaga blóði.  
Dýrð sé nafninu hans.*

Meðan hann hlustaði á þetta hæga, fagra lag, fann Bill fyrir ákveðnum sársauka í brjósti sínu. Hann sneri sér við og togaði teppið upp fyrir haus og skildi aðeins eftir op fyrir augu og munn. Stjörnurnar virtust svo nálægar, eins og þær væru límdar á himininn rétt fyrir ofan fjöllin. Í hinu ævarandi hvísli vindsins í furutrjánnum ímyndaði Bill sér að Guð væri að kalla á hann, eins og hann kallaði á sinn fyrsta son sem hafði farið afvega: “Adam, Adam hvar ert þú?”

Eftir þrjár vikur var smöluninni lokið. Kúrekarnir héldu heim á leið til að fá greiðslu sína og til að lesa póstinn sinn. Bill hafði fengið bréf frá móður sinni, sem hafði verið sett í póst fyrir nokkrum vikum. Inn á milli annarra fréttu, minntist hún á það að Edward væri mjög veikur. Bill tók þessu ekki alvarlega og gerði því skóna, að bróðir hans væri með kvef eða flensu.

Þetta síðdegi fóru allir kúrekarnir inn til Phoenix til að skemmta sér. Jafnvel þótt Bill væri ekki í eins miklu hátíðaskapi og hinir, fór hann með til að breyta um umhverfi. Meðan allir héldu inn á bar, gekk Bill aleinn niður götuna. Hjarta hans var enn órótt. Hvað var að? Hann var örugglega ekki með heimþrá. Hann elskaði Arizona, elskaði eyðimörkina og naut vinnu sinnar. En einhvern vegin var hann samt tómur innra með sér, ófullnægður. Hann gat ekki komist til botns í þessu.

Hann sat um stund og fylgdist með umferðinni. Sæt, lítil spænsk stúlka gekk fram hjá honum, deplaði augunum og missti hvíta vasaklútinn sinn. Bill, sem í huganum var einhvers staðar langt í burtu, sagði: “Heyrðu, þú misstir vasaklútinn þinn.” Stúlkan tók hann upp og hélt leiðar sinnar.

Bill heyrði tónlist sem barst neðar úr götunni. Hann gekk á hljóðið, þar til hann kom að tómu reiðlistarsvæði. Þar, rétt hjá stöllunum, sat gamall kúreki og lék á gítarinn sinn og söng:

*Við krossinn þar sem frelsari minn dó,  
þar sem ég hrópaði á frelsun frá synd,  
var hjarta mitt hreinsað með hans heilaga blóði.  
Dýrð sé nafninu hans.*

En þessi kúreki söng þetta með miklu meiri innlifun en Slim hafði gert úti á sléttunni. Tárin runnu niður hrukkóttar kinnar hans. Þegar hann hafði lokið söng sínum, sneri hann sér að Bill og sagði: “Bróðir, þú veist ekki hvað þetta er, þar til þú hefur tekið á móti hinum undursamlega Jesú Kristi.” Og hann söng viðlagið aftur: “Dýrð sé nafninu hans.” Bill tók ofan hattinn og gekk burt. Hjarta hans svall af ólýsanlegum tilfinningum.

Þegar Bill kom aftur á knæpuna, voru félagar hans farnir að hlæja og láta öllum illum látum. Þeir skutu við tærnar hver á öðrum, til að fá hina til að hoppa í loft upp. Þeir veðjuðu 5 dollurum, hvort þeir gætu gengið eftir beinni línu og allir voru orðnir svo drukknir að þeir gátu varla gengið. Bill smalaði þeim inn í bílinn og keyrði þá heim til Wickenburg.

Morguninn eftir þegar hann kom inn í matsalinn, var honum afhentur miði þar sem stóð: “Bill, komdu og finndu mig við norðurhliðið. Mjög mikilvægt.”

Pop, gamall einmana kúreki beið eftir honum við girðinguna. “Ég er hræddur um að ég hafi slæmar fréttir fyrir þig,” sagði Pop og rétti honum símskeyti þar sem á var ritað: “Edward, bróðir þinn dó í gær. Komdu strax heim.”

Þessar fréttir gerðu hann orðlausan. Þetta var fyrsti dauðinn sem hann hafði upplifað í sinni nánustu fjölskyldu. Hann sneri sér frá Pop og hélt út á gula sólbakaða sléttuna meðan tárin runnu úr augum hans.

Það kom upp í huga hans hve lífið hafði oft verið þeim erfitt sem drengjum. Fara í skólann án þess að vera almennilega fataðir; án skólabóka eða pappírs eða blýanta og oft án þess að fá nóg að borða. Svo mundi Bill eftir því þegar hann stal poppinu frá bróður sínum. Ó, ef hann gæti aðeins snúið tímanum til baka þá myndi hann aldrei stela svona frá vesalings hungruðum vini. En hann gat ekki snúið tímanum til baka. Nú gat hann ekki einu sinni sagt Edward að hann iðraðist þessa. Edward var farinn. Bill velti því fyrir sér hvort Edward hefði verið reiðubúinn að mæta Drottni sínum. Síðan sló hugsun niður í hugann. Hvað um hann sjálfan? Var *hann* reiðubúinn að mæta Drottni?

Bill fór heim til Jeffersonville til að vera við jarðarförina. Við lok ræðu sinnar sagði séra McKinney: “Það getur verið að hér séu einhverjir sem ekki þekkja Guð. Ef svo er taktu þá á móti honum núna.” Bill tók fast um sætisbakið til að aftra sér frá því að standa upp. Eitthvað undarlegt togaði í hjarta hans, einhver segull sem hann skildi ekki. Hvað sem það var, þá leið honum ekki vel fyrir vikið.

Eftir jarðarförina ætlaði Bill að fara aftur til Arizona, en móðir hans bað hann svo heitt að verða eftir í Indíana að hann lét loks til leiðast, að því gefnu að hann fyndi einhverja vinnu. Fljótlega fann hann vinnu við að grafa skurði fyrir gasleiðslum, fyrir bæjarfélagið. Hann ákvað að dvelja í Jeffersonville, alla vega um hríð.

Snjórinn féll seint veturinn 1929. Þegar Bill vaknaði og sá jörðina frosna og alpakta snjó, tók hann eitt af teppum móður sinnar og sópaði snjónum af gröf Edwards. Síðan breiddi hann teppið yfir hina nýju gröf. Hann vildi að Edward væri hlýtt.

## Kafli 8

### Merkið fylgir honum 1929

Í október 1929 hrundi verðbréfamarkaðurinn í New York og Bandaríkin voru þar með lent í mestu efnahagskreppu sem þau höfðu nokkurn tíma haft. Þúsundir banka lokuðu dyrum sínum, meðan hinir hjálparvana bankamenn laumuðust út um bakdyrnar, til að forðast reiða kröfuhafa. Að endingu snerti kreppan hvert einasta svið efnahagsins. Verksmiðjur drógu úr framleiðslu sinni eða lokuðu. Bændur hertu beltisólina eða urðu gjaldþrota. Atvinnuleysi jókst hröðum skrefum, þar til einn af hverjum fjórum verkamönnum í Bandaríkjunum hafði ekkert að gera.

Jafnvel þótt starf William Branham hjá bæjarfélaginu í Jeffersonville gæfi honum aðeins 20 sent á tímann í aðra hönd, leit hann á það sem heppni að hafa yfirleitt einhverja vinnu. Hann ætlaði enn að gerast gildruveiðimaður í fjöllum fyrir vestan, en eins og nú var ástatt, þarfnadist heimilið launaávísunar hans. Heilsa föður hans versnaði, vegna hinnar miklu og stöðugu áfengisdrykkju hans. Charles Branham, sem var 38 ára, var ekki bara atvinnulaus, vonir um að hann fengi einhvers staðar vinnu voru ekki miklar. 2. nóvember 1929, eignadist Ella Branham tíunda og síðasta barn þeirra. Loksins, eftir að hafa eignast níu drengi, fékk hún litla stúlku. Ella nefndi dóttur þeirra Fay Delores Branham, en hún var alltaf kölluð miðnafni sínu. Þannig að af þeim ellefu manns sem bjuggu í húsinu, var það aðeins Bill sem hafði einhverja atvinnu. Bill fannst það skylda sín að sjá fyrir hinum fjölskyldumeðlimunum, að minnsta kosti nokkur ár í viðbót.

Það átti vel við Bill, að vinna hjá hinu opinbera. Vinna hans hélt honum úti við, allt árið um kring og verkefni voru mjög breytileg frá viku til viku, svo honum leiddist aldrei. Eina vikuna var hann að grafa skurði fyrir gaslögnum, þá næstu gat hann verið að lesa af mælum eða lagfæra gasleiðslur eða klifra upp í staura til að gera við rafmagnslínur. Eini hluti starfsins sem honum leiddist var að loka fyrir rafmagnið hjá viðskiptavinum, sem gátu ekki borgað reikninga sína. Eftir því sem kreppan jókst, gerðist þetta allt of oft til að honum líkaði það.

Þótt Bill væri ánægður með vinnu sína, þá nægðu 8 dollarar á viku engan vegin til að sjá fyrir ellefu manns. Því greip hann tækifærið þegar honum var boðið hlutastarf sem skógarvörður fyrir Indíanafylki. Þetta þýddi, að hann kæmist reglulega út úr bænum til að kanna skóglendið. Það virtist alfullkomið að fá borgað fyrir það sem hann naut að gera. Í raunveruleikanum var þetta nú ekki svona. Kaup hans átti að fara eftir því hvað hann afhenti marga sektarmiða þeim sem gerðust á einhvern hátt brotlegir gegn veiðilögnum. En Bill gat aldrei fengið sig til að skrifa þannig miða. Honum fannst það frekar til góðs að setjast niður með hinum brotlega og útskýra nauðsyn laganna og mikilvægi þess að fylgja þeim. Afleiðingin varð sú að Bill gaf á endanum mest af tíma sínum, en fyrir hann voru næg laun fengin í þeirri ánægju sem honum veittist við að þramma í gegnum skóglendin.

Dag einn átti Bill að fara eftirlitsferð um Henryvilleþjóðgarðinn, 32 kílómetra norður af Jeffersonville. Um leið og hann steig upp í rútna frá Greyhound fyrirtækinu gagntók hann undarleg tilfinning, eins og þrýstingur. Það var eins og eitthvert ósýnilegt afl væri að þrýsta sér gegn honum. Rútan var yfirfull. Farþegar sátu í hverju einasta sæti og margir stóðu í ganginum. Bill mjakaði sér fram að miðjum vagni, staðnæmdist svo mitt á milli miðaldra konu og sjóliða.

Konan leit upp og sagði: “Halló,” í þann mund sem vagninn rann af stað frá stoppistöðinni. Bill svaraði: “Góðan daginn.” Hann starði út um gluggann og horfði á húsin renna framhjá. Þetta undarlega afl þrýsti sér nú að honum af meiri krafti. Það leit út fyrir að koma frá þéttvöxnu konunni. Bill sá út um annað augað að hún horfði beint framan í hann. Honum leið óþægilega í návist hennar.

Brátt hóf hún samræður. “Ert þú foringi í hernum?”

Bill var í skógavarðarbúningnum sínum og með skammbyssu í hulstri á síðunni. “Ég er skógarvörður,” svaraði hann.



William Marrion Branham í búningi skógarvarðar

“Þú ert einmana, er það ekki?”

“Nei, frú,” laug hann.

“Þú ert ekki heima hjá þér,” sagði hún.

“Ég á ekkert annað heimili.”

Hún hristi höfuðið. “Nei þú fæddist fyrir vestrið.”

Bill brá eins mikið við þetta og ef einhver hefði heldt ísköldu vatni niður bak hans. “Um hvað ertu eiginlega að tala?”

“Það er víst best að ég útskýri þetta. Sjáðu til, ég er stjörnuþákona.”

Bill stundi innra með sér og hugsaði: “Hér er ein í viðbót af þessu skrytna fólki.” Hann færði sig fjær henni og nær sjóliðanum.

Hún fylgdi honum eftir og ruggaði dálítið með hreyfingum rútunnar. Hún sagði: “Mig langar að tala aðeins við þig.” Bill hélt áfram að horfa beint fram fyrir sig eins og hann heyrði þetta ekki. Hún gafst ekki upp:

“Má ég tala svolítið við þig?”

Bill hunsaði hana. Hann hugsaði: “Þetta er ef til vill ekki mjög herraþáttur af mér, en ég vil alls ekki tala við hana.”

Þrátt fyrir þetta lét konan hann ekki í friði: “Heyrðu, þú þarna skógarvörður, get ég aðeins talað við þig í nokkrar mínútur?”

Bill sneri sér loksins við og sagði stuttur í spuna: “Hvað viltu?” Hann fann til sektarkenndar yfir að vera svona ruddalegur, en hann langaði bara alls ekki til að tala við stjörnuþákonu. Hann minntist þess sem sígaunakonan hafði sagt honum á kjötkveðjuháttíðinni og minningin vakti upp óróleika.

Konan spurði: “Ert þú kristinn?”

“Nei,” hreytti hann út úr sér “og hvað varðar þig um það?”

Hún yppti öxlum. “Ó, ég var bara að velta því fyrir mér. Vissir þú að þú ert fæddur undir merki?”

Bill kyngdi munnvatni. “Sjáðu til frú, mig langar ekki til að vita neitt um það. Ég veit að ég er stuttaralegur við þig, en ég meina það, ég vil ekkert um þetta vita.”

Hún dró aðeins í land. “Ó, vertu ekki svona harður.”

“Ég vil ekki særa tilfinningar þínar, en ég veit ekkert um nein trúarbrögð og vil ekki vita.”

Bill sneri sér frá henni og starði fram hjá sjóliðanum fram í vagninn.

“Þú ættir ekki að láta svona. Þetta hefur ekkert með trúarbrögð að gera. Ég er á leiðinni til Chicago að heimsækja son minn sem er baptistaprestur. Ég vinn í Hvítahúsinu. Vissir þú að afstaða stjarnanna hefur áhrif á atburði hér á jörðinni?”

“Ég veit ekkert um það,” sagði Bill.

Hún sagði: “Það stendur sjóliði fyrir framan þig. Spurðu hann hvort tunglið stjörni ekki sjávarföllum.”

“Ég er nógu skynsamur til að vita það,” sagði Bill.

Konan hélt áfram: “Jæja, það eru margir aðrir himinhnettir sem hafa áhrif á jörðina. Myndirðu trúa mér ef ég segði þér hvenær þú ert fæddur?”

Bill muldraði í óþægindum sínum: “Þú gætir í fyrsta lagi alls ekki gert það.”

Hún brosti, “ó jú, það get ég. Þú fæddist 6. apríl árið 1909, klukkan fimm að morgni.”



Fýlusvipurinn á Bill varð að undrunarsvip. “Það er rétt. Segðu þessum sjóliða núna hvenær hann er fæddur.”

Hún sagði. “Það get ég ekki. Sjáðu til. Þú fæddist undir merki. Hafa prédikarar alls ekki talað um þetta við þig?”

“Ég hef ekkert með prédikara að gera. Alls ekki neitt.”

Augu konunnar urðu fjarlæg eitt augnablik, meðan hugur hennar fylgdi þessari hugdettu eftir. “Er það ekki furðulegt að prédikarar vita þetta ekki?”

Bill endurtók. “Ég sæki ekki þá staði þar sem þeir eru.”

Hún beindi sjónum sínum aftur að honum. “Sjáðu til, mig langar að segja þér svolítið. Þú fæddist undir merki, sem gjöf til mannkynsins. Ef þú bara gerðir þér grein fyrir því ...”

Hann tók fram í fyrir henni. “Kannski verð ég annar Daniel Boone. Mér finnst gaman að veiða og ég fæddist í Kentucky.”

“Nei, það er ekki þetta sem ég er að tala um.”

“Nú, eða kannski kaupsýslumaður. Ég er með barnaskólamenntun.”

Henni virtist ekki skemmt. “Ég er ekki að tala um þetta. Ég veit ekki hvað þú verður, en ég sé það á útgeislun þinni að þú fæddist sem gjöf. Manstu söguna um það hvernig vitringarnir fylgdu stjórnunni eftir og fundu Jesúbarnið?”

“Ég veit ekkert um trúarbrögð.”

“En þú hefur heyrt um vitringana sem komu til að hitta Jesúbarnið, er það ekki?”

“Jú.”

“Nú, hverjir eru vitringar?”

“Ó, þeir voru bara *vitrir*, það er það eina sem ég veit.”

Hún kom með útskýringu: “Vitringarnir voru það sama og ég er. Þeir voru stjörnuspámennt, horfðu til stjarnanna. Veistu, að áður en Guð gerir nokkuð á jörðinni, lýsir hann því yfir á himninum. Hann gerði það þegar Jesús fæddist. Þrír hnettir röðuðu sér upp í röð, þannig að það vakti athygli stjörnuspekinga úr austri. Einn af þeim var afkomandi Sem, annar Kam og þriðji Jafets, sona Nóa. Þeir táknuðu allt fólkið á jörðinni. Hver þessara þriggja manna ferðaðist út af fyrir sig án þess að vita af hinum, þar til þeir komu til Jerúsalem. Þaðan fóru þeir til Betlehem og fundu Jesúbarnið. Þeir vissu að Jesús var sá sem þeir leituðu að vegna útgeislunar hans. Þú veist hvað útgeislun er, er það ekki? Það er hið yfirnáttúrulega ljós sálarinnar. Allir hafa áru, þær eru mismunandi á litinn og hver litur hefur merkingu. Gullið þýðir gjöf frá Guði. Þannig að þessir þrír vitringar tilbáðu Jesú og gáfu honum gjafir. Þeir fóru í þann mund sem stjórnurnar fjarlægðust og héldu áfram á braut sinni. Til minningar um son sinn Jesú, mestu gjöf sem mannkyninu hefur verið gefin, þá sendir Guð mannkyninu minni gjöf í hvert skipti sem þessar stjórnur mynda beina braut. Þú fæddist þegar stjórnurnar voru í þeirri stöðu. Það er gullin ára sem umlykur þig. Þannig veit ég staðinn og stundina sem þú fæddist á og þannig veit ég að örlög þín ráðast í vestrinu.”

Til að auðsýna kurteisi hafði Bill hlustað þolinmóður, en nú hafði hann heyrt nóg. “Frú, allt sem ég veit er að ég er skógarvörður í Indíana og geri mitt besta. Ég er ekki trúrækinn og vil ekki heyra neitt meira um þetta!”

Bill færði sig frammar í vagninn og lét sjóliðann vera milli sín og konunnar og batt þar með enda á samtalið.

Samt sem áður gat hann ekki svo auðveldlega gleymt þessu og þetta olli honum stundum hugarangri. Líf hans virtist svo frábrugðið lífi annarra. En gjöf? Hvað gat það þýtt? Og hvað var það við hann sem dró að sér athygli þessa furðulega fólks? Spákonan hafði talað um ljós sem fylgdi honum. Stjörnuspákonan hafði kallað það áru. Bill náði engu samhengi í þetta. Spurningarnar veltust um í höfðinu á honum. Af hverju var hann svona frábrugðinn? Hvers vegna hafði hann fundið fyrir svona þrýstingi um leið og hann steig upp í rútuna? Og hvers vegna leið honum svona illa í hvert skipti sem umræðuefnið trú

kom upp? Var hann hræddur? Ef til vill var Guð að leita að honum og hann var að reyna að fela sig? Og hvað átti konan við þegar hún sagði að örlög hans lægju í Vestrinu?

## Kafli 9

### Síðasta tækifærið

1930-1932

**Þegar** William Branham varð tvítugur, rakst hann alveg óvænt á aðferð til að næla sér í aukapening. Dag einn fékk hann lánað Harley-Davidson mótorhjól. Þegar hann var á fullri ferð eftir malargötu, missti hann stjórn á hjólinu og féll ofan í skurð beint fyrir framan hús, þar sem menn voru að æfa hnefaleika. Nokkrir mannanna sáu slysið og komu hlaupandi yfir götuna til að aðgæta hvort einhver væri slasaður. Til allrar hamingju var Bill ekki alvarlega meiddur, en honum var of brugðið til að halda áfram ferðinni. Svo að mennirnir buðu honum inn fyrir til að fylgjast með nokkrum lotum, þar til hann væri búinn að jafna sig. Í þann mund sem Bill gekk inn í herbergið, kom einn af þeim sem voru að æfa sig, maður sem nefndur var George “sex sekúndu” Smith og opnaði hurð á fuglsbúri. Út flaug kanarífugl og sveimaði svo hratt um herbergið að George gat ekki náð honum. En þegar fuglinn flaug yfir höfuð Bill greip Bill hann á flugi.

“Sex sekúndu” George flautaði aðdáunarflauti. “Ég hef aldrei séð svona hraðar hendur á allri minni ævi. Ungi maður hefur þú einhvern tíma íhugað að keppa til verðlauna?”

Þessi athugasemd fékk Bill til að velta þessu fyrir sér og bráðlega var hann farinn að eyða miklu af frítíma sínum í að æfa fyrir þessa íþrótt. Hann hljóp marga kílómetra á dag, birtist síðan á æfingastaðnum þar sem hann æfði sig í að berja poka þar til einhver hnefaleikari bauð honum að berjast við sig inni í hringnum. Þegar hann fylgdist með Bill keppa varð “sex sekúndu” George fljótlega miklu hrifnari af ákveðni hans en hraða. Þjálfarinn eyddi mörgum tímum með Bill, kenndi honum fótaborð, handahreyfingar og það sem mikilvægast var af öllu, að taka höggum andstæðingsins án þess að hníga niður.

George Smith hlaut viðurnefni sitt eftir sinn fyrsta bardaga, þegar hann lagði andstæðinginn á sex sekúndum. Smith var um það bil átta árum eldri en Bill, um 20 kílóum þyngri og var grófasti maður sem Bill hafði á ævi sinni hitt. Í fyrsta skipti sem Bill klifraði inn í hringinn með þjálfara sínum barði “sex sekúnda” hann miskunnarlaust. Í eitt skiptið sló Smith, Bill svo fast að hann flaug yfir böndin kringum pallinn og lenti á klappstólum fyrir utan. Bill var lengi að standa upp. Þegar hann loks náði andanum, sagði hann: “ ‘Sex,’ hvers vegna þarftu að fara svona með mig?”

Smith hló og svaraði: “Svona meðferð er einmitt það besta fyrir þig.”

“Það besta fyrir mig? Hvernig getur þetta verið gott? Þú ert næstum því búinn að drepa mig.”

“Sjáðu til Bill, það skiptir ekki máli, í hversu góðu formi þú ert. Í hvert skipti sem þú ert laminn, er það áfall fyrir líkama þinn og stöðvar flæði blóðsins til hjartans. Í hnefaleikum verður þú að læra að taka þungum höggum og vera fljótur að jafna þig. Ef líkami þinn er ekki vanur þessu, þá munt þú bara liggja og verða talinn niður. En ef þú ert vanur þá munt þú standa strax upp jafnvel þótt þú sért sleginn niður. Þetta er sú aðferð sem ég æfi fólk með. Þú ert kannski ekki hrifinn af þessu núna, en þú munt kunna að meta það þegar þú verður farinn að keppa.”

Bill klifraði aftur inn í hringinn og hélt áfram. Að endingu náði hann svo mikilli stjórn á sjálfum sér að “sex sekúndu” Smith gat kýlt hann það fast í magann, að hann hentist út í horn og það truflaði hann alls ekkert. Hann var reiðubúinn að halda áfram. Um leið og hann gat staðist átta til tíu lotur í æfingunum, fór hann að keppa í áhugamannafélaginu Gullni hanskin.

Bill blómstraði í hringnum. Hvort sem hann var að æfa, eða keppa til verðlauna, lagði hann sig allan fram. Hnefaleikarnir leystu um tilfinningar hans. Reiðin og óreiðan sem hafði hlaðist upp innra með honum svo lengi, fengu hendur hans til að fljúga fram eins og

byssukúlur. Hraði hans og ákveðni leiddu hann í hverjum sigrinum á fætur öðrum. Hver sigur leiddi af sér meira hrós og sjálfsálit Bill reis hröðum skrefum. Aldrei áður hafði hann fundið fyrir slíkri viðurkenningu og samþykki. Honum fannst hann loksins vera eitthvað.

Á meðan hann stundaði áhugamannahnefaleika tapaði hann aldrei bardaga. Eftir eitt ár í keppni hjá Gullna hanskanum, gerðist hann atvinnumaður. Hann vann 15 atvinnumannabardaga í röð, meðal annars í ríkjakeppni þar sem þátttakendur voru hnefaleikamenn frá þremur ríkjum Bandaríkjanna. Þegar hér var komið sögu, hélt hann að hann væri ósigrandi. En þá hitti hann eitt kvöldið, þann sem stóð honum jafnfætis.

Hann átti að berjast við Bill Pritchard, verðlaunaðan hnefaleikamann frá Vestur-Virginíu. Þessa keppni átti að halda í Evansville í Indíana. Bill Branham keyrði til Evansville með vini sínum Howard McLean, hnefaleikakappa sem einnig átti að keppa þetta kvöld. Þeir snæddu miðdegisverð klukkan þrjú og héldu svo fótgangandi til keppnisstaðarins til þess að þeir gætu hvílt sig aðeins áður en hendur þeirra yrðu vafðar fyrir bardagann. Bill var í bláum fötum. Hann dró greiðu upp úr vasa sínum og renndi henni í gegnum þykkt, krullað hár sitt.

Howard varð litið á félagan sinn og flautaði. “Veistu hvað Bill, þú lítur út eins og lítill baptistaprédikari.” Bill varð eldraður í framan af reiði. Hann var alltaf viðkvæmur fyrir móðgunum og í hans huga var orðið “prédikari” það sama og “skræfa.” “Bíddu bara Howard. Það er best fyrir þig að brosa meðan þú segir þetta.” Bill færði fæturna sundur og reiddi hnefana á loft. Jafnvel þótt Howard væri 15 kílóum þyngri en hann, var Bill tilbúinn að berjast við hann. En Howard hló og hélt því staðfastlega fram að þetta hefði aðeins verið grín, svo að Bill slakaði á.

Bill varð undrandi bæði á styrk og hraða andstæðings síns í hringnum þetta kvöld. Pritchard sló hann með þvílíkum krafti að Bill gat ekki jafnað það. Í fyrsta skipti á ferli sínum var Bill óruggur með sjálfan sig. Í upphafi keppinnar, þegar hann áttaði sig á því að hann væri í vandræðum, vonaðist hann samt til að geta króað Pritchard af. En eftir því sem leið á keppnina og Bill tók á móti fleiri höggum, fór hann að velta því fyrir sér, hvort Pritchard myndi hreinlega drepa hann. Við lok bardagans meðan Bill hvíldi sig milli lota, horfði hann upp í loftið og bað í hljóði. “Guð, ef ég kemst lifandi í gegnum þetta, þá lofa ég að hætta hnefaleikum algjörlega.”

Eftir þetta kvöld, klifraði Bill aldrei aftur inn í hringinn.

**Dag** einn haustið 1931, var Bill að lagfæra mæla hjá gasfélagi New Albany. Meðan hann athugaði hvort um leka væri að ræða, missti hann meðvitund og féll í gólfið. Slysinu fylgdu eftirköst, sem þjáðu hann stöðugt. Hann var með höfuðverk, sá óskýrt, átti erfitt með að matast, honum súrnaði í maga í hvert skipti sem matur kom í hann og magasýrurnar stigu upp í munn og brenndu hann. Fylkisstjórnin í Indíana, var vinnuveitandi hans og borgaði fyrir hann, svo hann gæti farið til margra sérfræðinga í Louisville í Kentucky, en lækarnir áttu í erfiðleikum með að greina vandamál hans. Eftir endurteknar skoðanir giskudu þeir að lokum á að hann væri með botnlangabólgu. Bill furðaði á þessu vegna þess að verkur hans var í maganum, en ekki til hliðar. Sérfræðingarnir sannfærðu hann um að gaseitrunin hefði aðeins truflað einkennin og falið einkenni botnlangabólgu. Þeir staðhæfðu að botnlanginn væri sýktur og hann yrði að fjarlægja.

Bill samþykkti með tregðu að þeir skæru hann upp, en aðeins ef þeir notuðu staðdeyfingu. Hann hafði skelfilegar minningar frá aðgerðinni þegar hann var fjórtán ára og fætur hans voru limlestir af haglaskoti. Þá hafði hann næstum því dáið í svæfingunni og hann gleymdi aldrei þessari hræðilegu tilfinningu þegar hann flaut niður á við meðal týndra og reikandi sálna. Allt svartnættið, þokan, einmanaleikinn og þessi hræðilegu andlit. Hann vildi aldrei sjá þennan stað aftur.

Bill var taugaóstyrkur og hræddur og vildi hafa einhvern nálægt sér sem kynni að biðja, meðan á aðgerðinni stóð. Því bað hann prestinn frá baptistakirkjunni á staðnum að vera hjá sér. Botnlanginn var fjarlægður og aðgerðin gekk vel. Bill var ekið aftur inn á sjúkrastofuna. Þar sem hann lá þarna í sjúkrarúmi sínu með fullri meðvitund, fann hann hvernig púls hans varð veikari með hverju augnablikinu. Hann reyndi að ná sambandi við hjúkrunarkonuna, en rödd hans var bara hvísl og hann var of máttvana til að hreyfa handleggina. Andardráttur hans varð grunnur. Hjarta hans hægði á sér þar til hjartslátturinn var varla greinilegur. Hann hugsaði með sér: “Er þetta dauðinn? Er ég að fara?”

Ljósið í herberginu varð daufara, veggirnir flöktu og tóku á sig skuggamynd eins og tré. Hann virtist vera staddur í köldum, dimmum skógi. Einhvers staðar í fjarska heyrði hann hvína í vindinum. Ógreinilega í fyrstu en síðan hækkaði hljóðið og nálgaðist hann. Hugur Bill vaknaði til ótta. Þetta er það. Þetta er dauðinn kominn til að sækja mig! Hann reyndi að biðja en gat ekki fundið orðin. Vindurinn kom nær og nær, þar til greinarnar næst honum feyktust til fyrir krafti hans. Síðan breyttist allt og Bill stóð í skugga stórrar silfuraspar. Þetta var sama tré og hann hafði forðast, alveg síðan það olli honum svo mikilli skelfingu þegar hann var drengur. Loftið varð þungt og þjakandi eins og mikill raki væri í því. Skrjáf í laufblöðum beindi augum Bill upp á við. Hann sá sama þýrilvindinn hringsóla í greinunum, heyrði sömu djúpu röddina sem sagði: “*Aldrei drekka, reykja eða skaða líkama þinn á nokkurn hátt. Ég kallaði á þig og þú vildir ekki fara.*” Hugur Bill leiftraði til baka til þess tíma fyrir svo mörgum árum þegar þessi rödd hafði sagt: “Þú hefur verk að vinna þegar þú verður eldri.” Nú endurtók röddin ásökun sína: “*Ég kallaði þig og þú vildir ekki fara.*”

Bill varð skelfingu lostinn. Hafði hann misst af tilgangi þess að hann var á lífi? Var allt orðið of seint? Hann spurði hamstola: “Hver kallaði? Hver ert þú? Og hvað vilt þú að ég geri?”

Röddin endurtók í þriðja sinn: “*Ég kallaði þig og þú vildir ekki fara.*”

Bill kallaði upphátt: “Jesús, ef þetta ert þú, þá leyfðu mér að fara aftur til jarðarinnar og ég skal prédika fagnaðarerindi þitt frá húspökum og götuhornum. Ég skal segja öllum frá því!”

Á einni svipstundu var Bill aftur kominn í sjúkrarúm sitt. Hjarta hans hóf að slá af krafti og hann dró djúpt andann. Hann myndi lifa.

Skurðlæknirinn sem stóð við hlið hans varð alveg undrandi á að sjá kinnar Bill roðna og krafta hans koma svona fljótt aftur. Hann sneri sér að Ellu og Charles Branham og sagði: “Ég er ekki kirkjurækinn maður. Starfsemi mín er það umfangsmikil að það er ekki tími til þess. En ég veit að Guð hefur snert við þessum dreng.”

Bill sneri aftur til vinnu sinnar eins fljótt og saumarnir þoldu það. Því miður lagaði aðgerðin ekki nein af fyrri sjúkdómseinkennum hans. Allan veturinn 1931-1932, versnaði honum stöðugt. Magi hans snerist öndverður við öllu sem hann lét ofan í sig og neyddi hann til að lifa eingöngu á sveskjusafa og byggvatni og jafnvel þessu gat hann varla haldið niðri. Augun breyttust og hann varð nærsýnn og gat ekki séð án þykkra gleraugna. Í hvert sinn sem hann tók ofan gleraugun, hristist höfuð hans svo mikið að rakarinn gat ekki einu sinni klippt hann.

Sérfræðingarnir voru ráðþrota. Eftir langa röð af rannsóknum sagði einn læknanna: “Herra Branham, ég er hræddur um að ástand þitt sé vonlaust. Magi þinn er alþakinn sárum. Þú verður að vera á ströngum matarkúr það sem eftir er ævi þinnar og lifa alfarið á mjúku fæði. Gleymdu því aldrei, að einn munnbiti af fastri fæðu getur gert út af við þig.”

Bill hélt heimleiðis, veikur og þunglyndur. En hann var að minnsta kosti á lífi. Núna var hann ákveðinn í að finna Guð, til að hann gæti uppfyllt loford sitt. Hann byrjaði í einlægni að lesa gegnum Biblíuna. Því meira sem hann las, því hrifnari varð hann. Hann gat séð fyrir sér þá reynslu sem þar var verið að lýsa, eins og því þegar menn og konur heyrðu rödd Guðs tala til þeirra. Gat þetta hafa verið Guð sem talaði til hans úr öspinni þegar hann

var drengur? Hann hafði alltaf grunað það, en var ekki viss þar til hann las um það þegar Guð talaði til Jobs úr stormviðrinu. Það sannfærði hann. Síðan, þegar hann hellti sér út í að lesa um líf Jesú, Péturs og Páls, þá brann Bill Branham af spenningi. Hér var útskýringin á þessu skrýtna leiðsluástandi sem hann upplifði, þegar honum fannst hann vera staddur annars staðar, þótt hann væri glaðvakandi og sá eitthvað gerast, sem var eins raunverulegt og skórnir á fótum hans. Biblían kallaði þetta sýnir. Ef til vill var líf hans ekki svo skrýtið eftir allt saman. Kannski var þetta aðeins Guð að verki í honum.

Bill fór að heimsækja hinar ýmsu kirkjur í nágrenninu og spurði hvernig hann gæti mætt Guði. En í stað þess að finna samræmi og skýrt afmarkaða braut, fann hann hugmyndir sem stönguðust á og sköpuðu óreiðu. Fyrsta Baptistakirkjan vildi að hann skráði nafn sitt í kirkjuskrá þeirra og þeir myndu gefa honum viðurkenningarskjal. Lúterska kirkjan vildi að hann sækti fermingarundirbúning. Kaþólska kirkjan sagði að hann yrði að viðurkenna páfann sem æðsta vald Guðs á jörðinni og sækja messu á hverjum sunnudegi.

Sjöunda-dags adventistar sögðu að hann yrði að halda laugardaginn sem hvíldardag. Hverri kirkju um sig fannst hún hafa einkarétt á sannleikanum, sem útilokaði allar hinar.

Bill vissi ekki hvað hann átti að gera. Hann hafði enga hugmynd um það hvar hann gæti fundið Guð. Þá hugsaði hann með sér: “Ég hef séð hann í náttúrunni. Ég held ég fari bara og tali við hann úti í skóginum.”

Hann hélt til eins af sínum uppáhaldsstöðum, en það hjálpaði ekki. Hann vissi ekki hvað hann átti að segja og fannst heimskulegt að vera að tala, þegar það leit ekki út fyrir að neinn væri að hlusta. Síðan fékk hann hugmynd. Hvers vegna ekki að skrifa Guði bréf? Þetta virtist góð hugmynd, svo hann skrifaði:

*Kæri herra,*

*Ég veit að þú ferð hér framhjá, vegna þess að  
ég hef oft verið hér á íkornaveiðum og ég veit að þú  
kemur hérna. Viltu koma og tala við mig einhvern tíma?  
Það er svolítið sem mig langar til að segja þér.*

*Bill Branham*

Bill festi bréfið við tré og fór heim. Hann hugsaði með sér að hann gæti alltaf komið aftur seinna til að aðgæta hvort eitthvað jákvætt hefði komið út úr þessu. En næsta dag fylltist hann efasemdum og hugsaði: “Bíddu nú aðeins við. Ég hef aldrei séð neinn á ferli þarna úti í skóginum. Þar að auki, ef Guð er til þá er hann alls staðar og ég ætti að geta haft samband við hann inni í bænum eins og úti í náttúrunni. En þar með er ég aftur kominn að rót vandans. Mig langar til að tala við Guð, en ég veit ekki hvernig ég á að fara að því.”

Hann fór inn í gamla kofann bak við húsið og lokaði hurðinni. Veggir kofans voru rakir eftir rigninguna um nóttina. Hann hunsaði vota jörðina og kraup niður við hliðina á ónýtum Fordbíl. Hugur hans beindist allur að einu markmiði, að tala við skapara sinn. Hann muldraði við sjálfan sig: “Hvernig fer ég nú að þessu? Ég hef séð myndir af fólki að biðja og ég held að það hafi hendurnar svona.” Hann spennti greipar í hina klassísku bænastellingu. “Hvað á ég nú að segja? Það þarf að gera þetta á einhvern vissan hátt og ég veit ekki hvernig.” Hann ákvað að eina leiðin væri bara að hella sér út í þetta og reyna. “Kæri herra, ég vildi óska að þú kæmir og talaðir svolítið við mig. Mig langar að segja þér frá því hvað ég er slæmur.” Hann hætti að tala og hlustaði. Það var fullkomlega hljótt í

kofanum. Kannski átti ég að hafa hendurnar svona. Hann læsti fingrum sínum saman og reyndi aftur: “Kæri herra, ég veit ekki alveg hvernig ég á að fara að þessu en ég treysti því að þú skiljir. Viltu hjálpa mér?” Hann hætti aftur til að hlusta. Ekkert svar.

Þá brotnaði sjálfstjórn hans niður. Tár runnu úr augum hans þegar hann þuldi: “Herra, jafnvel þótt þú viljir ekki tala við mig, ætla ég samt að tala við þig. Herra Guð, ég er ekki góður. Ég skammast mín fyrir sjálfan mig. Mér þykir leitt að hafa vanrækt þig öll þessi ár. En núna vil ég þig. Gerðu það komdu og talaðu við mig.”

Allt í einu varð hann undarlegur í líkamanum. Þegar hann opnaði augu sín varð hann skelkaður. Fyrir framan hann var gulleitt ljós, skært ljós sem myndaði kross í loftinu. Úr djúpum krafti þess hljómaði rödd, sem talaði tungumál ólíkt nokkru því sem Bill hafði heyrt. Síðan hvarf það.

Bill var áfram á hnjúnum, stjarfur og máttlaus. Loks safnaði hann nægum kröftum til að geta sagt: “Herra, ég skil ekki mál þitt, en ég býst við því, að ég tilheyri einhvers staðar undir þessum krossi og að syndir mínar eigi að liggja þar. Ef þú vilt fyrirgefa mér þá komdu aftur og talaðu á þínu máli. Ef þú getur ekki talað mitt mál, þá mun ég skilja á þínu máli.”

Krossinn kom aftur, skínandi af ljósi og hlýju. Bill lokaði augunum og rétti upp hendurnar. Hann fann fyrir undarlegri tilfinningu, eins og hlýir regndropar rygnu niður líkama hans. Allt í einu fannst honum hann fylltur friði og frelsi, eins og þungri byrði hefði verið lyft af herðum hans. Þegar hann opnaði augu sín var ljósið horfið.

Bill var yfirfylltur af gleði, hljóp heim og hentist inn í húsið. Mömmu hans brá og hún spurði: “Bill hvað er að? Ertu eitthvað órólegur?”

“Nei mamma. Eitthvað undursamlegt var að gerast.”

“Hvað er það?”

“Ég veit það ekki, en mér líður bara svo vel.”

Hann flýtti sér aftur út og leitaði leiða til að tjá gleði sína. Járnbrautateinar lágu bak við húsið. Bill hljóp eftir teinunum og stöðvaði stundum til að slá út í loftið með hnefunum, til að tjá nýfengna gleði sína. Loksins, loksins hafði hann fundið Guð í krossi Jesú Krists.

Nokkrum dögum seinna sagði Ella: “Bill mig var að dreyma þig í nótt. Þú stóðst á hvítu skýi og varst að prédika fyrir öllum heiminum.”

Þetta fannst Bill furðulegt, vegna þess að móður hans dreymdi næstum því aldrei.

## Kafli 10

### Fyrsta trúarlega prófraunin 1932

**Haustið** 1932, var William Branham að athuga mæla í hliðargötu í New Albany, þegar bíll keyrði að og lagði við hliðina á þjónustubíl hans. Hurð bílsins opnaðist og út steig fögur stúlka. Svart hár hennar glitraði í sólarljósinu og dökk augu hennar virtust skína af innri eldi. Eitt augnatillit nægði til að William Branham hætti á sömu stundu við að verða piparsveinn.

Stúlkan slétti úr kjólnum, tók pakka úr sætinu og gekk af stað. Bill svitnaði. Ef hann segði ekki eitthvað núna, myndi hann ef til vill aldrei sjá hana aftur. Hann varpaði sér út í samræður: “Góðan daginn ungrú. Fagur dagur, ekki satt?”

Stúlkan sneri sér við: “Fagur? Hann er undursamlegur.” Hún rétti upp hendurnar og bjó til hringi: “Sjáðu bara hlynina, appelsínugula og rauða. Þeir eru töfrandi.”

“Já, ég býst við því, að þeir séu, töfrandi.” Hann var að hugsa um að hún væri það sem var töfrandi. “Ég heiti Bill Branham. Ég vinn fyrir hið opinbera og var að skoða mælana hérna.”

Hún rétti fram höndina. “Gaman að kynnst þér, Bill. Ég er Hope Brumbach. Ef til vill hefur þú heyrt minnst á föður minn, Charlie Brumbach? Hann er verkstjóri hjá járnbrautinni.”

“Nei, ég held ég þekki hann ekki. Býrð þú hér í nágrenninu?”

“Í húsinu hérna.” Hún benti á hús ofar í götunni.

Bill fannst honum ganga vel. Hann vissi ekki aðeins hvað hún hét, heldur einnig hvar hún bjó. En það var ekki nóg. Hann hélt áfram að spyrja Hope spurninga, meðan hann leitaði að afsökun til að hitta hana aftur. Meðan hann leitaði fyrir sér, komst hann að því að hún var kristin og sótti trúboðskirkju baptista í Wattstræti í Jeffersonville. Þarna gat hann komið ár sinni fyrir borð. “Veistu, ég er nýorðinn kristinn, það eru aðeins nokkrar vikur síðan og ég tilheyri ekki neinni sérstakri kirkju. Ef til vill heimsæki ég þína kirkju næsta sunnudag og sé til hvernig mér líkar.”

“Ég skal taka frá sæti fyrir þig,” sagði hún brosandí.

Þegar Bill kom til kirkju næsta sunnudag, fann hann autt sæti bíða sín við hliðina á Hope. Eftir messu, talaði hún svolítið við hann áður en hún fór heim. Hún var svo lifandi og indæl. Bill hafði meiri áhuga á þessari nítján ára stúlku en nokkurri annarri konu sem hann hafði hitt. Það var eitthvað hressandi við gleði hennar og sakleysi. Hún dró hann að kirkjunni í Wattstræti aftur og aftur eins og segull, þar til hann varð einn af fastagestum.

Bill viðurkenndi að ástæða þess að hann valdi trúboðs-baptistakirkjuna fremur en aðrar kirkjur í bænum var sú að Hope Brumbach var í henni. Samt sem áður fór hann fljótlega að bera mikla virðingu fyrir presti hennar. Doktor Roy Davis prédikaði að Guð væri ekki betri en Orð hans og kristinn maður ekki betri en trú hans á Orð Guðs. Þetta fannst Bill mikill sannleikur. Dr. Davis hvatti söfnuð sinn stöðugt til að trúa Orði Guðs af öllu hjarta og gera þetta Orð að veruleika í lífi sínu. Það sem meira var, þessi prestur virtist lifa samkvæmt því sem hann prédikaði.

Morgun einn í kirkjunni sagði dr. Davis sögu sem gerðist þegar hann var ungur maður. Þá stundaði trúleysingi nokkur það að standa upp í kirkju eftir kirkju og leggja prófraun fyrir trú hinna kristnu. Dr. Davis hafði heyrt af honum á stórri samkomu í Memphis í Tennessee. Maðurinn las úr Markúsarguðspjalli, sextánda kafla, þar sem Jesús segir: “*En þessi tákn munu fylgja þeim sem trúa: Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, taka upp höggorma, og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þeim ekki verða meint af. Yfir sjúka munu þeir leggja hendur, og þeir verða heilir.*” Síðan setti trúleysinginn flösku af brennisteinssýru á prédikunarstólinn og skoraði á áheyrendurna:



“Þið sem teljið ykkur vera kristin. Jesús sagði að ef þú trúir, getir þú drukkið eitthvað banvænt og muni ekki verða meint af. Nú, ef þetta er innblásið Orð Guðs þá drekkið þessa brennisteinssýru.” Hann endurtók áskorun sína nokkrum sinnum og gagnrýndi hina kristnu fyrir skort á trú og hæddist að Guðshugmyndinni.

Hinn ungi dr. Davis sagði við gamlan meþódistabiskup sem sat við hlið hans: “Ef þessi trúleysingi skorar á okkur einu sinni enn, þá fer ég upp á pallinn og drekk þetta.”

Biskupinn reyndi að telja honum hughvarf: “Maðurinn er bara að kvelja sjálfan sig. Láttu hann vera sonur. Biblían segir að maður skuli ekki freista Drottins Guðs síns.”

En Davis var harðákveðinn: “Nei, ég læt hann ekki vera. Og ef ég dey þá hef ég dáið í trú á orð Guðs.”

Trúleysinginn hló meðan hinir kristnu engdust í sætum sínum. “Hvað með einhvern af ykkur, þið náungar þarna sem trúðið að Guð sé raunverulegur? Takið brennisteinsprófið.”

Dr. Davis ruddi sér leið að pallinum, sneri sér við og talaði til áheyrendaskarans, um þrjú þúsund manns: “Ég er 25 ára gamall. Ég prédika fagnaðarerindið. Ég veit að Guð minn er megnugur að frelsa mig frá brennisteinssýrunni, en ef hann gerir það ekki, þá mun ég samt sem áður ekki láta þennan trúleysingja standa þarna og skora á Guðs Orð á þennan hátt.” Hann greip flöskuna og drakk hvern dropa án þess að verða á nokkurn hátt meint af. Síðan prédikaði hann fagnaðarerindið af svo miklum krafti, að 1.500 manns gáfu Jesú Kristi líf sitt þetta kvöld.

Þegar Bill hlustaði á þessa sögu, fannst honum að biskupinn hefði sýnt meiri skynsemi en hinn ungi Davis. Hví skyldi einhver þurfa að sanna Guð? Sagði ekki Jesús um hina blindu farísea: “Látið þá vera. Ef blindur leiðir blindan falla þeir báðir í gryfju.” En jafnvel þótt Bill væri ekki sammála því sem Davis hafði gert, dáðist hann samt sem áður að trú hans.

Að vera í nánun samneyti við djúpt trúaðan mann gaf Bill innblástur til að gefa nánar gætur að Orði Guðs. Fyrsti sálmurinn sem Bill lærði í kirkjunni var: “Ég vil líkjast þér, Jesús ég vil líkjast þér.” Þetta varð stöðug bæn í hjarta Bill. “Jesús, hjálpaðu mér að líkjast þér.” Eftir að hafa lesið í annað sinn í gegnum Nýja testamentið, áttaði Bill sig á því að hann þyrfti að skírast. Hann las í Matteus 28. kafla þar sem Jesús segir við lærisveina sína: “... gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda.” Síðan las hann í Postulasögunni öðrum kafla, þar sem Pétur hvetur fólkið nokkrum vikum seinna: “Látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists.” Bill fannst að ef einhver vissi hvað Jesú átti við, þegar hann gaf skipun sína, þá hlyti það að vera Pétur og hinir lærisveinarnir. Því bað Bill um að skírast á sama hátt og postularnir skírðu í postulasögunni. Jafnvel þótt þetta væri gagnstætt stefnu baptistakirkjunnar, samþykkti dr. Davis það og Bill var skírður í nafni Jesú Krists.

Mánuðir höfðu liðið síðan slysið varð með leku gasleiðsluna. Heilsa Bill versnaði frekar en að batna. Nú skalf höfuð hans, jafnvel þegar hann gekk með gleraugun og án þeirra var hann næstum því blindur. Hann var með stöðugan magaverk, þrátt fyrir blönduna af sveskjusafa og byggvatni. Verst af öllu var að hann fann krafta sína þverra vegna hins ónóga fæðis.

En núna hafði hann nýtt meðal, trúna. Hann las þar sem Jesús segir: “*Allt sem þér biðjið í bæn yðar, munuð þér öðlast, ef þér trúið.*”<sup>1</sup> Síðan las hann í Jakobsbréfi 5. kafla: “*Sé einhver sjúkur yðar á meðal, þá kalli hann til sín öldunga safnaðarins og þeir skulu smyrja hann með olíu í nafni Drottins og biðjast fyrir yfir honum. Trúarbaenin mun gjöra hinn sjúka heilan, og Drottinn mun reisa hann á fætur.*” Þetta var svarið! Undireins og hann hafði lesið þetta, hljóp hann heim til dr. Davis og bað öldunginn sinn að smyrja sig með olíu og biðja fyrir sér. Síðan hélt hann heim á leið fagnandi og krafðist lækningar sinnar.

Þetta kvöld lagði Bill Biblíuna sína á borðið, tilkynnti lækningu sína og lýsti því yfir að héðan í frá ætlaði hann að borða eins og hinir.

---

<sup>1</sup> Matt. 21:22

Móðir hans varð óróleg við þessa yfirlýsingu og varaði hann við: “Bill, jafnvel þótt þú hafir trú, þá veistu hvað læknirinn sagði. Einn munnbiti af fastri fæðu gerir út af við þig.”

Bill svaraði: “Ég veit líka hvað Guð sagði og hann segir að ég sé heill! Getum við beðið.” Það hafði aldrei áður verið beðið við matarborð Branhamfjölskyldunnar. Charles vissi ekki hvað hann átti af sér að gera, svo hann sat eirðarlaus í sæti sínu. Ella leit hjálparvana augum á son sinn og brast síðan í grát. Bill hneigði höfuð sitt og bað: “Guð, ef ég dey, þá kem ég heim í trausti á þig. Orð þitt segir að ég sé heill. Ég verð annað hvort að trúa lækninum eða þér. Ég hef trúað lækninum í eitt ár og líður ekkert betur, frekar verr ef nokkuð er. Ég ætla ekki lengur að taka mark á því sem læknirinn segir. Nú tek ég mark á því sem þú segir. Vertu svo vænn að blessa þennan mat fyrir líkami okkar. Ég bið þess í nafni sonar þíns, Jesú Krists. Amen.”

Hann ýtti sveskjusafanum til hliðar og náði sér í baunir, lauk og maísbrauð. Um leið og fyrsti bitinn kom í maga hans, vildi hann fara sömu leið til baka. Hann hélt fyrir munn sér og kyngdi honum aftur. Maturinn kom sömu leið. Hann kyngdi einu sinni enn. Aftur og aftur mótmælti magi hans þessari innrás fastrar fæðu, engdist og brenndi munn hans með sýrum. En Bill neitaði að taka tillit til maga síns. Hann hélt huga sínum fast við það sem Guð hafði sagt, ekki hvernig honum sjálfum leið og hann hélt áfram að kyngja þessari munnfylli af baunum þar til hún hélst að lokum niðri. Síðan lét hann upp í sig munnfylli af lauk.

Eftir matinn lokaði Bill sig inni í herbergi sínu. Honum var svo illt í maganum að tárin komu fram í augu hans. Stundum ropaði hann og súrt munnvatn lak úr munn hans. Af veikum, mætti söng hann einfalt lag sem hann hafði lært í kirkjunni: “Ég get, ég vil, ég trúi nú að Jesús lækni mig.” Hann lét sig falla niður í rúm sitt. Með rödd sem var bara hvísl sagði hann: “Drottinn, ég tek þig á orði þínu.”

Móðir hans bankaði á hurðina: “Hvernig líður þér Bill?”

“Mér líður ágætlega.”

“Ég hringdi í lækninn. Hann segir að þú munir deyja.”

Bill kyngdi munnvatni. “Ég mun ekki deyja, mamma. Mér líður ágætlega.” Hann var ekki að tala um skynjanir líkama síns, heldur hvernig honum leið samkvæmt loforði Guðs.

Næsta morgun var baunapotturinn enn á eldavélinni. Ella sneri sér við þegar sonur hennar kom inn í eldhúsið. “Hvað viltu fá í morgunmat Bill?”

“Ég vil meiri baunir og brauð.”

Dagar liðu og enn þjáðist hann. Hver máltíð var líkamleg áreynsla. Magi hans mótmælti matnum með því að framleiða óhóflega miklar magasýrur og honum var ómótt af svima. En hvað trúna varðaði haggaðist hann ekki. Hann endurtók í sífelli orð Jesú: “*Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.*”<sup>1</sup> Þetta var akkeri hans og þrátt fyrir að allt virtist benda á annað, hélt hann áfram að lýsa því yfir að Jesús Kristur væri búinn að lækna hann.

Hann las líka áminningu Páls postula þar sem hann segir: “*Skuldið ekki neinum neitt, nema það eitt að elska hver annan.*”<sup>2</sup> Við þessi orð fylltist hjarta hans sektarkennd. Núna skuldaði hann 2.000 dollara í lækniskostnað sem fylgdi aðgerðinni sem gerð var á honum. Þegar hann hafði beðið fyrir þessu, áttaði hann sig á því að Guð var ekki að banna kristnu fólki að skulda, heldur segja þeim að greiða skuldir sínar og láta þær ekki liggja lengi ógreiddar. Bill skuldaði hr. Mason lyfsala 300 dollara. Hann var skilningsríkur maður, sem aldrei hafði neitað Bill um lyf þótt hann vissi hve fátæk fjölskylda Bill var.

Bill fór niður í lyfjaverslunina og sagði: “Herra Mason, ég skulda þér og ég ætla að borga þér. Ég er enn máttfarinn eftir aðgerðina, en ég er að reyna að vinna. Ég hef vinnu hjá því opinbera sem gefur mér 20 sent á klukkustund. Ég mun reyna að borga þér einhvern hluta af hverri launaávísun minni. Ég er kristinn núna svo ég þarf að setja Guð fyrst. Ég skulda honum tíundina fyrst. Síðan er það skylda mín að borga skuldir mínar. Það er erfitt hjá

<sup>1</sup> Mark. 9:23

<sup>2</sup> Róm. 13:8

okkur núna með peninga. Faðir minn er lasinn og ég þarf að sjá fyrir móður minni, sjö bræðrum og einni systur. En ég mun reyna að borga þér 25 sent hvern útborgunardag. Og ef ég get það ekki, þá kem ég við og segi þér frá því.

Dagarnir urðu að vikum og enn þjáðist Bill. En ástand hans batnaði dag frá degi, þar til hann gat að lokum borðað eins og hann vildi án nokkurra óþæginda. Sjón hans batnaði einnig þar til hann þurfti ekki lengur á gleraugum að halda. Þegar hann lét síðan athuga augu sín reyndist sjón hans 20/20 – full sjón. Hann var að springa af hamingju og traust hans á fyrirheitum Guðs jókst um allan helming.

## Kafli 11

### Gefið yfirnáttúrulegt fagnaðarerindi 1932

**William Branham** og dr. Roy Davis báru mikla virðingu hvor fyrir öðrum. Trú eldri mannsins var Bill innblástur og dr. Davis var jafn hrifinn af hinum brennandi áhuga yngri mannsins. Það leið ekki á löngu þar til forstöðumaðurinn kom með tillögu. Ef til vill myndi Bill geta hugsað sér að fara út í þjónustu. Dr. Davis hafði vald til þess frá landssamtökum sínum að veita hæfileikaríku fólki “starfsleyfi,” sem í raun gerði það að viðurkenndum prédikurum í baptistakirkjunni án þess að það hefði hlotið nokkra þjálfun. Bill hafði ekki gleymt loforði sínu þegar dauðinn sóttist eftir honum árið á undan. Hann hafði lofað Guði að hann myndi prédika fagnaðarerindi hans frá húspökum og götuhornum. Hann varð nú yfir sig glaður að fá þetta tækifæri.

Þegar leið að jólum árið 1932, skipaði Roy Davis, William Marrion Branham sem prédikara fagnaðarerindis Jesú Krists, samkvæmt lögum trúboðskirkju baptista. Bill var 23 ára gamall.


Nokkrum dögum eftir skipunina, var Bill að vinna við það starf sem honum fannst leiðinlegast, að loka fyrir hjá því fólki sem gat ekki greitt reikninga sína fyrir vatn, rafmagn eða gas. Hann bankaði á dyrnar til að tilkynna húsráðendum að hann yrði að loka á rafmagnið til þeirra. Konan sem svaraði tók að formæla honum miskunnarlaust.

Bill hóf samtalið á að segja: “Kona, þú ættir ekki að blóta svona. Óttast þú ekki Guð?”

“Hrokkinhærði idjótinn þinn,” hreytti konan út úr sér. “Ef ég vildi að einhver talaði við mig um Guð, myndi ég ekki velja hálfvita eins og þig. Móðir þín hlýtur að vera...” Hér hóf hún kjarnmiklar lýsingar á móður hans og forfeðrum hennar.

Bill hafði alltaf sagt: “Maður sem slær konu er ekki nógu mikill karlmaður til að slá karlmann,” en það sem þessi kona sagði um móður hans hefði getað fengið hann til að brjóta þessa lífsreglu, hefði það gerst fyrir ári síðan. Að minnsta kosti hefði hann orðið fjúkandi reiður og öskrað á móti. En núna trufluðu móðganir hennar hann alls ekki. Eins og rakavörn hrindir vatni frá sér, gat ekkert komist í gegnum þann frið sem umlék sál Bill. Kurteislega sagði hann: “Ég mun biðja fyrir þér frú,” og gekk í burtu. Á þeirri stundu vissi Bill að umbreytingin innra með honum var raunveruleg og varanleg.

Næsta verkefni hans var að loka fyrir í húsi þar sem fjölskyldan var flutt út. Þar sem byggingin var tóm og hurðin í hálfu gátt, smeygði Bill sér inn fyrir til að biðja og þakka Drottni. Hann beygði kné sín, en hafði ekki enn lokað augum sínum þegar herbergið breytti allt í einu um svip. Veggirnir voru ekki lengur þaktir veggfóðri heldur hvítmálaðir. Og herbergið var ekki lengur tomt. Bill starði á gamlan þeldökkan mann, hvíthærðan og hvítskeggjaðan, sem lá í því sem virtist vera sjúkrarúm. Maðurinn leit út fyrir að hafa lent í slæmu slysi. Handleggir hans, fótleggir og höfuð voru vafin með sárabindi. Öðru megin



Bill (í búningi skógarvarðar) og samstarfsmenn hjá rafveitunni

við rúmið, næst Bill stóð þeldökk, eldri kona. (Ef til vill eiginkona mannsins, þar sem hún leit út fyrir að vera á svipuðum aldri.)

Bill varð var við einhverja hreyfingu. Hann sneri sér við og sá ungan hvítan mann og konu koma inn og standa við hlið rúmsins. Andlit þeirra voru niðurlút, en fyrir utan þennan dapurleika gat Bill ekki ímyndað sér hvaða samband gæti verið milli þeirra og mannsins sem var vafinn í sárabindi. Nú komu tveir einstaklingar í viðbót inn í herbergið, báðir voru ungir menn. Þeir stóðu og horfðu í átt að rúminu, svo að Bill gat ekki séð framan í þá. Þessir menn litu kunnuglega út, eins og Bill ætti að geta þekkt þá af baksvipnum. Jú, hann þekkti annan þeirra. Þetta var vinur hans, George DeArk sem hann hafði leitt til Drottins fyrir nokkrum vikum. Og hinn? Hann reyndi allt hvað af tók að þekkja hinn. Hvern þekkti hann með krullað svart hár? Einmitt í þann mund sneri maðurinn sér við, til að tala við konuna við hlið sér. Bill brá. Hann var að horfa á sjálfan sig!

Bill sá sjálfan sig beygja sig yfir rúmið og biðja fyrir þeldökka sjúklingnum. Samstundis settist maðurinn upp í rúminu og fór að taka af sér sárabindin. Síðan var sjónarhorn Bill af rúminu rofið af læknum og hjúkrunarkonum sem komu hlaupandi inn í herbergið. Sýnin hvarf og nú fann Bill að hann var staddur á öðrum stað. Nú var hann staddur úti á götu fyrir framan sjúkrahúsið. Meðan hann horfði á, opnaðist útihurðin og þessi sami gamli maður kom út um dyrnar og gekk niður þrepin eins og hann hefði aldrei slasast. Sárabindin voru horfin og hann var núna í brúnum jakka og með hatt. Skyndilega hvarf sýnin og Bill var aftur staddur á beru gólfinu í yfirgefnu húsi sem hafði veggfóður á veggjum.

Hvað hafði gerst? Hvar hafði hann verið? Hann hafði ekki hreyft sig eitt fótmál síðan hann kraup niður og samt sem áður hafði hann verið á sjúkrahúsi og fylgst með alveg ótrúlegum leikþætti. Hvernig? Hann var glaðvakandi. Og allt það sem gerðist á sjúkrahúsinu hafði virst eins raunverulegt og hendur hans sem voru spenntar í bæn við hjarta hans.

Þrátt fyrir að hann skildi ekki merkingu alls þessa, var Bill samt uppvægur fyrir því að deila þessari reynslu með fyrstu eyrum sem vildu hlusta. Þau eyru reyndust tilheyra John Potts, kristnum manni sem sat við fremra skrifborðið á skrifstofu bæjaryfirvalda. Það var rétt að koma lokunartími. Herra Potts sagði ekki mikið meðan Bill talaði. Aðeins einstaka: “Aha, er það svo, það var athyglisvert.”

Morguninn eftir, um leið og Bill kom inn fyrir dyrnar, kallaði herra Potts hann afsíðis: “Heyrðu Bill, í sambandi við þennan draum þinn í gær.”

“Þetta var ekki draumur. Ég var eins glaðvakandi og ég er núna. Ég veit ekki nákvæmlega hvað þetta var, ef til vill einhvers konar leiðsla geri ég ráð fyrir.”

“Allt í lagi, ef þú segir það. Alla vega hef ég hugboð um hvað hann gæti þýtt. Í gær var ég að heimsækja vin minn á kaþólska sjúkrahúsið í New Albany. Einn af sjúklingunum þar, passar við lýsingu þína á manningum í þessari... já, leiðslu þinni. Maðurinn heitir William Merrill. Hann er þeldökkur, um það bil 65 ára gamall og ástand hans er alvarlegt. Ég talaði ofurlítið við hann í gær. Það lítur út fyrir að hann lifi af því að safna rusli í húsasundum New Albany. Fyrir tveimur dögum voru ungur piltur og stúlka á hraðferð í bíl þegar þau misstu stjórn á bílnum, keyrðu inn í vagninn hans og slösuðu hann á handleggjum, fótleggjum og baki. Ég sagði honum frá þér og leiðslunni þinni. Hann varð mjög spenntur og grátbað mig að biðja þig að koma og biðja fyrir sér.”

“Skyldi þetta vera maðurinn sem ég sá?”

Allan daginn velti Bill því fyrir sér hvað myndi gerast ef hann í alvöru bæði fyrir manni í jafn slæmu ástandi og hr. Merrill leit út fyrir að vera. Tilhugsunin vakti kvíða. Myndi maðurinn virkilega setjast strax upp í rúminu og taka af sér sárabindin? Síðan hugsaði Bill um ræðurnar sem hann hafði heyrt dr. Davis prédika, sem hvöttu kristna til að trúá yfirnáttúrulegan kraft Guðs til að gera kraftaverk. Þegar Bill hafði lokið verki sínu þann dag var hann reiðubúinn. Hann leitaði uppi vin sinn George DeArk og sagði honum alla þessa ótrúlegu sögu.

George sagði: “Allt í lagi Bill, ég skal fara með þér að biðja fyrir manninum.”

Þegar þeir gengu upp tröppurnar að sjúkrahúsinu, útskýrði Bill: “Bróðir George, þessir undarlegu hlutir sem gerast með mig, ég skil þá ekki, en ég veit að ég get ekki beðið fyrir gamla manninum þar til þessir tveir hvítu einstaklingar eru komnir inn í herbergið og standa hinum megin við rúmið, vegna þess að þetta verður allt að vera nákvæmlega eins og ég sá það. Þar af leiðandi veit ég ekki hvort þetta gerist í kvöld. En bíddu og sjáðu, þessi maður mun lækna.”

Þegar þeir voru komnir inn, spurði Bill eftir hr. Merrill og var vísað á stofu hans. Hann leit í kringum sig og vissi undireins að hann var á réttum stað. Þetta var maðurinn sem hann hafði séð daginn áður. “Gott kvöld herra. Ég heiti Bill Branham. Það var maður hér í gær sem sagði þér frá mér.”

Eldri maðurinn titraði af spennungi. “Ó, þú ert pilturinn sem ætlar að biðja fyrir lækningu minni.”

Kona hans, sem stóð til hliðar við rúmið, setti upp ygglibrún og byrjaði fyrirlestur: “Ungi maður. Ég held þú gerir þér ekki grein fyrir hversu alvarlegt ástand mannsins míns er. Hann er ekki aðeins með 40 stiga hita, heldur sýna röntgenmyndirnar að sum af rifbeinum hans liggja þétt upp við lungun. Ef hann hreyfir sig vitlaust geta þau stungist í gegnum lungu hans, eða það sem verra er, gegnum slagæð og þá mun honum blæða út. Mér finnst í alvöru að þú ættir ekki að vera að koma hérna og gera hann svona spenntan.”

En hr. Merrill sá hlutina í öðru ljósi. “Við skulum alla vega hlusta á það sem drengurinn hefur að segja.”

Bill lýsti reynslu sinni daginn áður. Í þann mund sem hann hafði lokið máli sínu, kom ungur maður og kona inn í stofuna. Herra Merrill kynnti þau sem fólkið sem hafði verið í bílnum sem ók á vagn hans. Þau voru bæði ákaflega leið yfir slysinu og virtust bera umhyggju fyrir gamla manninum. Með sorgmæddum og alvarlegum andlitum gengu þau kringum rúmið upp að veggnum.

Þetta var merkið fyrir Bill. Hann beygði sig yfir gamla manninn og hafði rétt hafið bæn sína þegar hr. Merrill kallaði háum rómi: “Ég er læknaður” og spratt upp í rúminu. Kona hans æpti. “Nei, William!” og reyndi að aftra honum og ýta honum niður í rúmið. Sjúkraliði kom inn í herbergið. Hann reyndi líka að halda herra Merrill niðri, en gamla manninum tókst samt að smeygja sér fram á rúmstokkinn og hann hrópaði allan tímann: “Ég er læknaður!, ég er læknaður!”

Hjúkrunarkonur og lækna komu hlaupandi. Ein af kaþólsku systrunum kom með pilsaþyt inn á stofuna og sagði við Bill og George: “Þið tveir verðið að fara héðan núna. Við getum ekki látið ykkur æsa þennan mann svona upp. Hann er mjög veikur.”

Þegar Bill og George fóru, var William Merrill að berjast við að klæða sig meðan margir lækna voru að reyna að sannfæra hann um að fara aftur í rúmið. Þegar þeir voru komnir út, stoppaði Bill fyrir neðan tröppurnar og sagði við George: “Við skulum bíða hér. Sjáðu bara til, hann mun verða í brúnum frakka, hafa hatt og hann mun bráðum ganga niður þessi þrep.”

Nokkrar mínútur liðu og þarna birtist hann ásamt konu sinni. Hann gekk niður þrepin eins örugglega og hann hefði verið að heimsækja einhvern í stað þess að vera sjúklingur. Hann var í brúnum frakka og með hatt alveg eins og Bill hafði sagt fyrir um.

George spurði gamla manninn: “Hvernig slappst þú frá öllum þessum læknum?”

Herra Merrill brosti gráskeggjuðu brosi. “Þeir mældu mig og þegar ég var ekki með neinn hita leyfðu þeir mér að fara.”

Næsta morgun vaknaði Bill við sólarupprás. Meðan hann fálmaði eftir fötunum sínum í rökkrinu, varð herbergið allt í einu baðað ljósi eins og einhver hefði kveikt á rofa. Bill áttaði sig undireins á því að hann var ekki lengur heima hjá sér. Herbergið sem hann var nú staddur í var stærra en svefnherbergið hans. Það leit út eins og stofa, með sófa, hægindastól, borðum og lampa, en í einu horninu var hátt rúm. Í þessu rúmi lá miðaldra

kona, hræðilega afmynduð. Bill horfði undrandi á meðan réttist úr hinum krepptu útlimum konunnar og þeir urðu eðlilegir. Konan klifraði fram úr rúminu og gekk beint til hans, þannig að Bill sá vel framan í hana. Því næst var hann aftur staddur í rökkrinu í sínu eigin herbergi.

Bill sat lengi framan á rúminu og velti þessu fyrir sér. Augljóslega, ætlaði Drottinn Jesús að leysa einhvern annan. En hvern? Og hvenær? Hann hugsaði: “Nú, ég kemst sjálfsagt að því hver hún er í dag.”

Þennan dag þurfti hann að leysa af hendi verkefni í East Oak stræti númer 2223 í New Albany. Fjölskylda hafði flutt úr öðrum enda tvíbýlishúss, svo Bill þurfti að loka fyrir vatnið þeim megin. Hann gat ekki séð það á töflunni, hvaða mælir var fyrir hvorn enda. Hann lokaði fyrir kranann öðru megin og gekk svo fram fyrir húsið til að aðgæta málið.

Þegar hann bankaði, kom aðlaðandi unglingsstúlka, heldur fátæklega klædd til dyra og spurði: “Hvað vantar þig?”

“Ég vinn hjá veitustofnuninni. Vildirðu vera svo væn að aðgæta hvort skrúfað er fyrir vatnið?”

“Alveg sjálfsagt.” Stúlkan fór fyrir horn inn í eldhúsið.

Þar sem Bill stóð í dyragættinni sá hann konu sem lá í sjúkrarúmi í setustofunni. Líkami hennar var allur afmyndaður, þannig að hún leit helst út eins og uppbornuð köngulú. Það var hátt undir höfði hennar í rúminu, svo að Bill sá andlit hennar greinilega. Hjarta hans tók viðbragð af spenningi. Þetta var fatlaða konan sem hann hafði séð í sýninni þennan morgun. Hún var að lesa í bók með svartri kápu. Dagblað lá útbreitt á gólfinu fyrir framan hana.

“Góðan dag frú, ég heiti Bill Branham?”

“Sæll. Ég heiti Mary Der Ohanion. Dóttir mín hérna er Dorothy.”

Dorothy kom út úr eldhúsinu og sagði: “Nei, vatnið er enn á.”

“Þá býst ég við að ég hafi skrúfað fyrir réttan krana. Takk fyrir hjálpina.” En hann fór ekki. Einhvern veginn varð hann að hefja samtalið við fötluðu konuna. “Hvað ert þú að lesa?”

“Það er Biblían á armensku,” svaraði hún.

“Trúir þú?” Þetta var áskorun til hennar.

Frú Der Ohanion lagði bókina í kjöltu sér. “Dorothy er 17 ára gömul. Síðan hún fæddist hef ég verið örkumla í rúminu. En nú í morgun var ég að lesa um mann sem læknaðist í kaþólska spítalanum og ég sagði: Þá er von fyrir mig. Heyrðu, sagðir þú ekki að þú hétir Branham?” Hún tók niður lesgleraugun til að stara á unga manninn sem stóð í dyragættinni á setustofu hennar. Svipur hennar breyttist þegar hún tengdi saman þennan unga mælmann og hinn andlitslausa Branham í blaðagreininni. “Ert þú guðsmaðurinn sem læknaði þennan þeldökka mann í gær?”

“Nei frú, ég er ekki læk'nirinn. Eitthvað sýndi mér að ég ætti að biðja fyrir þessum manni. Drottinn Jesús er læk'nirinn. Ekki ég.”

Konan kinkaði kalli. “Alveg síðan ég las um þetta kraftaverk hef ég verið að biðja Guð um eitt slíkt í mínu eigin lífi. Viltu biðja fyrir mér?”

Bill leit á þessa konu, sem hafði limi sem ekki höfðu verið notaðir í 17 ár og sagði varfærnislega: “Ég ætla að fara og biðja fyrir þessu og svo kem ég aftur.”

Hann fann stað þar sem hann gat verið einn ásamt Guði og bað þar til hugrekki hans varð eins og í sýninni. Síðan keyrði hann heim til George DeArk. “Bróðir George, ég hitti konuna sem ég sagði þér frá í morgun. Ég veit að þetta er sama konan. Komdu með mér.”

Þeir tveir gengu inn í stofuna og tóku sér stöðu hjá rúmi frú Ohanion. Meðan hún hélt Biblíunni sinni upp að brjósti sér, földu Dorothy og bróðir hennar sig bak við jólatréð hinum megin í stofunni og gerðu grín að öllu saman. Að ímynda sér það að móðir þeirra myndi rísa úr rekkju eftir 17 ár, það var skríttla.

Bill hunsaði börnin. “Frú Ohanion. Drottinn Jesús ætlar að lækna þig.” Bill og George krupu niður og byrjuðu að biðja. Í gegnum lokuð augun gat Bill samt séð ljós og nú sá hann ljós koma yfir frú Ohanion. Hann opnaði augun og bjóst við ljósaperu. Í stað þess sá hann eins og eldhring sveima yfir rúmi hennar. Ótti greip hann, ótti samfara forvitni. Þetta hlaut að vera sama ljósið og hafði myndað kross í loftinu þegar hann var að biðja í kofanum bak við heimili sitt. Bill sem var fylltur andagift, beygði sig yfir hana, tók í hönd hennar og sagði: “Frú Ohanion, Drottinn Jesús sýndi mér í morgun að þú myndir verða heil. Statt upp og gakk í Jesú nafni.” Hún henti af sér ábreiðunum, mjakaði sér fram á rúmstokkinn eins og lirfa. Eitt augnablik datt Bill í hug að hún gæti dottið út úr rúminu og hálsbrotið sig. Síðan minntist hann William Merrill og hve óbrigðult, hve fullkomið það hafði verið. Og sjálfsöryggi hans kom aftur.

Um leið og frú Ohanion byrjaði að mjaka sér fram á rúmstokkinn, réttist úr báðum fótleggjum hennar í allra auglýn. Dorothy öskraði, háu hvellu öskri, togaði í hár sitt og hljóp út um útidyrnar öskrandi eins hátt og hún gat. Nágrannar komu hlaupandi að úr öllum áttum, fylltu dyragættina og göptu af undrun þegar þeir horfðu á nágranna sinn, frú Ohanion sem hafði ekki getað gengið í 17 ár, ganga um stofu sína, meðan hún lofaði Drottin Jesú Krist á móðurmáli sínu armensku.

Bill fór heim spenntur og glaður yfir þessum sýnum, sem voru fyrirboðar slíkra kraftaverka. En spenningur hans minnkaði og brátt breyttist gleðin í ótta. Næsta sýn hans myndi vera allt, allt öðruvísi. Þegar hann hefði lýst henni fyrir forstöðumanninum sínum, yrði hann ráðvilltur af viðbrögðum hans. Þar með hæfust mörg ár í óvissu sem að lokum myndu ljúka upp fyrir honum leyndardómnum að baki furðulegu lífi hans. Leyndardómi, sem átti eftir að hrinda af stað einni mestu lækningaþjónustu sem heimurinn hefur nokkurn tíma séð.



## Eftirmáli höfundar

Fyrir þá lesendur sem langar að fræðast um hve nákvæm frásaga þessarar bókar er, þá vil ég hjálpa þeim með eftirfarandi persónulegum athugasemdum:

Ég gerði fyrsta kaflann leikrænan, með það markmið í huga að þeir lesendur sem aldrei hefðu heyrt William Branham nefndan, kæmust strax inn í söguna. Samtölin í kaflanum eru mínar vangaveltur. Samt sem áður er grundvöllurinn nákvæmur bakgrunnur Ellu Harvey Branham og Charles Branham, allt niður í smáatriði eins og innra og ytra umhverfi kofans, tólgarkertið, sú staðreynd að móðir Charles hafði aldrei á ævi sinni gengið í skóm og að Charles Branham hafði farið til Burkesville til að kaupa nýjan samfesting til heiðurs frumburðinum, allt þetta talaði William Branham sjálfur um þegar hann lýsti þessum atburði fyrir áheyrendum um alla Ameríku.

Eftir fyrsta kaflann, koma flest samtölin frá lýsingum William Branham sjálfs. Á þeim níttján árum sem ræður hans voru teknar upp á segulband, sagði hann sömu sögurnar margoft. Eins og allir þeir sem segja oft sömu söguna, þá bætti hann við og sleppti úr í hvert skipti. Ég safnaði þessum frásögum saman og gerði úr þeim eina nákvæma sögu. Ef þú berð mína sögu saman við frásögu William Branham á einhverjum af þeim spólum sem til eru, þá furðar þig ef til vill á því hvar ég varð mér úti um svona mörg smáatriði. En ef þú finnur alla þá staði í ræðum hans þar sem sagan er sögð, þá munt þú finna öll þessi atriði þar, alveg eins og hann lýsti þeim. Auðvitað segi ég sögurnar í mínum eigin stíl í þessari ævisögu. Fyrir þá sem áhuga hafa á að lesa þessar sögur eins og William Branham sagði þær, er besta leiðin að kaupa geisladisk frá fyrirtækinu Eagle Computing. Þetta er ekki dýrt og leitartíminn er ekki nema um þrjár sekúndur. Ef þú átt ekki tölvu, þá er möguleiki að fá ókeypis bæklinga frá “Voice of God” fyrirtækinu eða “End time message Tabernacle”.

Ef þú finnur ekki eitthvað í ræðum hans, sem ég hef greint frá í bókinni, þá minni ég þig á að ræðurnar eru ekki eina uppspretta mín í heimildaleit minni. Ég notaði líka greinar úr dagblöðum og tímaritum, bækur og frásagnir fólks sem þekkti William Branham persónulega. Til dæmis er sagan um dúfuna sem lenti á dyrahleranum komin frá Henry Branham, frænda William Branham. Móðir hans var ein af konunum sem var viðstödd fæðinguna. Þessi frásaga er í tímaritinu “Only Believe” í ágúst 1988. (1. árgangur, annað hefti, bls. 18)

Sérhver ævisaga, er aðeins kynning á lífi einhvers. Þar sem sérhver ævisöguritari skrifar með sinni hendi, þá endurspeglar frásagan viðhorf hans. Þess vegna eru til yfir 900 ævisögur um Abraham Lincoln. Jafnvel ævisögur eru einnig huglæggar. Þótt Benjamín Franklín hafi ritað eina af vinsælustu sjálfsævisögum í sögu Ameríku, þá hafa einnig verið gefnar út margar ævisögur um hann, síðan hún var gefin út. Þar var margt til frásagnar og frá mörgum sjónarhornum.

Þessi saga endurspeglar eðlilega mitt viðhorf til William Branham. Viðhorf og skilning byggðan á margra ára rannsóknum og bæn. Ég hef reynt að vera trúr staðreyndunum og Heilögum Anda sem var innblásturinn í undraverðu lífi þessa manns. En það er enn margt að læra um reynslu hans og það sem hann kenndi. Þegar þú hefur lokið lestri þessarar ævisögu, er líklega best fyrir þig að fræðast meira af William Branham sjálfum. Hvort sem þú hlustar á ræður hans, eða lest þær með hjálp geisladisks. Það mun verða vel þess virði fyrir þig að eyða tíma og kröftum í að læra meira.

